Ásgeir Trausti og tónlistin
**fólk** 12



Endurkoma
Þú og ég
**tónlist** 42



EDDA BJÖRG FERTUG
**afmæli** 24



**spottið** 10




# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
14. júlí 2012
164. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Djammar einhleypur**

*Ronan Keating segist í viðtali við Fréttablaðið ætla að djamma á Þjóðhátíð.*

**tónlist** 42



**Allt snýst um fugla**

*Berglind Pétursdóttir ætlar að verða fuglafræðingur.*

**krakkar** 28

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Eldvarnir | Fólk | Atvinna






**SKIN OG SKÚRIR** Stjarnan fagnar marki gegn Grindavík á Símamótinu sem nú stendur yfir í Kópavogi. Stúlkurnar í liði Stjörnunnar fögnuðu allar í einu að atvinnumannasið með því að „fljúga“ um völlinn með opinn faðminn. Mótið er fyrir 5., 6. og 7. flokk kvenna. Leikurinn hér að ofan, í 7. flokki A laust eftir hádegi í gær, endaði 2-1 fyrir Stjörnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Réttur uppljóstrara tryggður

**Skoðað verður hvort afnema eigi lögbann vegna væntanlegrar birtingar fjölmiðla. Aukinn réttur opinberra starfsmanna til uppljóstrunar er til skoðunar. Tryggja á vernd heimildarmanna betur en nú er gert.**

**STJÓRNSÝSLA** Stýrihópur þriggja ráðuneyta vinnur nú að endurskoðun laga sem tengjast tjáningar- og upplýsingafrelsi. Meðal þess sem er til skoðunar er hvort afnema eigi heimildir til lögbanns vegna væntanlegar birtingar efnis í fjölmiðlum.

„Krafan um lögbann getur takmarkað tjáningarfrelsið,“ segir Ása Ólafsdóttir, formaður stýrihópsins. „Það verður hins vegar á móti að styrkja rétt þeirra sem verða fyrir meiðandi ummælum.“

Stýrihópurinn hefur skrifað refsiréttarnefnd erindi og velt því upp hvort rétt sé að færa meiðyrðamál úr hegningarlögum og inn í skaðabótalög. Það þýðir að um þau gilda lög um einkamál.

Þá skoðar hópurinn einnig hvernig hægt er að tryggja vernd heimildarmanna sem best og einnig afhjúpenda, eða uppljóstrara. Í því skyni verður skoðað hvort breyta eigi ákvæðum um þagnarskyldu opinberra starfsmanna, þannig að þeir geti komið einhverju því á framfæri sem þeir verða áskynja í starfi sínu.

> Krafan um lögbann getur takmarkað tjáningarfrelsið.
>
> **ÁSA ÓLAFSDÓTTIR**
> FORMAÐUR STÝRIHÓPS VEGNA ENDURSKOÐUNAR LAGA

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir skoðunina brýna. „Það hefur komið á daginn að það var mikil þörf á endurbótum í þessum málaflokki.“

Stýrihópurinn, sem er á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytisins, hefur kallað eftir athugasemdum um málið og rennur frestur til þeirra út 20. ágúst. **- kóp / sjá síðu 6**




## SPURNING DAGSINS



*Siggi, er þessi plata vel í pottinn búin?*

„Klárlega, það er hvergi pottur brotinn í henni.“

Sigurður Hlöðversson útvarpsmaður sendi nýlega frá sér safnplötuna Pottapartý með Sigga Hlö. Platan er fjórða safnplatan sem kemur út í tengslum við útvarpsþátt Sigurðar; Veistu hver ég var?

Atvinnuleysi hefur ekki mælst lægra síðan í nóvember árið 2008, skömmu eftir hrun viðskiptabankanna:

# Atvinnuleysi komið undir fimm prósent

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi mældist 4,8 prósent í júní samkvæmt mælingu Vinnumálastofnunar. Lækkaði hlutfall atvinnulausra á vinnumarkaði um 0,8 prósentustig á milli mánaða sem jafngildir því að atvinnulausum hafi fækkað um ríflega þúsund. Atvinnuleysi hefur ekki mælst minna síðan í nóvember 2008.

Talsverðrar árstíðasveiflu gætir í atvinnuleysistölum og nær mælt atvinnuleysi yfirleitt lágmarki á hverju ári á tímabilinu júní til september. Því er almennt búist við að atvinnuleysi haldist svipað



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

á næstu mánuðum en aukist á ný þegar fer að hausta. Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði á bilinu 4,5 til 4,9 prósent í þessum mánuði. Í júní í fyrra mældist atvinnuleysið 6,7 prósent í sama mánuði í fyrra og 6,6 prósent í júlí sama ár.

Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi í júní 5,5 prósent en 3,5 prósent á landsbyggðinni. Sem fyrr er atvinnuleysi mest á Suðurnesjum, eða 7,5 prósent, og minnst á Norðurlandi vestra þar sem það er aðeins 1,2 prósent. Um 4,3 prósent karla eru atvinnulaus og um 5,3 prósent kvenna. **- mþl**

### Formenn stjórnarflokkanna ánægðir

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, lýstu bæði yfir ánægju sinni með tíðindi gærdagsins. Í tilkynningu sem birtist á vef stjórnarráðsins í gær var eftirfarandi haft eftir Jóhönnu: „Þetta sýnir mikinn kraft í atvinnulífinu og það að við erum á réttri leið – lífskjör fara batnandi og atvinnulífið er á uppleið.“ Þá segir Jóhanna að aðgerðir ríkisvaldsins í atvinnumálum séu að skila sér. Í sama streng tekur Steingrímur sem segir: „Ég er mjög ánægður með þessar tölur fyrir júní. Það sem ég tel vera að sýna sig er að áframhaldandi bati í efnahagslífinu er farinn að skila sér hraðar í lækkun atvinnuleysis.“



**VIÐ KOLKUÓS** Unnið er hörðum höndum að bjarga fornleifum áður en hafið hrifsar þær. MYND/HÓLARANNSÓKNIN

Bjarga fornleifum frá glötun:

## Minjar hverfa í greipar Ægis

**FORNLEIFAR** Brýnt er að auka fjárframlög til fornleifarannsókna svo bjarga megi menjum sem greipar Ægis eru að hrifsa til sín víða um land, segir Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur.

Nú er unnið að því að bjarga fornleifum frá Kolkuósi í Skagafirði áður en þær hverfa í sjó. Á Kolkuósi var höfn, gata og athafnasvæði sem eflaust hafa ráðið miklu um það að Hólar í Hjaltadal voru gerðir að valdamiðstöð og biskupsstóli valinn þar staður. Elstu minjar frá svæðinu eru frá landnámsöld en gatan sem lá eftir tanganum var lögð árið 1104. **- jse**

Fimm milljarða sala til LV:

## Kaupir 14% hlut í Eimskipi

**VIÐSKIPTI Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur gengið frá kaupum á fjórtán prósenta hlut í Eimskipi fyrir tæpa 5,7 milljarða króna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Eimskipi. Samkvæmt því er félagið rúmlega fjörutíu milljarða virði.**

**Stærstu hluthafar Eimskips voru gamli Landsbankinn, með 37 prósenta hlut, og bandaríska fyrirtækið Yucaipa sem átti 32 prósent. Hvort félag um sig selur sjö prósenta hlut og eiga eftir 30,3 og 25,3 prósent í félaginu.**

**Til stendur að skrá Eimskip á markað í haust og segir í tilkynningunni að salan falli vel að þeim áformum. - sh**

# Borgin kaupi Perluna og sýni náttúruminjar

**Viðræður hefjast brátt á milli Reykjavíkurborgar og ríkisvaldsins um að sett verði upp náttúruminjasýning í Perlunni til 10 ára. Borgin mundi þá kaupa Perluna af Orkuveitunni. Borgin vill frest til 1. september til að kanna kaupin.**

**SKIPULAGSMÁL** Borgarráð Reykjavíkur hefur óskað eftir viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið um uppsetningu



DAGUR B. EGGERTSSON

náttúruminjasýningar í Perlunni. Forsendan fyrir því er að borgin kaupi Perluna af Orkuveitunni og leigi ríkinu aðstöðu til sýningar í að minnsta kosti 10 ár.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að nýr kafli hafi hafist í söluferli Perlunnar þegar ljóst var að ekkert tilboðanna var án fyrirvara um breytingar á skipulagi.

„Ein þeirra hugmynda sem sett hefur verið fram í umræðunni er að í Perlunni verði náttúruminjasýning, að minnsta kosti á meðan verið er að marka stefnuna um framtíð Náttúruminjasafns Íslands sem hefur staðið til að reisa í Reykjavík til framtíðar.

Við settum okkur í samband við menntamálaráðuneytið um hvort áhugi væri á að skoða þessa hluti, því það er ekki áhugi af hendi borgarinnar á að kaupa Perluna til þess að eiga húsið og reka veitingastað.“

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir ráðuneytið tilbúið til að kanna þennan möguleika með borginni.

„Við erum reiðubúin að skoða þetta, en það hefur ekki verið ákveðið með formlegum hætti. Borgin mun óska eftir því að við skoðum þetta með þeim og við munum gera það.“

Til stóð að selja Perluna einkaaðilum en Dagur segir að hugmynd um spennandi safn í húsinu sem mundi selja aðgang gæti staðið betur undir rekstri hússins en nú er gert.

Í minnisblaði borgarráðs um málið er tíundað að samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu geri fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar ráð fyrir allt að 500 milljóna króna stofnkostnaði við náttúruminjasýningu í leiguhúsnæði.

„Til skoðunar gæti því komið að Reykjavíkurborg festi kaup á Perlunni en ríkið kostaði sýninguna og greiddi leigu.“

Dagur segir að slík sýning yrði að vera til að minnsta kosti 10 ára. „Það er ljóst að það þyrfti að gera einhverjar breytingar inni í Perlunni og leggja í einhvern stofnkostnað og ég held að það verði ekki gert nema að minnsta kosti til 10 ára. Með því er ekki verið að slá út af borðinu að í framtíðinni muni rísa Náttúruminjasafn í Reykjavík.“

kolbeinn@frettabladid.is



**PERLAN** Starfshópur skipaður fulltrúum Reykjavíkurborgar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins kannar möguleikann á náttúruminjasýningu í Perlunni. Hann á að skila af sér fyrir 1. september. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

> Með því er ekki verið að slá út af borðinu að í framtíðinni muni rísa Náttúruminjasafn í Reykjavík.
>
> **DAGUR B. EGGERTSSON**
> FORMAÐUR BORGARRÁÐS

Úsbeki í 15 ára fangelsi:

## Hugðist myrða Barack Obama

**BANDARÍKIN, AP** Dómstóll í Alabama dæmdi í gær Ulugbek Kodirov, 22 ára úsbeka, í rúmlega fimmtán ára fangelsi fyrir að skipuleggja tilræði við Barack Obama Bandaríkjaforseta.



BARACK OBAMA

Kodirov hóf að undirbúa tilræðið eftir að hann komst í samband við úsbesk hryðjuverkasamtök á netinu. Af því varð aldrei því að hann var handtekinn þegar hann reyndi að kaupa vopn af leynilögreglumanni.

Hann átti allt að þrjátíu ára fangelsisdóm yfir höfði sér en verjandi hans sagði hann hafa snúið við blaðinu og að hann væri alls ekki hættulegur hryðjuverkamaður. **- sh**

Lögbann staðfest með dómi:

## Má ekki heita Hótel Keflavík

**DÓMSMÁL Icelandair má ekki reka hótel í Reykjanesbæ undir nafninu Icelandair Hótel Keflavík. Héraðsdómur Reykjaness staðfesti í gær lögbann sem Sýslumaðurinn í Hafnarfirði lagði við notkuninni í september í fyrra.**

**Eigandi Hótels Keflavíkur, sem hefur verið rekið undir því nafni frá árinu 1986, fór fram á lögbannið. Icelandair mótmælti og sagði orðin í nafninu almenn auðkenni sem vísuðu til staðarheitisins Keflavíkur og þjónustunnar sem veitt væri. Ekki væri hægt að öðlast að þeim vörumerkjarétt.**

**Dómurinn telur hins vegar hættu á ruglingi og að sú ráðstöfun að skeyta orðinu Icelandair framan við nafnið sé engan veginn fullnægjandi aðgreining. - sh**




Héraðsdómur segir rannsókn á máli 68 ára konu ekki tæmandi:

# Sýknuð af ákæru um fjárdrátt

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað fyrrverandi starfsmann Kaupþings af ákæru um fjárdrátt.

Starfsmanninum, 68 ára gamalli konu, var gert að sök að hafa dregið sér fimmtíu milljónir sem voru söluandvirði skuldabréfa og víxla sem konan aðstoðaði seljendur við að gefa út. Konan var kærð árið 2009.

Konan hélt því sjálf fram að hún hefði bara verið að taka féð upp í skuldir, enda hafi hún í raun starfað sem nokkurs konar fjármálastjóri félaganna sem féð átti að renna til og lánað þeim með því að kaupa af þeim verðbréf.

Í niðurstöðu dómsins segir að þessi fullyrðing konunnar fái nokkra stoð í vitnisburði forsvarsmanna félaganna. Auk þess hafi engin rannsókn farið fram á því hvort fé vantaði í sjóði félaganna og bókhald þeirra hafi ekki verið rannsakað nema að hluta til. Rannsókn málsins sé því ekki tæmandi.

Ljóst sé að konan hafi blandað saman fjármunum sínum og viðskiptavina bankans, en gögn um þessi viðskipti séu fátækleg. Ekki sé heldur augljóst hvaðan konan hafi fengið fé til að lána félögunum, en það hafi ekki verið rannsakað sérstaklega. **- sh**

> **50** milljónir sem kona var sökuð um að hafa dregið sér voru til komnar vegna sölu á skuldabréfum og víxlum sem hún kom að sem starfsmaður banka.




**KAUPÞING** Konan blandaði saman fjármunum sínum og viðskiptavina bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


SUMAR ÚTSALA
Hefst í dag kl. 10 um land allt!
20-70%
20%-40% afsláttur
GARÐHÚSGÖGN
SUMARBLÓM OG TRJÁPLÖNTUR
20%-70% afsláttur
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
MIKIÐ ÚRVAL!
50% AFSLÁTTUR
SUMAR BÚSÁHÖLD
20% afsláttur
ÚTIMÁLNING OG VIÐARVÖRN
30%-70% AFSLÁTTUR
GARÐSTYTTUR OG ÚTIPOTTAR
30% AFSLÁTTUR
OUTBACK DRIFTER
Verð áður: 74.900 kr.
Nú: 51.900 kr.
ÞÚ SPARAR 23.000 KR!
20% AFSLÁTTUR
ORF OG SLÁTTUVÉLAR
Worx rafmagnsorf, 450W
Verð áður: 8.995 kr.
Nú: 7.195 kr.
20%-30% AFSLÁTTUR
GARÐLEIKFÖNG OG REIÐHJÓL
GARÐVERKFÆRI Á BRJÁLUÐU VERÐI!
Verð áður: 1.249 kr.
Nú: 999 kr.
Stungu-skófla
Hekkklippur
Verð áður: 5.895 kr.
Nú: 4.690 kr.
Verð áður: 13.995 kr.
Nú: 11.195 kr.
Hand-sláttuvél
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
LÆGSTA LÁGA VERÐ
Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
Gildir til 29. júlí eða á meðan birgðir endast. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

**GENGIÐ 13.07.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,68 | 129,3 |
| Sterlingspund | 198,8 | 199,76 |
| Evra | 157,01 | 157,89 |
| Dönsk króna | 21,106 | 21,23 |
| Norsk króna | 21,11 | 21,234 |
| Sænsk króna | 18,303 | 18,411 |
| Japanskt jen | 1,6236 | 1,633 |
| SDR | 192,98 | 194,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,0518

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vonast til að verðmætaaukning í fiskveiðiafla hjálpi útgerðinni við að ráða betur við veiðigjaldið:

# Mega veiða tæp 200 þúsund tonn af þorski

**SJÁVARÚTVEGUR** Heimilt verður að veiða 195.400 tonn af þorski á fiskveiðiárinu 2012/13. Það er aukning um tæp 20 þúsund tonn, en aflamark á yfirstandandi fiskveiðiári nam 177.000 tonnum. Ákvörðunin er í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar sem kynnt var í síðasta mánuði.

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra sjávarútvegsmála, kynnti í gær ákvörðun sína um heildaraflamark. Hann segist mjög sáttur við niðurstöðuna og sérstaklega það hve þorskstofninn sé í góðu standi. Hann vonast til þess að 250 þúsund tonna markið náist innan tíðar. „Þetta er afrakstur af ströngum ákvörðunum og sýnir árangur þess að hafa sjálfbæra nýtingu í öndvegi.“



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur vonast til að verðmætaaukning á næsta fiskveiðiári nemi um 10 milljörðum króna. „Þetta er veruleg búbót fyrir greinina og á að hjálpa henni að ráða enn betur en ella við veiðigjaldið.“

Ástand ýsustofnsins er slæmt vegna nýliðunarbrests undanfarinna ára. Leyfilegur heildarafli hennar verður 36 þúsund tonn, en var 45 þúsund tonn í fyrra. - kóp

**Heildaraflamark 2012/13**

| Tegund | Lestir | Tegund | Lestir |
|---|---|---|---|
| Þorskur | 195.400 | Skarkoli | 6.500 |
| Gullkarfi | 45.000 | Sandkoli | 800 |
| Djúpkarfi | 10.000 | Keila | 6.400 |
| Ýsa | 36.000 | Langa | 11.500 |
| Ufsi | 50.000 | Þykkvalúra | 1.400 |
| Grálúða | 14.700 | Skötuselur | 1.800 |
| Steinbítur | 8.500 | Langlúra | 1.100 |
| Skrápflúra | 200 | Humar | 1.900 |
| | | Íslensk sumargotssíld | 64.000 |

Þriðji hver nær 90 ára aldri:

## Langlífið mest á grískri eyju

**ERLENT** Íbúar á grísku eyjunni Ikaríu teljast með mestu lífslíkur í heimi. Þar er yfir eitt prósent eyjaskeggja eldri en 90 ára og einn af hverjum þremur getur búist við að geta fagnað níræðu.

Gríski fréttavefurinn Ta Nea greinir frá því að íbúar Ikaríu þakki heilsuhreystina góðri fæðu. Ógrynni af grænmeti er ræktað á eyjunni og ólífuolía óspart notuð. Eyjaskeggjar ganga einnig mikið sem getur verið nokkur þraut þar sem margir búa í bröttum hlíðum. Eins lofa gamalmennin síðdegisblundinn sem skipar nær heilagan sess í hugum eyjaskeggja. - jse



**FISKELDI Í ARNARFIRÐI** Tíu hafa leyfi fyrir fiskeldi í Arnarfirði. MYND/JÓN ÞÓRÐARSON

Áform um laxeldi í Arnarfirði:

## Leyfið skal háð umhverfismati

**SJÁVARÚTVEGUR** Umhverfisráðherra hefur úrskurðað að fyrirhugað laxeldi Arnarlax, sem nýverið fékk rekstrarleyfi fyrir 3.000 tonna laxeldi í Arnarfirði, sé háð umhverfismati.

Í apríl í fyrra hafði Skipulagsstofnun hins vegar ákveðið að laxeldið væri ekki bundið slíku mati. Fjarðarlax, sem einnig er með laxeldi í Arnarfirði, kærði þá ákvörðun Skipulagsstofnunar þar sem Fjarðarlaxmenn töldu að fyrirhugað laxeldi Arnarlax gæti haft sammögnunaráhrif, það er að segja verið ógrun við uppvöxt annarra laxa í firðinum. - jse

# Mestu fjöldamorðin frá upphafi átaka

**Uppreisnarmenn og mannréttindasamtök segja hundruð hafa látist í árásum sýrlenska stjórnarhersins á bæinn Tremseh á fimmtudag. Kofi Annan, sérstakur erindreki SÞ, segist hneykslaður og að nauðsynlegt sé að ofbeldinu linni strax.**

**SÝRLAND, AP** Uppreisnarmenn í Sýrlandi segja að stjórnarherinn hafi drepið á þriðja hundrað manns í bænum Tremseh í Hamahéraði í Sýrlandi á fimmtudag. Ef rétt reynist var gærdagurinn því einn sá blóðugasti í borgarastyrjöldinni í landinu.

Mismunandi fréttir bárust af árásinni í gær, en erfitt er að sannreyna fréttir þar sem erlendir blaðamenn fá ekki að starfa frjálsir í landinu. Uppreisnarmenn segja að stjórnarherinn hafi látið sprengjum rigna yfir bæinn úr lofti og í kjölfarið hafi árásarmenn á vegum stjórnvalda farið inn í bæinn og skotið og stungið fólk til bana.

Yfirmaður eftirlitssveitar Sameinuðu þjóðanna í landinu, Robert Mood, kenndi stjórnvöldum um árásina. Hann sagði fréttamönnum í Damaskus að hópur eftirlitsmanna hefði verið í um fimm kílómetra fjarlægð frá árásinni. Þeir hefðu staðfest sprengjur úr lofti og mikla skothríð og vopnanotkun. Eftirlitsmennirnir 300 sem eru í landinu geta nánast ekkert athafnað sig lengur vegna sívaxandi ofbeldis.

Myndbönd hafa verið sett á netið sem eiga að sýna lík fólks sem var drepið í árásinni á Tremseh. Misjafnt er hversu margir eru sagðir hafa fallið, en margir sem fréttamiðlar hafa rætt við segja töluna yfir 200. Sú tala hafði þó ekki enn verið studd með nafnalistum eða öðru í gærkvöldi.

Mannréttindasamtök sögðu



**FRÁ TREMSEH** Þessi mynd er sögð sýna fórnarlamb árásarinnar í Tremseh á fimmtudag. Um 200 manns féllu að sögn uppreisnarmanna. Stjórnvöld segja mannfallið um 50 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**300** eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi hafa lítið getað athafst vegna þess hversu ofbeldi færist í aukana í landinu.

fjöldann vera 160 manns, þar af tugir uppreisnarmanna.

Stjórnvöld í Damaskus höfðu aðra sögu að segja. Þau segja yfir 50 manns hafa látið lífið þegar stjórnarherinn lenti í átökum við vopnuð gengi hryðjuverkamanna sem hefðu ráðist á þorpsbúa.

Kofi Annan, sérstakur erindreki Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins í málefnum Sýrlands, sagðist hneykslaður á fréttunum af morðunum. Hann sagði gríðarlega brýnt að ofbeldinu og hrottaskapnum linnti.

Talið er að um sextán þúsund manns hafi látið lífið í Sýrlandi frá því að uppreisnin gegn Bashar al-Assad forseta hófst í mars í fyrra. thorunn@frettabladid.is



**KÖTTUR** Umstang fylgir óskilaköttum.

Vilja geyma ketti úr Kópavogi:

## Leiti tilboða í óskilakettina

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Kattavinafélag Íslands vill gera samkomulag við Kópavogsbæ varðandi óskilaketti í bænum.

Á fundi bæjarráðs á fimmtudag lagði Ómar Stefánsson, fulltrúi Framsóknarflokks, hins vegar til að leitað yrði tilboða víðar en frá Kattavinafélaginu vegna geymslu, aflífunar og eyðingu óskilakatta. Bæjarráð vísar erindi Kattavinafélagsins til úrvinnslu hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og óskaði jafnframt eftir því að heilbrigðiseftirlitið setti reglur um gjaldtöku vegna handsömunar og geymslu óskilakatta. - gar

**DÝRAVERNDARMÁL**

### Aflífa þarf hryssu

Aflífa þarf vanhirta hryssu í Austurumdæmi, að því er frá er greint á Vísi.is. Hjörtur Magnason héraðsdýralæknir segir slíka vanrækslu ekkert einsdæmi, tilfellið sé það þriðja sem kemur inn á hans borð í sumar.

**SVEITARFÉLÖG**

### Styrkja líkan af Þorláki ÁR 5

Bæjarráð Ölfuss hefur samþykkt beiðni Árna Johnsen fyrir hönd Þorláksbúðarfélagsins að greiða 300 þúsund króna styrk til gerðar líkans af Þorláki ÁR 5. Skilyrði fyrir styrknum er að líkanið, sem komið verður fyrir í Þorláksbúð við Skálholt, verði merkt sem gjöf frá sveitarfélaginu.

Grillbúðin
5 ára
Afmælistilboð
14. - 21. júlí
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

**VEÐURSPÁ**



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**ÞURRT ÁFRAM**
Með þeirri undantekningu að á morgun gæti rignt um tíma allra austast á landinu lítur út fyrir þurrviðri fram eftir næstu viku og jafnvel lengur. Hiti breytist lítið og vindur verður að mestu leyti hægur nema þar sem hafgolu gætir.




**Á MORGUN**
Strekkingur með A-ströndinni, annars hægur vindur eða hafgola.

**MÁNUDAGUR**
Hægviðri eða hafgola víða um land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 18° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 19° |
| París | 21° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




## Og borgin varð orðlaus. Nýr Yaris Hybrid.

Umferðarljósin stoppa og stara á hann renna hljóðlaust hjá. Stöðumælarnir kyngja klinki af aðdáun meðan bensíndælurnar stinga fingrum í eyrun og láta sem hann sé ekki til. Fimmtán ára þróun Toyota á hybrid-tækninni hefur skilað sér í þessum hljóðláta snillingi, nýjum Yaris Hybrid sem með lágmarksútblæstri (79g/km) og aðeins 3,5 lítrum á hundraðið líður hávaðalaust um stræti og torg.

## Nýr Yaris Hybrid. Sjáðu borgina þagna.

## Verð: 3.490.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

3,5 l /100km SPARAR BENSÍN

Notar aðeins frá 3,5 lítrum
á 100 km í blönduðum akstri.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**KJÖRKASSINN**



*Flokkar þú sorp?*

| | |
|---|---|
| Já | 61% |
| Nei | 39% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fer órækt í Reykjavík í taugarnar á þér?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. vísir

Bæjarstjóri undrandi að oddviti fyrri meirihluta vilji fram úr eigin fjárhagsáætlun:

# Sefur rótt þótt Ármann sé hissa

**SVEITARSTJÓRNIR** Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar, gagnrýndi í bæjarráði Kópavogs á fimmtudag að ekki væri staðið við ákvörðun fyrri meirihluta í bænum um hækkun á framlögum til foreldra barna hjá dagforeldrum.

Fulltrúar meirihlutans svöruðu því til að þeirri upphæð sem væri á fjárhagsáætlun yrði varið í málaflokkinn en Guðríður sagði það algjörlega óeðlilegt þar sem börnin hefðu reynst fleiri en áætlað var. „Sambærilegt því er þegar fjöldi einstaklinga sem nýtur fjárhagsaðstoðar bæjarins verður meiri en ætlað er, þætti þá eðlilegt að lækka framlög til hvers og eins?“ spurði Guðríður.



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri úr Sjálfstæðisflokki, kvaðst þá undrandi á því að Guðríður, sem oddviti fyrrverandi meirihluta, skyldi bóka sérstaklega að farið skyldi fram úr fjárhagsáætlun sem hún stóð sjálf fyrir. „Hvað fjárhagsaðstoðina varðar þá eru sérstök lög þar um og því ekki samanburðarhæft,“ bókaði bæjarstjórinn.

Guðríður svaraði því þá til að ekki væri óeðlilegt að ræða fjárhagsaðstoð í þessu sambandi þar sem það sé ákvörðun sveitarfélaganna hversu há fjárhagsaðstoðin sé. „Annars má Ármann vera hissa fyrir mér – ekki missi ég svefn yfir því,“ sagði Guðríður. **- gar**

Viðskiptaþvingunum aflétt:

# Obama sættist við Búrma á ný

**ERLENT Bandarísk fyrirtæki geta fjárfest í Búrma á ný. Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur aflétt viðskiptaþvingunum á Búrma og segir að umbætur þar síðustu fimmtán mánuði réttlæti það. Pólitískum föngum hefur verið sleppt og stjórnkerfi breytt til lýðræðislegri vegar.**

**Búrma bjó við nær hálfrar aldar herforingjastjórn. Ánægjan er vitanlega gagnkvæm og hefur forseti Búrma hvatt önnur ríki á Vesturlöndum til að fara að fordæmi Bandaríkjamanna. - jse**



**GRAS SLEGIÐ** Sláttartímabilið í Reykjavík er 25. maí til 20. ágúst.

Framlög í grasslátt hækkuðu:

# Grassláttur fyrir 174 milljónir

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Grassláttur gengur samkvæmt áætlun í Reykjavík að því er segir í tilkynningu frá borginni. „Þessa dagana er verið að fara aðra umferð af þremur yfir svæði við umferðargötur og önnur sláttutæk opin svæði.**

**Á fjölförnum stöðum í miðborginni og í skrúðgörðum Reykjavíkurborgar er grasið slegið vikulega allt sumarið,“ segir í tilkynningunni. Þar kemur fram að kostnaður við sláttinn í ár sé áætlaður um 174 milljónir króna.**

**„Fyrir þremur árum var dregið úr slætti vegna breyttrar forgangsröðunar á verkefnum hjá Reykjavíkurborg og sparnaðar, en í ár og í fyrra voru fjárveitingar hækkaðar á ný til að halda uppi þjónustustigi.“ - gar**

29 manns í sértrúarsöfnuði:

# Handtekin fyrir mannát og morð

**PAPÚA NÝJA-GÍNEA, AP** 29 manns hafa verið handteknir í Papúa Nýju-Gíneu, sakaðir um að vera hluti af mannætuhópi. Fólkið hefur verið ákært fyrir morð á sjö mönnum, sem sagðir voru galdralæknar.

Mannætuhópurinn er hluti af sértrúarsöfnuði í innri frumskógum landsins, sem á að hafa borðað heila fórnarlamba sinna hráa og gert súpu úr kynfærum þeirra.

Lögreglustjóri í Madang sagði við dagblað í landinu að fólkið hefði viðurkennt gjörðir sínar en telji ekki að þær hafi verið rangar.

Engar líkamsleifar hafa fundist af fórnarlömbunum. **- þeb**

# Skoða hvort afnema eigi þagnarskyldu hjá ríkinu

**Stýrihópur skoðar hvernig tjáningar- og upplýsingafrelsið verði best verndað. Meðal hugmynda er að afnema þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Einnig hvort meiðyrðamál verði að höfða sem einkamál.**

**STJÓRNSÝSLA** Skoðað verður hvort létta eigi þagnarskyldu opinberra starfsmanna og tryggja betur vernd heimildarmanna. Þetta er á meðal þeirra atriða sem stýrihópur mennta- og menningarmálaráðherra hefur til athugunar, en hann skoðar breytingar á lagaumhverfi til að tryggja betur tjáningar- og upplýsingafrelsi.

Alþingi samþykkti í fyrra þingsályktunartillögu Birgittu Jónsdóttur og fleiri um að Ísland myndi skapa sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Katrín Jakobsdóttir, ráðherra málaflokksins, segir að fyrsta skref í þeim áfanga hafi verið endurskoðun fjölmiðlalaga.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

„Við fórum yfir ný fjölmiðlalög út frá markmiðum tillögunnar og þar voru til að mynda prentlögin innlimuð í fjölmiðlalögin og ákvæðin sem gömlu dómarnir, sem Mannréttindadómstóll Evrópu var að fjalla um á dögunum, byggðu á voru í gömlu prentlögunum.“

Ása Ólafsdóttir, formaður stýrihópsins, segir að fyrsta verk hópsins hafi verið að skrifa refsiréttarnefnd erindi um hvort ekki væri rétt að færa meiðyrðamál úr hegningarlögum og inn í skaðabótalög og afnema refsingu við brotum. Þó fá dæmi séu um refsingu breyti þetta ásýnd þessara mála og þau hverfi úr hegningarlagaumhverfi yfir í einkamálaumhverfi.

Í erindinu kemur fram að Mannréttindadómstóllinn hafi í auknum mæli gagnrýnt notkun refsinga sem úrræðis á þessu sviði. „Það er mikilvægt að við getum sýnt fram á að hafa tekið upplýsingar um ákvörðun um að bótamál og umgjörð utan um meiðyrðalöggjöf séu ekki inni í hegningarlögum heldur í einkarétti. Það er viðhorfsbreyting og stórt skref.“

Þá mun hópurinn skoða hvort tryggja þurfi betur vernd heimildarmanna. Meðal þess sem skoðað verður er hvort draga eigi úr þagnarskyldu hjá opinberum starfsmönnum.

„Við munum kanna hvort breyta eigi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hvort eigi að styrkja vernd afhjúpenda sem vilja koma einhverju á framfæri sem þeir verða áskynja í sinni stjórnsýslu. Það eru skiptar skoðanir um það, en í dag er rík trúnaðarskylda á opinberum starfsmönnum.“ **kolbeinn@frettabladid.is**



**FJÖLMIÐLAR** Katrín Jakobsdóttir segir að við úttekt á vernd tjáningarfrelsis verði ekki síst horft til blaðamennsku hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Atriði sem hópurinn skal skoða

- Vernd heimildarmanna.
- Vernd afhjúpenda.
- Samskiptavernd og vernd milliliða.
- Hvort afnema eigi lögbann vegna væntanlegrar birtingar.
- Málskostnað í málum varðandi tjáningarfrelsi.
- Takmörkun á fullnustu erlendra dómaúrlausna í meiðyrðamálum.
- Vernd gagnagrunna og safna. Hvort skilgreina þurfi útgáfudag nánar þegar efni er endurbirt á vefnum.
- Upplýsingarétt og rétt almennings til aðgengis að skjölum opinberra aðila.
- Rafræna staðfestu fyrir fjölmiðla og samtök sem að öðru leyti hafa starfsemi annars staðar.

> Við munum kanna hvort breyta eigi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hvort eigi að styrkja vernd afhjúpenda sem vilja koma einhverju á framfæri sem þeir verða áskynja í sinni stjórnsýslu.



**ÁSA ÓLAFSDÓTTIR**
FORMAÐUR STARFSHÓPS UM ENDURSKOÐUN LAGA




LÉTT MEÐ GRILLINU
Nýju léttu jógúrtsósurnar frá E. Finnsson eru **frábærar með grillmatnum** og innihalda **einungis 5% fitu**.


Hafrannsóknastofnun rannsakar kalkþörunganámur í Ísafjarðardjúpi:

# Áform um kalkþörungavinnslu

**SJÁVARÚTVEGUR** Kalkþörungafyrirtækin Celtic Sea Minerals og Kalkþörungafélagið, sem nú þegar reka kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal, hafa uppi áform um að starfrækja aðra slíka verksmiðju á norðanverðum Vestfjörðum.

Hafrannsóknastofnun rannsakar í framhaldinu kalkþörunganámur í Ísafjarðardjúpi og verði niðurstaðan jákvæð verður hafist handa við að koma verksmiðju á laggirnar. Að sögn Shirans Þórissonar, verkefnastjóra Vaxtarsamnings Vestfjarða, sem kemur einnig að verkefninu, er óvíst hvort verksmiðjan yrði í Bolungarvík, Ísafjarðarbæ eða Súðavík. „Það mikilvægasta er að þetta mun hafa jákvæð áhrif á þetta atvinnusvæði, það er að segja norðanverða Vestfirði,“ segir Shiran. Ef af verður munu skapast á bilinu tuttugu og fimm til þrjátíu og fimm störf við vinnsluna sem er sambærilegt við verkunina á Bíldudal.



**KALKÞÖRUNGAVERKSMIÐJAN Á BÍLDUDAL** Ef allt gengur að óskum verður slík vinnsla líka á norðanverðum Vestfjörðum innan nokkurra ára. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Shiran segir að rannsóknin geti tekið rúmt ár. „Þetta er langtímaverkefni sem getur orðið að veruleika eftir fjögur til fimm ár ef allt gengur að óskum í rannsóknum, umhverfismati og staðarvalsgreiningum,“ segir hann. „Það er allt í lagi, góðir hlutir gerast hægt.“

Talið er að kalkþörunganámurnar í Ísafjarðardjúpi séu um átta sinnum stærri en þær í Arnarfirði. **- jse**


TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 12.-15. júlí
afnemum við virðisaukaskatt*
af öllum snyrtivörum.
24
Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Eiðistorg & Akureyri
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. júlí 2012.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Í hverju keppa fyrstu tvær konurnar sem Sádi-Arabar leyfa að fara á Ólympíuleikana?
2. Hvað heitir eigandi plötuútgáfunnar Record Records?
3. Hvert er listamannsnafn Sigurðar Hlöðverssonar?

SVÖR

1. Júdó og 800 metra hlaupi.
2. Haraldur Leví Gunnarsson.
3. Siggi Hlö.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, fagnar umræðu um skipulagsmál:

# Alþingi mun skyggja á hótelið

**SKIPULAGSMÁL** Áframhaldandi umræður um Austurvöll eru af hinu góða, en eru þó ekki nýjar af nálinni heldur hefur skipulag þar staðið yfir í 26 ár. Þetta segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, í samtali við Vísi í gær.

Hann fagnar umræðum um málið, en Fréttablaðið greindi frá því í gær að Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, væri andvíg verðlaunatillögunni um hótel á svæðinu. „Við verðum að tryggja það að sýndur verði metnaður við skipulagningu á Landssímareitnum,“ segir Dagur.



DAGUR B. EGGERTSSON

„Í raun er ekki miklu bætt við. Það er fyrst og fremst verið að breyta þeirri starfsemi sem er í þessu húsi. Í staðinn fyrir skrifstofugarðínur í Landssímahúsinu koma hótelgardínur. Og í staðinn fyrir líflausan skrifstofuvegg sem snýr út að Austurvelli er gert ráð fyrir opnum veitingastað á jarðhæð,“ segir Dagur.

Hann furðar sig á áhyggjum Ástu Ragnheiðar af skuggamyndunum á Alþingisreitinn, eins og hún greindi frá í gær, og bendir á að Alþingi sé sjálft með metnaðarfull áform um uppbyggingu á skrifstofuhúsnæði.

„Þessar byggingar sem eru á Landssímareitnum eru norðanmegin við Alþingisreitinn. Þegar sólin skín úr suðri munu nýbyggingarnar sem Alþingi sjálft hefur fengið leyfi fyrir varpa skugga á hótelið, ekki öfugt.“

Þá segir Dagur að opnir fundir verði haldnir í lok ágúst eða byrjun september um málið. **- þeb**

Ungir jafnaðarmenn:

# Minnast voðaverkanna í Útey

**SAMFÉLAGSMÁL** Ungir jafnaðarmenn standa fyrir minningarathöfn vegna voðaverkanna í Útey við Minningarlundinn í Vatnsmýrinni í Reykjavík á morgun.

Þá verður ár liðið frá voðaverkunum í Útey og Ósló þar sem fjölmargir ungliðar úr norska Verkamannaflokknum létu lífið.

Minningarathöfn fer einnig fram í Noregi en Guðrún Jóna Jónsdóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna, verður fulltrúi íslensku samtakanna í minningarathöfn sem haldin verður í Útey. **- ktg**

Smyglarar afhjúpaðir:

# Lúxusjarðgöng fyrir fíkniefni

**MEXÍKÓ** Þrír hafa verið handteknir í kjölfar fundar tveggja vandaðra jarðganga á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Samtímis fundust 14,5 kg af metamfetamíni. Í göngunum er lýsing og loftræsting og er talið að gerð hvorra um sig hafi kostað jafngildi 200 milljóna íslenskra króna.

Inngangur annarra ganganna er undir handlaug í lagerbyggingu í Tijuana í Mexíkó. Inngangur hinna er í fyrirtæki sem framleiðir ís í San Luis Colorado í Mexíkó. Göngin eru á 16 m dýpi, 200 m löng og þiljuð með krossvið. Yfir 150 göng hafa fundist milli Mexíkó og Bandaríkjanna frá 1990, flest einföld og þröng. **- ibs**

Mannabreytingar hjá N1:

# Margrét er formaður stjórnar

**VIÐSKIPTI** Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma hf., hefur verið kjörin formaður stjórnar N1. Margrét hefur setið í stjórn N1 í eitt ár.

Aðrir í stjórn N1 eru Þór Hauksson varaformaður, Helgi Magnússon, Hreinn Jakobsson og Kristín Guðmundsdóttir. Í varastjórn eru Jóhann Hjartarson og Kristinn Pálmason.

Þá hafa orðið forstjóraskipti í fyrirtækinu, Hermann Guðmundsson er hættur og Eggert Benedikt Guðmundsson er sestur í stól forstjóra.

# Stukku til þegar þeir sáu hús nágrannans brenna

**Nágrannar unnu þrekvirki þegar tveggja hæða íbúðarhús brann í Kópavogi í síðustu viku. Þegar annar kom að sprungu rúður og eldtungur stóðu út. Vatn úr heitum potti var meðal þess sem notað var við slökkvistarfið.**

**SLYS** Stundum heyrum við látlausar fréttir um bruna í einbýlishúsum og hvernig slökkviliðinu hafi tekist greiðlega að slökkva eldinn. Stundum vantar þó dramatískan kafla í slíkar fréttir þar sem nágrannar leggja líf og limi að veði.

Þetta var reyndin þegar eldur kom upp í tveggja hæða íbúðarhúsi í Selbrekku í Kópavogi aðfaranótt 6. júlí síðastliðinn. Þegar slökkviliðið kom að höfðu þeir Erlingur Snær Erlingsson og Jón Gunnar Kristinsson þegar ráðið niðurlögum eldsins.



JÓN GUNNAR KRISTINSSON

„Konan mín vakti mig um klukkan hálf þrjú og sagði að það væri hús að brenna skáhallt fyrir neðan okkur,“ rifjar Erlingur Snær upp. Hann brá sér í brók og hljóp út meðan hún hringdi á neyðarlínuna. Þá þegar hafði Jón Gunnar tekið garðslöngu sína og byrjað að buna á eldinn sem var á efri hæð en hægt var að standa þar á sólpalli sem eldtungur náðu ekki til. Þegar Erlingur Snær kom að sprungu rúður og eldurinn endurnærðist af súrefninu sem hann náði þar með í. Þeir vissu ekki hvort einhver væri inni á efri hæðinni en svo reyndist ekki vera. Par var á neðri hæð en það komst út af eigin rammleik. „Þegar ég sé manninn með slönguna fer ég að velta fyrir mér hvernig ég gæti komið að liði svo ég lít í kringum mig og sé þá fljótlega lokaðan heitapott. Ég lyfti lokinu og þar eru þá 800 lítrar af kraftaverki. Þá er það að finna eitthvað til að bera það með en þá sá ég keramikpott með steinum sem ég hvolfdi og þá var ég kominn í gagnið.“

Meðan tvímenningarnir stóðu í ströngu áttuðu þeir sig ekki hvor á öðrum. „Þegar ég er búinn að fara nokkrar ferðir heyri ég hvatningaróp frá manninum með garðslönguna og átta mig þá á því

> Lögreglumaður hrópar „komið ykkur frá, þið eruð í stórhættu,“ en við vorum búnir að sjá árangurinn af þessu hjá okkur svo við sögðum honum bara að koma og leggja okkur lið því þetta væri að klárast og lögregluþjónninn gerði það.
>
> ERLINGUR SNÆR ERLINGSSON



**KOMINN Á KRANANN** Vinnudagurinn eftir slökkvistarfið var erfiður hjá Erlingi Snæ en ljósmyndari náði honum í gær útsofnum, óbrunnum og hressum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að þar er vinur minn Jón Gunnar á ferð,“ segir Erlingur Snær.

Skömmu síðar koma tveir lögregluþjónar á vettvang. „Lögreglumaður hrópar „komið ykkur frá, þið eruð í stórhættu,“ en við vorum búnir að sjá árangurinn af þessu hjá okkur svo við sögðum honum bara að koma og leggja okkur lið því þetta væri að klárast og lögregluþjónninn gerði það.“

Erlingur Snær var sendur undir læknishendur að björgunarstarfi loknu og svaf ekkert um nóttina og segist hafa komið úfinn og þjakaður til vinnu um morguninn. Eigendur íbúðarinnar verðlaunuðu svo tvímenningana með gjafakorti á Hótel Rangá þar sem þeir geta dvalið með spúsum sínum og borðað eins og keisarar. „Það var rausnarlega gert hjá þeim en vænst þótti mér um faðmlagið sem ég fékk og hjartahlýjar þakkirnar,“ segir Erlingur.

**jse@frettabladid.is**


www.volkswagen.is




Volkswagen atvinnubílar

**Góðir vinnufélagar**

Kynning við verslun Bauhaus milli kl. 12-17 í dag laugardag.

**Atvinnubílar**

**Til afgreiðslu strax**

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA




## 10 GB
## Stærsta 3G net landsins
## 500 kr.

Tal kynnir til sögunnar niðurhal á stærsta **3G** neti landsins á áður óþekktu verði. Það þýðir að viðskiptavinir **Tals** sem eru með farsíma í áskrift geta gert ótrúlegustu hluti á netinu á ótrúlegustu stöðum. Jafnvel horft á heilu maraþonin í útilegunni.
Kynntu þér **10 GB** fyrir **500 krónur** í síma **6-123456** eða á **www.tal.is**.




**Svona á samband að vera.**

**Tal er á 3G neti Símans**

ÍSLENSKA / SÍA TAL 59733 07.12

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Forsetinn ætlar í pólitík og þá þarf að umgangast hann eins og stjórnmálamann:

## Ofan af stallinum

Einu sinni þótti í hæsta máta óviðeigandi að gagnrýna orð og gerðir forseta Íslands á opinberum vettvangi. En það var þegar þeir sem forsetaembættinu gegndu lögðu áherzlu á að skapa samstöðu frekar en klofning meðal þjóðarinnar og forðuðust að taka afstöðu til pólitískra deilumála.

Núverandi og nýendurkjörinn forseti, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur hins vegar blandað sér í pólitískar deilur og haldið þannig á embættinu að óhjákvæmilegt er annað en að honum sé svarað og hann gagnrýndur. Hann hefur boðað að á nýju kjörtímabili hyggist hann blanda sér enn frekar í umræður um stór, umdeild mál.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það kemur þess vegna ekki á óvart, þótt það sé vissulega óvenjulegt, að einn af mótframbjóðendum Ólafs til forsetaembættisins í nýafstöðnum kosningum, Ari Trausti Guðmundsson, gagnrýni forsetann harkalega í grein hér í blaðinu fyrr í vikunni. „Hann vill […] taka þátt í umræðu um „stóru málin“ með eindregnar skoðanir, líka með og á móti, ella veit hann ekki að eigin sögn til hvers forsetinn er nýtur. Með þessum hætti blandar hann sér beint sem eins manns stjórnmálaflokkur í umræður í samfélaginu jafnt og á Alþingi enda þótt hann hafi sagt í fyrri sjónvarpsumræðunum að hlutverk forsetans fælist ekki í að blanda sér í umræður á þingi,“ skrifar Ari Trausti. „Sem sagt: Með eða á móti krónunni, með eða á móti aðild að ESB, með eða á móti endurskoðun stjórnarskrár með þessu eða hinu innihaldinu eða á einum eða öðrum tímapunkti, og með eða á móti einhverjum aðgerðum til að auka traust Alþingis.“

Ari bendir á að í þessari viðleitni sinni standi forsetinn ekki á traustum stjórnskipulegum grunni: „Ef vilji er fyrir annars konar forsetaembætti, í líkingu við það franska eða bandaríska, er slíkt áskorun um uppstokkun á stjórnarskránni og tilefni til langrar og vandaðrar vinnu.“

Allt er þetta rétt hjá Ara Trausta. Grein hans er til marks um það aukna aðhald, sem Ólafur Ragnar Grímsson mun sæta á komandi kjörtímabili. Sömuleiðis má spyrja, eins og Guðmundur Steingrímsson alþingismaður gerði strax eftir forsetakosningar, hvernig það aðhald á að fara fram. „Forsetinn getur ekki haft afskipti ofan af stalli af heitustu deilumálum samtímans, talað í vernduðu umhverfi. Ef hann ætlar að lýsa skoðunum sínum á annað borð verður allt annað sem tilheyrir lýðræðislegum skoðanaskiptum og gagnrýnni umræðu að fylgja með. Ergo: Velkominn í pólitík!“ skrifaði Guðmundur þá.

Þetta er umhugsunarefni. Ef forsetinn ætlar að vera þátttakandi í pólitíkinni, getur hann til dæmis ekki bara haldið viðhafnarræður og veitt drottningarviðtöl. Hann getur þurft að una því að við þingsetningu sé honum svarað úr ræðustól þingsins. Hann verður að mæta í umræðuþætti með öðrum stjórnmálamönnum. Hann verður að veita fjölmiðlum greiðari og tíðari aðgang að sér.

Meðal annars í krafti þeirrar virðingar sem forsetaembættið nýtur hefur forsetinn stillt sér upp sem sérstöku aðhaldi með alþingismönnum og ráðherrum, sem njóta lítilla vinsælda og lítils trausts þótt þjóðkjörnir séu, eins og hann. En hvað þýðir aukin þátttaka forsetans í stjórnmálaumræðum? Er hann þá ekki stiginn ofan af stallinum og niður í pólitíska drullupollinn? Og hversu lengi endist virðing forsetaembættisins á þeim stað?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



BÓKABÚÐ FORLAGSINS

Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA
kl. 10–18
OG LAUGARDAGA
kl. 10–14

FORLAGIÐ

Kaffi á könnunni og næg bílastæði




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Eintal um Evrópu



ÞORSTEINN PÁLSSON

Andstæðingar aðildar Íslands að Evrópusambandinu hafa réttilega bent á að umræðan um aðildarumsóknina hefur um nokkra hríð verið eintal þeirra sjálfra. Þeir eyða miklu púðri í sleggjudóma gegn því sem enginn berst fyrir.

Í síðustu kosningum höfðu þrír flokkar aðild á stefnuskrá sinni og fengu meirihluta þingmanna. Þremur árum seinna er Samfylkingin ein um hituna. Forysta flokksins hefur á hinn bóginn algjörlega brugðist í því að standa í pólitískri sókn og vörn fyrir þeirri ákvörðun Alþingis að sækja um aðild. Engu er líkara en aðeins sumir á þeim bæ viti hvers vegna málið er á stefnuskrá.

Við slíkar aðstæður þurfa andstæðingar aðildar ekki að hafa mikið fyrir lífinu. Eðlilega hlakkar í þeim þegar enginn er til að eiga orðastað við. Nú líta þeir svo á að málið sé úr sögunni vegna efnahagsörðugleika sumra evruríkja. Skiljanlega hagnýta aðildarandstæðingar þær aðstæður til hræðsluáróðurs. En eru það gild rök?

Svarið við þeirri spurningu ræðst fyrst og fremst af því hvort menn vilja móta langtímastefnu um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna eða láta hana ráðast af efnahagslegum sviptivindum frá einu misseri til annars.

Eitt er að taka lengri tíma í viðræður um aðild en ella vegna þess vanda sem Evrópusambandið glímir nú við. Annað er að þeir sem segjast nota þessi rök í alvöru gegn aðild eru ekki samkvæmir sjálfum sér nema viðurkenna um leið að Ísland eigi aldrei að vera í skipulögðum félagsskap með þjóðum sem eiga á hættu að lenda í efnahagsörðugleikum.

Talsmenn aðildarandstöðunnar eru því annað hvort einangrunarsinnar eða að nota þessar aðstæður í tímabundnum hræðsluáróðri. Hvorug skýringin er góð fyrir þá; en sú seinni þó skárri.

## Hvaða skjól viljum við?

Fyrir fjórum árum hrundi krónan með gífurlegum afleiðingum fyrir stærstan hluta fyrirtækja og stóran hluta heimila. Fall bankanna dýpkaði þessa kreppu. Tuttugu ára lífskjarabati reyndist froða. Ísland fékk lánafyrirgreiðslu frá nokkrum Evrópusambandsríkjum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Aðeins Írland varði hlutfallslega meiru af peningum skattborgaranna til að aðstoða banka. Ef suðurríki Evrópusambandsins eru brunarústir hvað var þá Ísland?

Hagtölur sýna að Ísland er komið út úr þeirri kreppu sem nú skellur á sumum öðrum Evrópuþjóðum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að við höfum lokað erlent fjármagn inni í landinu með höftum og ríkið gengur í lífeyri landsmanna á lægri vaxtakjörum en mögulegt er að fá á alþjóðlegum mörkuðum. En þetta er bara tímabundin ósjálfbær lausn.

Ríkisstjórnin hefur enga stefnu um að koma Íslandi út úr höftunum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að hún vill það ekki. Efnahagsráðherrann segir að höftin séu skjól. Ætlunin er að halda í þetta skjól af því að hitt er erfiðara að koma þjóðarbúskapnum á þær undirstöður sem þola vinda alþjóðamarkaða. Samfylkingin fylgir honum að málum. Hin hliðin á þeim peningi er að með því útilokar hún aðild að Evrópusambandinu í bráð.

Efnahagsleg hentistefna er tekin fram yfir langtímasjónarmið. Það er skýringin á því að enginn er í pólitískri málsvörn fyrir aðildarumsóknina. Það er ekkert samræmi milli aðildarumsóknarinnar og efnahagsstefnunnar.

## Dýpri þögn

Stjórnarandstöðuflokkarnir tveir hafa sýnt fram á veikleika efnahagsstefnunnar. Verkurinn er hins vegar sá að þeir hafa ekki fremur en ríkisstjórnin sett fram trúverðuga efnahagsáætlun. Þeir taka stundum undir með efnahagsráðherranum um skjólið og vegsama títt hrun krónunnar eins og það hafi verið gæfa en ekki áfall.

Ef hér á að byggja upp þjóðarbúskap með sjálfbærum hætti þarf að efla sparnað en ekki ganga á hann. Íslensk fyrirtæki þurfa að eiga skjól á erlendum mörkuðum fremur en í innlendum höftum. Þjóðir treysta stöðu sína með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi til að ná markmiðum af þessu tagi. Erfiðleikar á öllum helstu markaðssvæðum heimsins gera þörfina fyrir þátttöku í alþjóðasamstarfi meiri en ekki minni.

Aðild að Evrópusambandinu leysir engin mál á átakalausan hátt. Slíkar lausnir eru ekki þessa heims. Á hinn bóginn er sambandið umgjörð og skjól fyrir frjáls viðskipti. Ekkert af markmiðum þess gengur gegn stefnu þeirra flokka sem aðhyllast markaðsbúskap. Þvert á móti er samvinna þjóða forsenda fyrir því að unnt sé að fylgja þeirri stefnu í verki.

Andstæðingar Evrópusambandsaðildar þurfa að svara hvernig þeir hyggjast tryggja pólitíska og efnahagslega hagsmuni Íslands í alþjóðasamfélaginu til lengri tíma. Á að einangra landið? Ef ekki, hver er þá lausnin? Þögnin um þetta er dýpri en hljóðlaus málsvörn Samfylkingarinnar fyrir aðild.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# ÞÚ FÆRÐ MEIRA ÚT ÚR ELDSNEYTINU Á N1

N1 blandar sérstökum fjölvirkum bætiefnum í allt bensín og díselolíu án viðbótarkostnaðar fyrir viðskiptavini. Bætiefnin hreinsa vélina og draga úr mengun auk þess að auka afl bílsins og draga þannig úr eldsneytiskostnaði.

Bætiefnin eru í raun nauðsynleg til að standast ströngustu kröfur helstu bílaframleiðenda heims. Víða um heim er raunar bundið í lög að blanda skuli efnum af þessu tagi í eldsneyti. Aðrar reglur gilda hér á landi og er blöndun bætiefnanna í birgðastöðvum N1 því að eigin frumkvæði með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

*„Bætiefnin í eldsneytinu á N1 skila sér í meira afli og lægri eldsneytiskostnaði.“*

Herbert Herbertsson,
eldsneytisráðgjafi N1.

## Svona virka bætiefnin í eldsneytinu á N1

- Allt að 8% meira afl í vélum m.v. eldsneyti án bætiefna.*
- A.m.k. 3% minni eldsneytiseyðsla, miðað við eldsneyti án bætiefna*
- Minni útblástursmengun
- Vörn gegn tæringu og sliti í eldsneytiskerfi
- Hreinni vél og hreinni smurolía
- Minna kaldræsiglamur og reykur í díselvélum
- Freyðivörn í díselolíu (áfylling fljótlegri og hreinlegri)

*Skv. prófunum þýsku rannsóknarstofunnar APL á 2.0L Daimler-Chrysler bensínvél




WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni



**ÁSGEIR TRAUSTI** Lærði á klassískan gítar frá sjö ára aldri og fannst hann alveg glataður til að byrja með. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tónlistin tók yfir fyrir tilviljun

Lögin Sumargestur og Leyndarmál hafa ómað í eyrum Íslendinga í sumar. Það er tvítugur tónlistarmaður sem á heiðurinn af þeim, **Ásgeir Trausti Einarsson**. Hann sagði ***Sigríði Björgu Tómasdóttur*** frá því hvernig skipuleg áætlun um að sópa til sín Íslandsmeistaratitlum í kraftlyftingum fuðraði upp eftir að hann var hvattur til dáða á tónlistarsviðinu.

Landsmenn kynntust Ásgeiri Trausta Einarssyni í vetur þegar hann söng sig ljúflega inn í hug og hjörtu þeirra í Hljómskálanum. Þar mætti hann og söng lag sitt Sumargestur sem í framhaldinu naut vinsælda. Það var ekkert sérlega stressandi, fannst Ásgeiri, að syngja í einum vinsælasta sjónvarpsþætti landsins. „Nei, það var ekkert sérstaklega erfitt, ég er ekki óvanur að koma fram og þarna sátum við bara og spiluðum auk þess sem ég þurfti nokkuð að einbeita mér að því að muna textann, hann var svo nýr.“

### Innilokunarkennd í bænum

Ásgeir Trausti er tvítugur tónlistarmaður, nýstúdent og mikill áhugamaður um íþróttir. Hann er alinn upp á Laugarbakka í Húnaþingi, skammt frá Hvammstanga, af foreldrum sínum þeim Einari Georg Einarssyni kennara og Pálínu Fanney Skúladóttur kennara og organista ásamt systur sinni Bergþóru, sem er tveimur árum eldri en hann. Þess má geta að Ásgeir á fjögur hálfsystkin en einn bræðra hans er Þorsteinn Einarsson í Hjálmum, sem einmitt spilaði með honum í áðurnefndri Hljómskálaupptöku.

Ásgeir kunni vel við uppvöxtinn á landsbyggðinni en áður en fjölskyldan kom sér fyrir á Laugarbakka hafði hún búið í Hrísey, á Húsavík, í Garðinum og á Reykjum í Hrútafirði. „Fyrst þegar ég flutti í bæinn þá fílaði ég mig ekki hér, fékk eiginlega innilokunarkennd. Ég fór líka um hverja helgi heim. En svo eftir að ég var búinn að vera hér í þrjú ár fór mér að finnast ágætt í Reykjavík. Það var svolítið erfitt að koma sér inn í þetta borgarlíf og stress,“ segir Ásgeir sem lauk í vor stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

### Lá í Nirvana

Tónlist og íþróttir léku stórt hlutverk í uppvexti Ásgeirs Trausta. Hann hóf að læra á gítar sjö ára gamall og íþróttaiðkun hófst um sama leyti. „Ég fór að læra á klassískan gítar og fannst hann alveg glataður satt best að segja. En eftir því sem árin liðu fór maður að sætta sig við þetta og sjá að það var kannski eitthvað vit í þessu gítarnámi. Ég var kannski ekkert sérstaklega duglegur við að æfa mig í klassíkinni til að byrja með, maður var meira að pæla í Nirvanalögum og reyna að pikka þau upp. Kurt Cobain var goðið. Ég fékk Nirvana alveg á heilann sjö ára gamall. Ég og vinur minn vorum alltaf að hlusta á þá og metast um hvor okkar vissi meira um hljómsveitina.“

Foreldrar Ásgeirs leika bæði á hljóðfæri. Móðir hans er organisti og faðir hans leikur á harmoniku og tónlistarlegu uppeldi var vel sinnt. „Þau vildu halda mér við efnið í gítarleiknum, síðustu árin í grunnskóla sótti ég einkatíma til Páls Eyjólfssonar í Reykjavík. Þá var bara ekið þangað á hálfsmánaðarfresti,“ segir Ásgeir sem lauk lokaprófi í gítarleik fyrir ári síðan, þrátt fyrir að hafa ætlað að hætta eftir fjórða stig. „Ég hugsaði alltaf „ég hætti eftir næsta stig“ en svo var ég allt í einu kominn með það sjötta og þá gat maður ekki annað en klárað.“

Lokatónleikarnir voru haldnir á Hvammstanga en Ásgeir Trausti heldur mikilli tryggð við sína heimabyggð, var að vinna með skólanum í vetur við tónlistarkennslu og kenndi á hin ýmsu hljóðfæri, gítar auðvitað en líka bassa og trommur.

> Ég var kannski ekkert sérstaklega duglegur við að æfa mig í klassíkinni til að byrja með, maður var meira að pæla í Nirvanalögum og reyna að pikka þau upp.

„Ég vonast til þess að geta haldið því áfram næsta vetur, það væri mjög fínt með tónlistinni,“ segir Ásgeir sem hefur í nógu að snúast í tengslum við tónlist sína um þessar mundir. „Ég er bæði mikið að spila með hljómsveitinni sem ég er í, The Lovely Lion, og svo er ég líka að koma fram með mitt efni. En ég á eftir að gera meira af því þegar platan Dýrð í dauðaþögn kemur út í ágúst.“ The Lovely Lion tók þátt í Músíktilraunum í vetur og að sögn Ásgeirs er stefnt á plötuútgáfu á næsta ári.

### Ætlaði í kraftlyftingar

Þetta hljómar allt svolítið eins og Ásgeir hafi þaulskipulagt innrás sína í íslenskt tónlistarlíf en því fer fjarri. Raunar var annað á dagskrá hjá Ásgeiri Trausta í ársbyrjun, hann hugðist nefnilega taka upp þráðinn í keppnisíþróttum. „Ég var byrjaður í kraftlyftingum á fullu. Ég er reyndar búinn að vera með lyftingar á heilanum í nokkur ár og ætlaði mér að keppa í kraftlyftingum nú í vor. Ég æfði á hverjum degi og hafði sett mér það markmið að slá Íslandsmet en svo fór tónlistin af stað á fullu og þá gafst ekki lengur tími fyrir lyftingarnar.“

Íþróttir hafa lengi skipað stóran sess hjá Ásgeiri sem var mjög efnilegur spjótkastari og á reyndar enn Íslandsmet í flokki 14 ára unglinga, 63,38 metra. „Ég æfði frjálsar frá sjö ára aldri og reyndar körfubolta líka. Körfuboltinn vék fyrst og svo fór að ég einbeitti ég mér að spjótkastinu, á tímabili langaði mig meira til þess að leggja það fyrir mig en tónlist. En um leið og ég fór að verða góður og slá Íslandsmet þá fór ég líka að meiðast út af ofþjálfun, þetta var raunar mikil meiðslasaga.“

En eitt vetrarkvöld kom góðvinur Ásgeirs í heimsókn, Guðmundur Hólmar Jónsson. Ásgeir spilaði fyrir hann nokkur lög sem féllu í góðan jarðveg og úr varð að hann hringdi í Kidda í Hjálmum að áeggjan Guðmundar. „Ég er alltaf að semja, og hef verið að semja lög síðan ég var lítill. Svo gleymi ég þeim oft um leið. En þarna seint um kvöld hringdi ég sem sagt í Kidda og hann sagði mér bara að koma í heimsókn daginn eftir. Í framhaldinu tókum við upp Sumargest og ég fór í Hljómskálann.“

Auk Sumargests hefur lagið Leyndarmál með Ásgeiri Trausta verið sett í spilun útvarpsstöðvanna við góðar undirtektir. Bæði lögin verða á áðurnefndri breiðskífu Ásgeirs. Þess má geta að textar laganna beggja eru eftir föður Ásgeirs. „Pabbi hefur svo gaman af því að semja og hann hristir textana fram úr erminni,“ segir Ásgeir sem segir foreldra sína fylgjast vel með því sem hann er að gera og hvetja hann óspart áfram.

Spurður hvort hann geti lýst væntanlegri plötu segir Ásgeir hana vera afar fjölbreytilega: „Það eru þarna lög sem svipar til Sumargests, önnur eru elektróskotin, það eru bæði áhrif frá kántrí og sálartónlist.“ Ásgeir segist sjálfur alæta á tónlist. „Ég hef reyndar mikið hlustað á James Blake og Bon Iver undanfarið, hef reyndar verið með mikið æði fyrir honum,“ segir hann að lokum.

# Alltaf lágt verð

**ÖRTREFJAKLÚTUR**
Rauða multi afþurrkunarklútinn er hentugt að nota í lokaumhirðu eftir að lakkið hefur verið bónað. Klúturinn er einstaklega rakadrægur og fjarlægir leifar af vaxi og bóni þannig að lakkið fær skínandi gljáa. Best er að nota klútinn þurran.




**580,-!**

**ALHLIÐA SVAMPUR**
Multi svampurinn er einstaklega vökvadrægur. Hann er með tvær mismunandi hliðar, gráa hliðin er mýkri og er fyrir alhliða þrif en hvíta hliðin er fyrir grófari þrif og hentar á erfið óhreinindi eins og skordýraleifar.




**605,-!**

**GLANSÞVOTTALÖGUR**
1000ML. Þvottalögurinn virkar fljótt og rækilega gegn dæmigerðum vegaóhreinindum. Má nota á allt lakk, málm, gler, plast og gúmmí. Jafnframt má nota þvottalöginn á flísar, postulín og gljábrennt yfirborð.




**820,-!**

**VÍNILGLJÁI OG HREINSIR**
300ML. Vínilgljái og hreinsirinn er hágæða umhirðuefni fyrir plast og gúmmí. Efnið hreinsar, viðheldur og ver plasthluti bílsins innan sem utan. Það smýgur djúpt inn í yfirborðið og veitir virkni innan frá. Efnið ver gegn öllum loftlagsbreytingum og kemur í veg fyrir rafmögnun, lífgar uppá lit og skilur eftir góðan ilm.




**1.190,-!**

**HARD WAX**
500ML. Vaxbónið er þægilegt að vinna með. Bónið myndar skínandi gljáa, dýpkar litinn og veitir langvarandi vörn.




**1.465,-!**

**XTREME FELGUHREINSIR**
750ML. Xtreme felguhreinsirinn er mjög áhrifaríkur og hentar á allar gerðir af ál og stálfelgum. Efnið fjarlægir auðveldlega erfið óhreinindi, svo sem bremsuryk, olíu og gúmmileifar.




**1.520,-!**

**Nilfisk**

**HÁÞRÝSTIDÆLA C115**
- Háþrýstidæla C 115. 3-6 PCA X-TRA
- Hámarksþrýstingur 115 bör
- Hámarksflæði vatns 440 l/klst
- Sambyggður hjólavagn
- 6 m háþrýstislanga.




5 ÁRA BAUHAUS ÁBYRGÐ

**24.995,-!**

Krakkar, Það verða andlitsmálarar í BAUHAUS á laugardaginn frá kl 12-17, og allir krakkar fá ókeypis ís frá Kjörís.

Kids club®



Kjörís

## Nú bónum við bílinn með BAUHAUS®

Í Bauhaus bjóðum við upp á hágæðavörur fyrir bílinn þinn. Laugardaginn 14.júlí frá 12:00 til 17:00 verður fulltrúi frá Sonax í verslun okkar og mun hann aðstoða og fræða gesti við val á bílavörum, einng verður bílaumboðið Hekla með nokkra af bílum sínum til sýnis í versluninni á sama tíma. Komdu og upplifðu stemninguna í BAUHAUS og leyfðu okkur að koma þér á óvart með ótrúlegu vöruúrvali.

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 12. júlí til og með laugardagsins 14. júlí 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

# BAUHAUS®

GÆÐI | ÞJÓNUSTA | GJAFVERÐ | VÖRUÚRVAL

**TILBOÐIN GILDA 12. - 15. JÚLÍ**

## BRAZIL GRÍSAVÖÐVI




-34%

~~ÁÐUR 1.498 KR/KG~~

**989kr/kg**

## LAMBALÆRI FROSIÐ



~~ÁÐUR 1.498 KR/KG~~

**1.198kr/kg**

# netto

Kræsingar & kostakjör

## MYLLU HEIMILISBRAUÐ




-42%

~~ÁÐUR 339 KR/STK~~

**198kr/stk**

## KJÚKLINGUR HEILL FROSINN



~~ÁÐUR 849 KR/KG~~

**696kr/kg**

## CASA FIESTA VÖRUR




**25%afsláttur!**

## FERSKJUR 500 G



-50%

~~ÁÐUR 498 KR/KG~~

**249kr/pk**




# 69.998kr

- 4 ryðfríir brennarar 48.000 BTU
- 1 innfeld gas hliðarhella 12.000 BTU
- Rafstýrður kveikjari
- Postulín grillgrind úr pottastáli, tvískipt
- Hitamælir í loki
- Ryðfrítt stál lok
- Skápur úr stáli
- samlitaður loki ásamt stálhöldum
- 4 hjól - 2 læsanleg
- Slanga og tengi fyrir gaskút

- Álbakki fyrir fitu
- Gaskútur fylgir ekki
- Afhent ósamsett

Golfsett Karla
Cougar Black Cat
**29.998kr**

Golfsett Kvenna
Cougar Black Cat
**29.998kr**

Golfboltar Nitro
+derhúfa, 24stk
**1.998kr**

Golfboltar
30stk ódýrir
**1.998kr**




# Heilt sett

# Fjallkonan átti sér norska systur

**Árið 2004 fundust leifar ríkulega búinnar konu frá víkingaöld. Fundur hennar er einstakur hér á landi en hún bar á sjötta hundrað perla og annað skart. Nú er kominn í ljós annar sambærilegur fornleifafundur í Noregi og áleitnar spurningar hafa vaknað um hverjar konurnar voru. *Svavar Hávarðsson* komst að því að heimildarmynd er í smíðum sem varpar ljósi á einstakan fund.**

Sumarið 2004 fundu tveir Seyðfirðingar tvær bronsnælur í stórgrýtisurð norðan Vestdalsheiðar við Seyðisfjörð. Síðar kom í ljós að þar hvíldi ríkulega búin kona sem hafði borið beinin á tíundu öld. Skartið sem konan bar gerir fundinn einstakan í íslenskri fornleifafræði. Rannsóknir Sigurðar Bergsteinssonar, fornleifafræðings og minjavarðar Norðurlands eystra, hafa nú leitt í ljós að kona sem fannst í víkingagröf í Noregi árið 1954 á margt sameiginlegt með „fjallkonunni“ íslensku.



**FUNDARSTAÐURINN** Afdrepið í urðinni er ekki stórt. Þar fundust líkamsleifar konunnar, nælur og fjöldi perla. Tveimur nælum og perlum hafði hins vegar skolað frá skútanum, niður urðina og í lækinn sem rennur þar fyrir neðan. Því má fullyrða að konan bar mun fleiri perlur en þær sem hafa fundist. MYND/SIGURÐUR BERGSTEINSSON

### ÞRÍBLAÐANÆLAN OG PERLUR SEM FJALLKONAN Á AFRÉTTARSKARÐI BAR



**ÞRÍBLAÐANÆLAN** Nælan, sem var ein af fimm, var steypt úr bronsi og gyllt að framan. Einnig fannst hringprjónn og járnhnífur af algengri gerð. Nælan er ein sinnar gerðar sem hér hefur fundist og aðeins sex á Norðurlöndunum eru sambærilegar. MYND/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS




**PERLUFJÖLD** Alls fundust á sjötta hundrað perla. Flestar voru úr gleri og mjög smáar. Einnig fundust stærri glerperlur, perlur úr bergkristal, rafi og svokölluðu karneóli sem er hálfgegnsær rauðbrúnn glerhallur ættaður frá Indlandsskaga. Karneól var vinsælt skart í fornum menningarríkjum Miðjarðarhafsins og barst þaðan til Evrópu. Glerperlur voru framleiddar víðs vegar um Evrópu á níundu og tíundu öld. MYND/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

### Agnarsmár vegvísir

Það voru þeir Ágúst Borgþórsson og Unnar Sveinlaugsson frá Seyðisfirði sem rákust fyrstir á ummerki um konuna við Afréttarskarð, en í næsta nágrenni lágu fornar gönguleiðir frá Seyðisfirði upp á Hérað og í Loðmundarfjörð. Unnar fann þríblaðanælu þegar þeir klöngruðust yfir urðina en stuttu seinna fann Ágúst það sem reyndist vera brjóstnæla. Við heimkomuna höfðu þeir félagar samband við minjavörð Fornleifaverndar ríkisins á Austurlandi sem samstundis staðfesti grun þeirra félaga að um merkilegar fornminjar væri að ræða. Nælurnar tvær, og aðrar þrjár sem síðar fundust, eru úr bronsi en fjórar þeirra voru gullhúðaðar og skreyttar þráðum úr silfri.

Nokkrum dögum eftir fundinn gengu vísindamenn frá Fornleifavernd og hópur áhugamanna frá Akureyri, Seyðisfirði og Egilsstöðum upp að fundarstaðnum en Ágúst og Unnar vísuðu veginn. Fundarstaðurinn er gróðurlaus urð í 600 til 700 metra hæð yfir sjó. Klukkustundum saman var leitað í urðinni með skipulögðum hætti án árangurs, en þá fannst glerperla undir steini á stærð við títuprjónshaus sem reyndist verða góður vegvísir.

### Fjallkonan

Glerperlan agnarsmáa beindi athygli hópsins að litlum skúta eða holu í kletti rétt ofan við upphaflega fundarstaðinn, en skútinn var að mestu hulinn skriðu. Ákveðið var að hefja uppgröft, þó menn væru vanbúnir tækjum og tólum, enda allra veðra von á heiðinni sem gætu spillt fundarstaðnum frekar en orðið var. Þennan fyrsta dag fundust fleiri nælur og mikill fjöldi af perlum, fjölbreytilegum að lit og lögun.

Rannsókn næstu daga leiddi í ljós leifar mannabeina; höfuðbein, kjálka, tennur, upphandleggsbein, nokkur rifbein og hryggjarliði. Engin bein neðan mittis fundust. Um líkamsleifar konu var að ræða, sem hefur verið 18 til 25 ára þegar hún lét lífið. Hún var uppi á árabilinu 900 til 950. Hún var óvenju ríkulega búin eins og nælurnar fimm eru til marks um. Þær voru vel varðveittar og gæði handverksins áberandi mikil.

„Það sem vakti mesta athygli var hins vegar sá mikli fjöldi perla sem fannst,“ segir Sigurður. „Þær voru á sjötta hundrað, en ummerki á fundarstaðnum benda til að þær hafi verið miklum mun fleiri. Þetta er merkilegt af því að fram til þess tíma höfðu alls fundist 600 perlur á Íslandi.“

### Drottningin

Hluti af rannsóknum Sigurðar, frá því að fjallkonan fannst fyrir austan, hefur verið að kanna hvort eitthvað hliðstætt hafi áður fundist; hvort einhverjar víkingagrafir á Norðurlöndum séu sambærilegar. Sigurður komst að því að nokkur dæmi eru um að fundist hafi grafir þar sem perlur voru allmargar, eða allt að því hundrað að tölu. Ein gröf var þó skýr undantekning þessa; gröf sem fannst á Hagbardsholmen, rétt sunnan við Lófóten í Noregi árið 1954. Samsvörunin felst í því að konan sú, sem er jafnan nefnd „drottningin“ frá Hagbardsholmen, bar um ellefu hundruð perlur auk annarra góðra gripa.

„Perlurnar tengja leifar þessara tveggja kvenna saman og einnig hversu ríkmannlega þær voru búnar að öðru leyti. Eins sú staðreynd að þær voru uppi á sama tíma. Þetta er sá þráður sem ég er að eltast við,“ segir Sigurður.

### Kenningar

En hverjar voru þessar konur? Hvaða ályktanir er óhætt að draga út frá því sem vitað er í dag?

„Það sem ég er að gæla við er að þær hafi verið seiðkonur eða völvur. Það er lýsing á seiðkonu, eða spákonu, í Eiríks sögu rauða sem hét Þorbjörg lítilvölva. Það er margt í þeirri lýsingu sem er kunnuglegt,“ segir Sigurður. „Þá sérstaklega að hún bar fjölmargar perlur, en hafa ber í huga að sú lýsing var skrifuð á 13. öld og tískustraumar þess tíma hafa örugglega smitast inn í frásögnina hvað margt annað varðar.“

Sigurður segir eðlilegt að álykta að konurnar hafi haft háa stöðu í þjóðfélaginu, en perlurnar benda til þess að ekki sé um venjulegar höfðingjakonur að ræða. Perluskrautið sé stöðutákn og staða þeirra í samfélaginu beri að skoðast í því ljósi. Vitneskja um seiðkonur, eða völvur, er hins vegar af skornum skammti, og er aðallega að finna í rituðum heimildum frá 13. og 14. öld. Þær segja okkur nokkuð en ljóst er að hlutverk þeirra var að segja fyrir um óorðna hluti, enda var ásatrúin seiðmannstrú.

Það sem vitað er um fjallkonuna íslensku er að hún var ung að árum. Hún ólst ekki upp á Íslandi, samkvæmt rannsóknum á efnasamsetningu í tönnum hennar. Eins að hún bar beinin ein, en engin ummerki hafa fundist um hugsanlegt föruneyti hennar þrátt fyrir leit, sem er merkilegt. Að sögn Sigurðar hefði kona af höfðingjaættum ekki ferðast ein; það var hættulegt og stöðu sinnar vegna hefði hún þurft þjónustulið. Eins má gera ráð fyrir því að lík hennar hefði verið sótt hefðu menn vitað til ferða hennar á þessum slóðum, hvað þá ef menn hefðu vitað hvar hún lést, segir Sigurður.

### Getgátur

„Allt eru þetta tilgátur, og ekkert hægt að sanna. En þetta er svo sérstakt að mér finnst að við verðum að leita skýringa. Konan í Noregi fannst í grafreit, og var ríkulegast búin þeirra sem þar fundust. En hún var samt ekki jörðuð með öðrum sem þar voru heldur í útjaðri grafreitsins. Þetta ýtir undir sérstöðu hennar í samfélaginu, og þeirra beggja raunar,“ segir Sigurður. „Ef konurnar hafa verið seiðkonur, gæti það skýrt hvers vegna konan við Seyðisfjörð var ein á ferð og jafnvel einnig að hennar hafi ekki verið leitað, þar sem hún átti ef til vill ekki fjölskyldu hér og menn hafi jafnvel borið fyrir henni óttablandna virðingu. Menn hafi því ekki viljað blanda sér í hennar mál, jafnvel ekki eftir dauða hennar.“

Sigurður bætir við að um allt land sé að finna sagnir um völvur og jafnvel staði þar sem sagt er að séu völvuleiði. Hvergi er þetta þó eins algengt og einmitt á Austfjörðum.

### Drottning og Fjallkona í mynd

Allar þessar spekúlasjónir eru efni heimildarmyndar sem Ljósop ehf. er að vinna að í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins og Þjóðminjasafnið. Við gerð myndarinnar fóru Guðbergur Davíðsson kvikmyndagerðarmaður og Sigurður til Norður-Noregs og skoðuðu þar gripi drottningarinnar frá Hagbardsholmen á minjasafninu í Tromsø og skoðuðu grafreitinn og minjar frá 10. öld þar í grennd. Í ferðinni nutu þeir leiðsagnar norskra fornleifafræðinga og staðkunnugra áhugamanna á svæðinu. Gert er ráð fyrir að heimildarmyndin verði tilbúin til sýningar á vetri komanda, en hún verður sýnd á RÚV.




siminn.is | #meiraisland

Síminn









**1. Borðstofan** Á neðri hæðinni er þessi huggulega stofa en eldhúsið er ekki bara notað fyrir eldamennsku heldur líka smíðar.

**2. Hurð í Mjölni** Einn af nýlegum smíðisgripum Erlends er hurð í líkamsræktarstöðinni Mjölni sem dóttir hans og tengdasonur eiga.

**3. Kósýhorn** Þetta hlýlega horn er í holinu á efri hæð.

**4. Við Valþjófsstaðaborðið** „Ég fór í Iðnskólann og Handíðaskólann, sýndi verk með Súmurum, ungum myndlistarmönnum á Skólavörðuholti.“

**5. Sjónvarpshægindi** Öll húsgögn bera hagleik húsbóndans vitni.

# Byggt upp úr brunarústum

**Erlendur Finnbogi Magnússon** er einn reyndasti hönnuður og handverksmaður landsins og verk hans má sjá víða. *Gunnþóra Gunnarsdóttir* og *Gunnar V. Andrésson ljósmyndari* heimsóttu þennan hagleiksmann á vesturbakka Blöndu.

Erlendur Magnússon er að koma úr sundi á hjólinu sínu þegar blaðamaður og ljósmyndari renna í hlað. Húsið hans er elsta íbúðarhús Blönduóss og útskorinn gluggaumbúnaður og skúlptúrar í garðinum eru til vitnis um áhugamál húsbóndans. Það eru einmitt áhugamál hans og iðja sem okkur langar að mynda og segja frá. En honum liggur mikið á hjarta.

### Burt með 25 tonn af brunnu efni

„Þetta hús brann árið 1999 og var búið að standa brunnið í fjögur ár þegar ég keypti það 2003. Ég var að leita mér að lóð undir höggmyndagarð og leist vel á þessa en þá fylgdi henni brunarúst. Ég keyrði burt 25 tonn af brunnu efni innan úr húsinu og hreinsaði upp þá burðarviði sem eftir stóðu en húsið hékk uppi á þeim og góðri múrhúð sem hafði verið sett utan á það 1940. Áður en ég keypti var mér sagt að ég mætti byggja hér vinnustofu en þegar ég var búinn að byggja upp var ég svikinn. Ég má ekki hafa vinnustofu á lóðinni, ekki heitan pott, ekki fuglaskoðunarhús, ekki neitt. Nú snýst allt um að ná lóðinni af mér en hún er búin að fylgja þessu elsta íbúðarhúsi bæjarins í 130 ár. Eftir að ég var búinn að endurbyggja húsið vildu bæjaryfirvöld viðhalda því eins og það hafði verið. Ég tók enga opinbera styrki og var ekkert í sambandi við Húsafriðunarnefnd en ég gæti fengið styrki ef ég bryti allt utan af húsinu, klæddi það innan með gifsi og tæki kvistinn af. Þetta er eins og ljótur fótboltaleikur, hrindingar og spark í bakið og ef maður kallar á dómarann þá er manni vísað af velli.“

### Allt útskorið

Að svo mæltu býður Erlendur í bæinn. Þar er margt að skoða. Inn eftir ganginum tekur hvert útskorna listaverkið við af öðru. „Ég kalla þetta ekki listaverk og signera þau aldrei. Þetta eru bara




**BRIMSLÓÐ** Erlendur vinnur ekki bara úr tré heldur líka járni eins og ýmsir skúlptúrar á lóðinni bera vott um. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég tók enga opinbera styrki og var ekkert í sambandi við Húsafriðunarnefnd en ég gæti fengið styrki ef ég bryti allt utan af húsinu, klæddi það innan með gifsi og tæki kvistinn af. Þetta er eins og ljótur fótboltaleikur, hrindingar og spark í bakið og ef maður kallar á dómarann þá er manni vísað af velli.



3



4



5

hlutir sem tilheyra lífinu, það þarf ekkert að eyrnamerkja þá,“ segir smiðurinn kæruleysislega. Spurður hvort hann sé alltaf að, svarar hann í álíka tón. „Nei, ég er blóðlatur.“

Á efri hæðinni hefur Erlendur útbúið svalir, bókaherbergi og barnaherbergi með litlum lokrekkjum og ótal haganlegum hlutum. „Ég á sex börn og sex barnabörn og þetta er fyrir þau. Svo á ég eftir að ganga frá ýmsu,“ segir hann og sest í stól í einu herberginu. Fyrir framan hann er hringborð með eftirlíkingu af mynstri Valþjófsstaðahurðarinnar. Hér fæst hann til að segja aðeins frá sjálfum sér.

„Smíðaáhuginn hefur fylgt mér frá því í gagnfræðaskóla. Pabbi var bátasmiður á Akranesi. Hann smíðaði sér fyrstu frambyggðu trilluna á landinu, þess vegna fékk hann nafnið Magnús frambyggði. Ég fór á sjóinn með honum á þeirri trillu. Svo fór ég í smíðanám hjá honum þegar ég var sextán ára og hef verið við smíðarnar síðan. Fór í Iðnskólann og Handíðaskólann, sýndi með Súmurum, ungum myndlistarmönnum á Skólavörðuholti, Hauki Dór og fleirum, seldi Reykjavík meira að segja eitt verk. Var líka að selja listskreytingar í skóla en það var ekki hægt að lifa á því svo ég fór að byggja hús, teikna og byggja hús, fyrst sumarbústaði, svo veitingahús og fleira. Byggði húsin við Geysi, teiknaði Fjörukrána í Hafnarfirði og skar út fyrir Braga í Eden. Á þessu lifði ég og með þessu gat ég fengið að búa til skreytingar því ég fékk víða lausan tauminn. Svo ákvað ég að hætta að nenna þessu og keypti hér 2003.“

**Faðir Ágústu Evu**

Erlendur er sonur Laufeyjar Jakobsdóttur, „ömmunnar í Grjótaþorpinu“ sem þekkt var fyrir sína baráttu fyrir lítilmagnann. Hann á líka fræga dóttur, leikkonuna Ágústu Evu. Eins og fram kemur hér að ofan er hann í góðu sambandi við börnin sín og barnabörn og þau eru aufúsugestir hjá honum í Brimslóð.

„Vesturbakkinn hér á Blönduósi er ábyggilega rólegasti bær á landinu,“ segir hann. „Hér býr friðsælt og gott fólk. Svo er ég með kött en hann er alltaf á barnum. Það eru þrír barir hér á vesturbakkanum og hann er kominn með sérdisk á einum þeirra!“





Allt innifalið – hálft fæði – gisting í íbúð eða bara flug

Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin til Mallorca í sumar

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Mallorca 24. júlí í 14 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.



Verð kr. 34.950

Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 24. júlí í 14 nætur. Netverð á mann. Verð áður kr. 69.900.

Verðdæmi fyrir flug og gistingu:

Kr. 75.950

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn á Cala D'Or Park 24. júlí í 14 nætur. Verð á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi kr. 124.950 í 14 nætur.

Hotel TRH Jardin Del Mar
Frá kr. 83.850 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Verð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 143.650 á mann. 24. júlí í 2 vikur. Aukagjald fyrir hálft fæði kr. 30.400 fyrir fullorðinn og 7.600 krónur fyrir barn.

Club Martha´s
Frá kr. 128.850 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í studio íbúð.

Hotel Amazonas
Frá kr. 139.950 í 2 vikur með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og barn, 2-11 ára, í herbergi. Verð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 159.950 á mann með allt innifalið. 24. júlí í 2 vikur.



ENNEMM / SÍA • NM52956 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

## GRILL OG GAMAN



Húnavaka, hin árlega bæjarhátíð á Blönduósi, hefst á fimmtudag. Á miðvikudag eru bæjarbúar hins vegar hvattir til þess að skreyta bæinn hátt og lágt. Hátíðin er sett fyrir framan Hafíssetrið klukkan hálfsjö og svo er blásið til heljarinnar grillveislu þar sem veislugestir leggja til kjöt- og eftirréttahlaðborðs með sama sniði. Um kvöldið er svo leikjakvöld í gamla bænum. Á föstudag hefst dagskráin klukkan hálfeitt með töfranámskeiði, fyrirtæki opna hús sín og bjóða í grill, þá er diskó um kvöldið svo fátt eitt sé nefnt. Á laugardegi er sömuleiðis dagskrá allan daginn. Meðal þess sem efnt verður til er fiskisúpukeppni í kvennaskólanum og útimarkaður við Félagsheimilið. Um kvöldið verður kvöldvaka í Fagrahvammi og dansleikur í Félagsheimilinu. Nánari upplýsingar um hátíðina er að finna á vefnum huni.is.

## BYLGJULESTIN

Bylgjulestin verður á ferðinni í sumar eins og undanfarin sumur. Næsti áfangastaður er Blönduós en þar verður vaktin staðin á Húnavöku. Hemmi Gunn er lestarstjóri Bylgjulestarinnar og honum við hlið er hin fjöruga Svansí. Þau stýra þættinum Ævintýraeyjunni á Bylgjunni á laugardögum milli kl. 13 og 16 en að þessu sinni hrekkur lestin í gang þegar á föstudeginum. Í Bylgjulestinni er hljóðnemum beint að fólkinu sem býr í bænum, fólkinu sem er að ferðast um landið og kíkir í heimsókn og reynt að koma stemningunni til allra hinna sem eiga ekki heimangengt.


VINSÆLASTA KORTABÓK ÍSLANDS

ný og endurbætt

60 landshlutakort og 40 þéttbýliskort




UPPLÝSINGAR UM
- sundlaugar
- söfn
- tjaldsvæði
- golfvelli
- fuglaskoðunarstaði

Ítarleg nafnaskrá

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu




# Veiði og vinalegt náttúrufar

Á **Blönduósi** og í næsta nágrenni er margt að sjá. Svæðið er rómað fyrir fjölmörg tækifæri til veiðimennsku, fagra náttúru og svo er ýmiss konar afþreying í boði í bænum. Fréttablaðið heldur áfram för um landið.




### 1. Bærinn við Blönduós

Stærsti þéttbýlisstaðurinn við Húnaflóa státar af margvíslegri afþreyingu fyrir ferðalanga. Sem dæmi má nefna söfnin á Blönduósi, Hafíssetrið, Laxasetur Íslands og Textílsetur Íslands. Ferðalangar verða heldur ekki sviknir af sundlaugarferð eða túr á golfvöllinn.

### 2. Hrútey

Ugglaust eru margir sem oft hafa ekið í gegnum Blönduós án þess að veita Hrútey athygli. Eyjan sú er í Blöndu og blasir við úr bænum. Göngubrú liggur yfir í hana sunnanverða. Hún er gróðurvaxin og falleg og tilvalinn áningarstaður í lautartúr því þar eru bæði bekkir og borð.

### 3. Hópið

Húnavatnssýslur eru paradís íslenskra stangveiðimanna, víða er hægt að veiða og þar á meðal í fimmta stærsta stöðuvatni landsins, Hópinu. Veiði er heimil í öllu vatninu og Veiðikortið gefur aðgang að því. Oft veiðist best fram í miðjan júlí í vatninu en sjóbirting er fínt að veiða fram í september.
Fyrir utan hann veiðist bleikja og lax í Hópinu enda gengur mikið af laxi í gegnum Hópið í Víðidalsá og Gljúfurá. Þess má geta að Hvítserkur og Borgarvirki eru í nágrenninu, bæði staðir sem vert er að skoða og svo er aldrei að vita nema ferðalangar sjái seli við ströndina.

### 4. Vatnsdalur

Grösugur og búsældarlegur dalur sem gaman er að skoða. Hér skal sérstaklega bent á Kattaraugu, alldjúpan pytt neðan vegarins í landi Kornsár. Í pyttinum er verulega óvenjulegt náttúrufyrirbrigði; tvær fljótandi smáeyjar og er svæðið friðlýst. Upplýsingaskilti náttúruverndarráðs hafa verið sett upp við tjörnina.

### 5. Þingeyrarkirkja

Ein merkasta kirkja landsins að gerð og sögu var byggð á árunum 1864-1877, og vígð 9. september árið 1877. Kirkjan er byggð í rómverskum stíl með tæplega eins metra þykkum veggjum. Í loftinu eiga að vera 1000 gylltar stjörnur og sömuleiðis eiga gluggar kirkjunnar að vera 1000 smáar rúður. Hún tekur nokkuð yfir 100 manns í sæti.

### 6. Spákonufell

Þægileg ganga er á bæjarfjall nágrannabæjar Blönduóss, Skagastrandar. Spákonufellið er 639 metrar á hæð og af því er gott útsýni yfir Húnaflóa og fjöllin þar um kring. Nokkrar leiðir eru á fjallið en algengust er svokölluð norðurleið. Þá er lagt upp örskammt frá golfskála Golfklúbbs Skagastrandar en þar má finna skilti með korti af gönguleiðum á Spákonufell.

heimild: www.northwest.is





# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**



**79**

**COCA COLA**
33 cl



~~Verð áður: kr 69.999~~

**39.990**

KETER **GARÐSETT**
Borð, 2ja sæta sófi og tveir stólar



**69**

**GOS - 33 CL**
Coca Cola Light, Coca Cola Zero, Fanta og Sprite Zero



exido

**5990**

**TVÖFALT VÖFFLUJÁRN**
1200 W
~~Verð áður: kr 8999~~



**2290**

**ÞVOTTAGRIND**
~~Verð áður: kr 2999~~



**9990**

BLACK & DECKER **HÁÞRÝSTIDÆLA**
100 bör, 1300 W
3ja metra slanga
Með fylgihlutum



**3990**

**BÓNVÉL**
110 W, 210 mm
Bónklútar, kr 699



**1290**

**PLASTKASSI**
59x40x38 cm
Fleiri litir



frá **3990**

IGO **FERÐATÖSKUR HARD I GO**
Léttar og sterkar töskur á tveimur hjólum

H:44 cm. ~~Verð áður: kr 5490.~~ NÚ: KR 3990
H:53 cm. ~~Verð áður: kr 7990.~~ NÚ: KR 5990
H:64 cm. ~~Verð áður: kr 9990.~~ NÚ: KR 8990
H:68 cm. ~~Verð áður: kr 10.990.~~ NÚ: KR 9990



**1390**

**SILKIBLÓM**

# Krossgáta

**Lárétt**

**1.** Ógnum með kyrrviðri og kossum (10)
**6.** Þeir óðu eru frjálsir en svívirðilegir (9)
**10.** Grefst fyrir um hluta björgunarsveita (12)
**11.** Ræð við róleg, enda framsýn (7)
**13.** Fljót verður og vex (7)
**14.** Úrvalsklíkan tryggir framboðsréttinn (10)
**15.** Stúkulappar vilja stilltar stúlkur (10)
**17.** Iðnu nemarnir lesa um belju, háaloft og annir (11)
**20.** Gums og guðfaðir gefa gin eða kjaftforan sjónvarpskokk (6)
**21.** Rífleg renna í dansinn (7)
**24.** Tón temur, eru það börn? (6)
**27.** Meyjamerki boðar kynlegt hátterni karla (9)
**29.** Hraðfæðing og læti (6)
**30.** Málsháttur er talsmáti og tölugerð (8)
**31.** Kynfruma og rok mynda beitt orð (9)
**33.** Brunaklukka er svaka súr (6)
**36.** Marri kaus áverka (8)
**38.** Reyklaus fær óveðursleyfi (8)
**39.** Sé skussa leita raufa (6)
**40.** Sá natni öðlast leikni (8)
**41.** Leysir úr flækju borgar (7)
**43.** Á þessum bæ er gröf við gröf (6)
**44.** Dásömuð kom að er þess var óskað (8)
**45.** Miðlungshreyfing er lausnin (7)
**46.** Æla svona tertu sannar komu geimvera (6)

**Lóðrétt**

**1.** Dans og tafl boða kúlur og kjuða (8)
**2.** Guð lími för með fallegum (10)
**3.** Lið dreifbýlisins verst árás stríðsflokkanna (12)
**4.** Andlegur leiðtogi Makka og Pésa (9)
**5.** Kyrrð hjá frekri og latri (8)
**6.** Vaða bein með nál í æð (7)
**7.** Þjáðumst sem börn með flokksæsku (8)
**8.** Hoppi grúppa yfir reipi (9)
**9.** Vélar fyrir stormker (6)
**12.** Nefni dráttinn séra doktor magister (10)
**16.** Er pláneta sár eða áll milli lands og eyja? (9)
**18.** Þúfa geymir safn í Örlygshöfn (7)
**19.** Sníkillinn snertir ótal lög (12)
**22.** Fiskveiðibransi drepur að innan (7)
**23.** Má nefna forboðnu frídagana tabúið? (11)
**25.** Mánaðarveigar fyrir hvali og nagdýr (7)
**26.** Gæsi með guðs hjálp (4)
**28.** Festa og fjarlægja (4)
**29.** Ruglað mengi kóra og lygara (9)
**32.** Mjaka viðbiti segir sá ofurþykki (7)
**34.** Fyrst spark, glefsa svo í þann sem tefur (7)
**35.** Geri varg tímans úr mýflugu (7)
**37.** Kassi ber ávexti kryddviðar (6)
**38.** Beygjum með beygjum (5)
**42.** Ölduskafl er þrep og sveifla (3)





Lausnarorð síðustu viku var
**HEIMAKLETTUR**

FORLAGIÐ

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Dauðadjúp frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hanna Lilja Guðleifsdóttir, Reykjavík,** og getur hún vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.




## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist niðrandi orð um kærkomna sumargesti. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 18. júlí næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „14. júlí“.






**Í ÞÁ TÍÐ:** Árið 1881

# „Billy the Kid“ veginn á æsilegum flótta undan réttvísinni

**Pat Garrett skaut útlagann annálaða William H. Bonney, Billy the Kid, sem var á flótta undan réttvísinni eftir fjölda manndrápa í Villta vestrinu.**

Á þessum degi fyrir réttu 131 ári, hinn 14. júlí árið 1881, féll vígamaðurinn William H. Bonney, betur þekktur sem Billy the Kid (eða Billi barnungi fyrir lesendum bókanna um Lukku-Láka).

Billy fæddist í New York borg, einhvern tíma í kringum 1860. Hann hafði þrátt fyrir ungan aldur getið sér orð sem einn kaldrifjaðasti byssumaður í villta vestrinu.

Fyrsti maðurinn sem féll fyrir hendi hans var járnsmiður nokkur sem úthúðaði piltinum á krá.

Vígaferill Billys hófst fyrir alvöru ári síðar, árið 1878 þegar hann og félagar hans stóðu fyrir morðinu á lögreglustjóra nokkrum sem Billy taldi að hefði staðið fyrir morðinu á John Tunstall, vinnuveitanda og vini Billys. Sögur herma að Billy hafi þá þegar haft sautján líf á samviskunni, einungis 18 ára gamall. Það er þó nokkrum vafa undirorpið og líklegra talið að hann hafi á ferli sínum drepið níu menn.

Eftir að hafa verið á flótta um nokkurra mánaða skeið gaf Billy sig fram við lögreglu, en ríkisstjóri hafði áður gefið í skyn að honum yrði hlíft við dauðadómi.

Þegar Billy varð síðar ljóst að ríkisstjórinn ætlaði ekki að standa við það, flúði hann úr prísundinni.

Lögreglustjórinn Pat Garrett stýrði umfangsmikilli leit þar sem Billy og klíka hans voru á endanum umkringdir og gáfust upp. Billy var dæmdur til dauða og við uppkvaðninguna sagði dómarinn að hann yrði hengdur þar til hann væri „dauður, dauður, dauður!“ Billy svaraði því til að dómarinn mætti sjálfur „fara til helvítis, helvítis, helvítis“.

Tveimur vikum áður en aftakan átti að fara fram, flúði Billy á ný og drap tvo fangaverði á flóttanum.

Garrett fór aftur á stúfana og þremur mánuðum síðar hafði hann uppi á Billy, sem var í felum hjá vinafólki. Garrett komst inn í vistarverur Billys og beið þar í myrkrinu. Flóttamaðurinn var grandalaus þegar hann gekk síðar inn í herbergið og Garrett skaut hann til bana um leið. Garrett var ekki kærður fyrir drápið enda var Billy útlagi.



**ÚTLAGINN** Billy the Kid var skotinn til bana fyrir 131 ári.

Goðsögn Billys hefur lifað góðu lífi frá dauða hans, ekki síst þar sem Garrett sjálfur ritaði ævisögu hans.

Skemmtilegar útfærslur hafa þó gengið um afdrif Billys og hermir ein þeirra að Billy og Garrett hafi verið vinir. Vel þekkt kvikmynd var gerð um þeirra samband þar sem tónlist Bobs Dylan var í einu aðalhlutverkanna. Önnur saga segir að Billy hafi alls ekki verið drepinn heldur hafi hann lifað undir öðru nafni til ársins 1950.

**- þj**

*Heimildir: History.com, Britannica.com og Vísindavefur HÍ*

# ELDVARNIR &ÖRYGGISBÚNAÐUR

**Kynningarblað** Öryggiskerfi, sinueldar, stórbrunar, eldur í fatnaði, sumarhúsum og ferðahýsum.



# Eldvarnir eru lífsnauðsynlegar

Reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnarteppi eru allt tæki sem geta komið í veg fyrir stórtjón.

Eldur og reykur eru ein mesta ógn sem getur steðjað að fólki á heimilum þess. Eldur getur valdið stórtjóni á íbúðum og innanstokksmunum og í verstu tilfellunum verður fólk fyrir miklu heilsutjóni og týnir jafnvel lífi. Því er afskaplega mikilvægt að gera allt sem hægt er til að minnka líkur á að eldur kvikni. Ef svo illa vill til að kviknar í er nauðsynlegt að hafa eldvarnir í lagi. Eldvarnir miða fyrst og fremst að því að tryggja líf og heilsu fólks. Í öðru lagi geta eldvarnir dregið verulega úr tjóni á eignum.

Eitt mikilvægasta eldvarnartækið er reykskynjari. „Reykskynjarar eru lífsnauðsynlegir. Það er margsannað að þeir eru ódýr lífs- og eignavernd. Því fleiri reykskynjarar sem eru á heimilinu því betra,“ segir Ólafur R. Magnússon, deildarstjóri á forvarnarsviði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Reykskynjarar þurfa að vera nægjanlega margir, rétt staðsettir, vera af réttri gerð, vera í lagi og hafa góða rafhlöðu. Á nútímaheimili ætti að vera einn reykskynjari í hverju herbergi. Sérstaklega á þetta við um barnaherbergi þar sem tölva, sjónvarp og hljómflutningstæki eru til staðar. Einnig þarf reykskynjara í stofuna, við eldhúsið, við þvottahúsið, á ganga og í bílskúrinn. Reykskynjarar eiga að vera staðsettir eins hátt uppi og hægt er vegna þess að reykur stígur upp. „Það er góð regla að skipta árlega um rafhlöður í reykskynjurunum og gera það alltaf á sama tíma, til dæmis 1. desember,“ segir Ólafur.

Gott er að hafa eldvarnateppi og handslökkvitæki á heimilinu. Þessi tæki geta komið í veg fyrir stórtjón sé þeim beitt tímanlega og með réttum hætti. Slökkvitækið á að vera staðsett á vegg nærri útgangi og eldvarnateppið á vegg í eða nærri eldhúsi. Slökkvitæki þarf að yfirfara árlega.

Flóttaleiðir verða að vera fullnægjandi og allir íbúar verða að þekkja þær. „Ekki reikna með að allir viti hvert þeir eigi að fara og hvernig á að komast út ef kviknar í. Farið yfir leiðirnar og æfið flótta,“ segir Ólafur.

Flestir þeir eldar sem kvikna á heimilum eru út frá rafmagni. Slökkvið á sjónvarpi, látið ekki rauða ljósið framan á tækinu loga. Notið aðeins fjöltengi með rofa, varist að hlaða of miklu af rafmagnstækjum á eitt fjöltengi.



*Nánari upplýsingar um forvarnir og notkun eldvarnartækja má finna á heimasíðu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, shs.is.*





### SÆKTU UM LEYFI FYRIR VARÐELDINUM

**Það er ekki margir** sem að vita að sækja þarf um leyfi hjá lögreglunni áður en kveiktur er varðeldur. Uppfylla þarf skilyrði fyrir að mega kveikja varðeld en þau eru lykilatriði fyrir öruggt bál. Skilyrðin eru þau að eldstæðið skal varið með óbrennanlegu efni svo tryggt sé að eldur breiðist ekki út og það þarf að vera einn ábyrgðarmaður sem passar upp á að það stafi ekki hætta af varðeldinum. Hann þarf einnig að ganga frá að brennu lokinni. Ábyrgðarmaðurinn þarf auk þess að passa upp á að það sé einungis brennt efni sem leyfilegt er að brenna samkvæmt reglugerð. Fleiri skilyrði eru fyrir því að mega kveikja varðeld sem vert er að kynna sér. Sjá nánar á Logreglan.is.




# Eldvarnir í fríinu

**Guðmundur Gunnarsson,** sviðsstjóri eldvarnasviðs Mannvirkjastofnunar, segir að mörgu að hyggja þegar kemur að eldvörnum sumarhúsa og ferðahýsa.

Guðmundur Gunnarsson hjá Mannvirkjastofnun hefur starfað við eldvarnamál frá 1982 og veit því meira en margur um brunavarnir fyrir ýmsar gerðir húsa.



Guðmundur Gunnarsson hefur starfað við eldvarnamál frá árinu 1982 og veit því ýmislegt um brunavarnir í sumarhúsum og ferðahýsum. MYND/VALLI

### Sumarhús

Hvað reglur snertir segir Guðmundur sumarhús lúta sömu kröfum og hefðbundin íbúðarhús þó ólík séu. „Gas er almennt notað í sumarhúsum og af því getur stafað hætta. Því er mikilvægt að vera með gasskynjara og tryggja að lagnir séu í lagi. Góð loftun er mikilvæg þar sem logandi gas brennir súrefninu í rýminu sem getur verið lífshættulegt. Þetta hefur gerst í litlum fjallaskálum og minni húsum þar sem gas hefur verið notað til upphitunar.“

Nauðsynlegt er að huga vel að reykskynjurum í húsum sem eru óupphituð þar sem frost getur valdið skemmdum á skynjaranum. Best er að athuga þá að vori ár hvert. Ef frost er í húsunum er nauðsynlegt að hafa dufttæki þar sem þau þola frost, önnur tæki eiga á hættu að skemmast við slíkar aðstæður.

Á svefnlofti þarf að vera neyðarútgangur. „Í nýrri húsum er skylda að hafa neyðarútganga, til dæmis stóran opnanlegan glugga, en mörg eldri hús eru án þeirra. Oft eru börn látin sofa á slíkum loftum. Gott er að leyfa þeim að leika sér að fara inn og út um gluggann, svo þau kunni á hann komi upp hættuástand. Ef þeim hefur til dæmis verið bannað að opna slíka glugga gætu þau litið fram hjá honum þegar á þarf að halda.“

### Ferðahýsi

Ferðahýsi eru flest gerð úr auðbrennanlegum efnum sem brenna á örskotsstundu komi upp eldur. Opinn eld ber því að umgangast af sérstakri varúð og virðingu. „Mikilvægt er að gaslagnir séu í lagi og yfirfarnar reglulega. Auðvelt er að athuga leka á samskeytum og lögnum. Sérstöku efni eða sápuvatni er sprautað á lagnir þegar þrýstingur er á kerfinu. Ef leki er til staðar þá koma loftbólur í ljós. Nefið nemur líka gaslykt mjög auðveldlega.“ Nauðsynlegt er að hafa gasskynjara í hýsum sem nota gas innandyra. Slökkvitæki og eldvarnarteppi ættu líka að vera meðferðis í slíkum húsum.

Spurður um hvað almennt ætti að hafa í huga við eldvarnir ferðahýsa segir Guðmundur að fólk ætti að fara varlega, bera ábyrgð á sjálfu sér og bera virðingu fyrir eldinum. „Mun auðveldara er að koma í veg fyrir að eldur kvikni en að slökkva hann.“





## HARMONIKUHÁTÍÐ Í ÁRBÆJARSAFNI

**Hin árlega Harmonikuhátíð Reykjavíkur verður haldin í Árbæjarsafni á sunnudag og hefst klukkan 13. Viðburðurinn hefur notið sívaxandi vinsælda og er nú orðinn einn fjölsóttasti viðburður safnsins.**





SUMARBOMBA Á LMC HJÓLHÝSUM, ÞÚ VELUR 250.000.-KR AFSTLÁTT EÐA SUMARPAKKA FRÍTT MEÐ KR 530.000.

Ögurhvarfi 2 Kópavogi

Sími 517-5200
pkarlsson@pkarlsson.is
www.pkarlsson.is
www.lmc.is

P. KARLSSON ehf

Opnunarímar:
Mán-fös: 10-18
Laugardaga: 12-16
Sunnudaga: 13-17




**MÆLIR MEÐ HAY MAX** Jón Páll þjálfar fótbolta og er því mikið úti við. Hann mælir með Hay Max við frjókornaofnæmi og er alltaf með salvann á sér.

MYND/ERNIR

# LAUSN VIÐ FRJÓKORNAOFNÆMI

**ICECARE KYNNIR** *Hay Max er lífrænn salvi sem fyrirbyggir frjókornaofnæmi. Fólk hnerrar minna og fær minni ofnæmisviðbrögð við frjókornum.*

Hay Max er áhrifaríkur, lífrænn og lyfjalaus frjókornatálmi fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi. Hann hefur fengið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá bresku astma- og ofnæmissamtökunum. Hay Max er einfaldur í notkun og kemur í veg fyrir að frjókorn komist inn í líkamann. Hay Max er framleiddur úr hágæða, vottuðum lífrænum efnum, bývaxi, ilmkjarnaolíum, aloe vera og sólblómaolíu og er vottaður fyrir grænmetisætur. Með því að koma í veg fyrir að of mikið magn frjókorna komist inn í líkamann þá er hægt að koma í veg fyrir að einkenni ofnæmisins komi fram, svo sem hnerri og kláði í augum, hálsi og eyrum.

Jón Páll Pálmason, þjálfari meistaraflokks Fylkis, hefur góða reynslu af notkun Hay Max. „Þar sem ég er að þjálfa fótbolta er ég mikið úti á sumrin. Ég hef verið mjög slæmur; alltaf pirraður í augunum þegar frjókornin eru sem mest í loftinu. Ég ákvað að prófa Hay Max og smurði því í kringum augun og við nasirnar. Það var eins og við manninn mælt, ég fann mikinn mun á mér og er núna alltaf með dósina á mér þegar ég er úti. Ég mæli hiklaust með Hay Max gegn frjókornaofnæmi."

Hay Max-salvinn er lyfjalaus sem þýðir að syfja er ekki ein aukaverkana öfugt við mörg ofnæmislyf. Það er því óhætt að aka bíl þó svo Hay Max sé notað. Salvinn er einfaldlega borinn vandlega á svæðið umhverfis hvora nös nokkrum sinnum á dag á meðan á frjókornatímabilinu stendur. Einnig má setja salvann aðeins inn í nasir og í kringum augu. Hay Max hentar ófrískum konum, konum með barn á brjósti og börnum.

**VERÐLAUNAÐUR**
Hay Max-salvinn hefur fengið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá bresku astma- og ofnæmissamtökunum.



## REYNSLUSAGA AF HAY MAX

**■ Getur nú verið úti á sumrin**

**Þrettán ára sonur Írisar Rutar Árnadóttur hefur verið með frjókornaofnæmi frá barnæsku en í fyrrasumar byrjaði hann að nota Hay Max. „Þvílíkur munur, hann er allt annar drengur, nú getur hann verið úti á sumrin, spilað golf og gert allt það sem hann vill úti."**

**„Frjókornaofnæmið var svo slæmt hjá honum að þegar við fórum í sumarbústaðinn þurfti hann að halda sig inni í húsi mest allan tímann. Hann ber Hay Max vel undir augu og nef og það svínvirkar. Hann notar Hay Max-salvann með ofnæmislyfjum og líður mun betur," segir Íris Rut.**











Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268




Opið:
mán - föst Kl. 11 - 21
lau - sun Kl. 12 - 21

PHO víetnamskur veitingastaður // Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868

Nýr

# A la Carte

*Nýr 4ra rétta seðill og A la Carte í Perlunni*

## 4ra rétta seðill

*verð* **7.490 kr.**

NAUTA CARPACCIO
með parmesan, furuhnetum, balsamic hlaupi og kryddjurtarolíu

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

*** eða ***

LAMBAHRYGGUR
með grænertu-hvítlauks dregli,
gljáðu rótargrænmeti og garðblóðbergssósu

BANANA OG SÚKKULAÐI "TART"
með ávöxtum, hindberjasósu og vanilluís

## Vissir þú?

**5 best: Tables at the Top**
The Pearl (Reykjavik), The Portrait Restaurant (London), Sirrocco (Bangkok), Tower Top (Zanzibar) & Maison Blanche (París).
*Independent Online*

**12 places to see before you die**
— No. 5, The Pearl
*Modern Times*

**Top 10 world's revolving restaurants**
— No. 1, The Pearl
*English CNTV*

**World's top revolving restaurants**
— No. 2, The Pearl
*Travel+Leisure*





**Gjafabréf Perlunnar**
**Góð gjöf við öll tækifæri!**






Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

Café ATLANTA

Café Atlanta óskar eftir starfsmanni til afgreiðslu- og þjónustustarfa í veitingasal sínum að Hlíðasmára 3 Kópavogi. Skilyrði er að viðkomandi hafi góða einskukunnáttu, reynslu af sambærilegum störfum og hafi ríka þjónustulund. Starfsmaður þarf að geta hafið störf eigi síðar 15. ágúst. Lokafrestur til að skila inn umsóknum er til 22. Júlí. Umsóknir berist í netfangið hr@atlanta.is

*Hlökkum til að heyra frá þér.*

## Ert þú pennavinur?



Penninn óskar eftir **grafískum hönnuði** í fullt starf

**Starfssvið:**
Grafísk hönnun fyrir prent og vef
Hönnun á auglýsingaefni
Umbrot og hönnun markaðsefnis
Þátttaka í markaðsmálum
Þróun vörumerkja
Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar og hæfniskröfur:**
Menntun í grafískri hönnun
Nokkurra ára reynsla í starfi
Skapandi og frjó hugsun
Sjálfstæði, skipulag í starfi og geta unnið undir álagi
Hafa gott vald á íslenskri tungu
Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur**
Tekið verður á móti umsóknum til og með 24. júlí á netfangið atvinna@penninn.is eða á vef Pennans www.penninn.is

www.penninn.is I atvinna@penninn.is I Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

PENNINN
Með þér í vinnunni

# Sölu- og markaðsstjóri

Öflugt iðnfyrirtæki með höfuðstöðvar í Reykjavík óskar að ráða sölu- og þjónustustjóra í nýtt og ómótað starf.

Leitað er að kraftmiklum aðila með 2-3ja ára reynslu af sambærilegu starfi. Stór hluti starfsins felur í sér viðskiptafundi, öflun og endurnýjun viðskiptasambanda hjá ólíkum hópi viðskiptavina. Mjög áhugavert starf sem hentar konum jafnt sem körlum.

**Starfssvið:**
- Umsjón með viðskiptasamböndum
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Áætlanagerð
- Markaðssetning
- Kynningarmál
- Samningagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Reynsla af sölustjórnun
- Skipulagshæfni
- Góð færni í Excel
- Dugnaður og kjarkur
- Góð samningatækni
- Háskólamenntun á viðskipta- eða verkfræðisviði kostur

**Upplýsingar veitir:**
Vaka Ágústsdóttir
vaka@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

Budweiser KING OF BEERS · STELLA ARTOIS She is a thing of beauty · LÖWENBRÄU · Franziskaner WEISSBIER · Leffe · Hoegaarden witbier-bière blanche · BECK'S

HAUGEN-GRUPPEN EHF
Wine & Spirits

Haugen-Gruppen Wine & Spirit er vaxandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og markaðssetningu á áfengum drykkjarvörum. Fyrirtækið flytur inn og selur léttvín frá öllum helstu vínræktarsvæðum heims, er með umboð frá stærsta bjórframleiðanda í heimi, Anheuser Bush-Inbev, og er með umboð fyrir heimsþekktum vörumerkjum í sterku áfengi.

# Vörumerkjastjóri

Haugen-Gruppen ehf. óskar eftir að ráða til sín öflugan einstakling í starf vörumerkjastjóra. Meginmarkmið starfsins er að efla þau vörumerki sem fyrirtækið starfar með á bjórmarkaði.

**Starfssvið:**
- Markaðssetning og sala
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Samskipti við birgja
- Markaðsgreiningar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði markaðsmála og/eða viðskipta
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Geta til vinna sjálfstætt og undir álagi
- Mikill áhugi á markaðsmálum, hugmyndaauðgi og frumkvæði
- Góð kunnátta í ensku, í ræðu jafnt sem riti

**Upplýsingar veita:**
Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Þórir Þorvarðason
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 29. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Forstöðumaður markaðssviðs

Spennandi þjónustufyrirtæki með mikla vaxtarmöguleika óskar eftir að ráða forstöðumann markaðssviðs. Hlutverk markaðssviðs er að hafa yfirumsjón með markaðsmálum fyrirtækisins og vörustjórnun. Forstöðumaður verður hluti af yfirstjórn.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða markaðsmála
- Árangursrík reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Reynsla af stýringu og rekstri markaðsdeildar og gerð markaðsáætlana
- Reynsla af samstarfi við auglýsingastofur
- Reynsla af mannaforráðum
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur, áhugasemi og keppnisskap
- Skipulagshæfni og talnagleggni

**Upplýsingar veita:**
Brynhildur Halldórsdóttir
brynhildur@hagvangur.is

Vaka Ágústsdóttir
vaka@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

NÓI SÍRÍUS

Nói Síríus er meðalstórt fyrirtæki í matvælaiðnaði með um 120 stöðugildi. Þungamiðjan í rekstrinum er eigin framleiðsla fyrir heimamarkað og útflutning en innflutningur er þó umtalsverður. Lögð er áhersla á sjálfstæða ákvarðanatöku starfsmanna og frumkvæði við úrvinnslu verkefna. Fyrirtækið nýtir sér straumlínustjórnun í daglegri starfssemi (lean) með það að markmiði að minnka sóun og bæta flæði vörunnar allt frá hráefni til fullunninnar vöru.

Framtíðarsýn fyrirtækisins er að vera áfram í hópi leiðandi fyrirtækja á sínu sviði með því að bjóða eftirsóknaverða gæðavöru og þjónustu sem stenst ítrustu kröfur viðskiptavina.

# Nói Síríus óskar eftir að ráða tvo metnaðarfulla starfsmenn í fullt starf

## Vörumerkjastjóri

**Starfssvið:**
- Áætlanagerð og skipulagsvinna
- Stjórnun viðskiptatengsla
- Ábyrgð á markaðsmálum tiltekinna vörumerkja
- Ábyrgð á útflutningi tiltekinna vörumerkja
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í markaðsfræðum eða sambærilegu fagi
- A.m.k. 2ja ára reynsla af markaðs- og/eða sölumálum er skilyrði
- A.m.k. 2ja ára reynsla af smásölumarkaði er skilyrði
- Frumkvæði
- Hæfni í samningatækni
- Góð samskiptahæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta og tölugleggni
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Árangurssækni og mikill drifkraftur

## Viðskiptastjóri fyrirtækjaþjónustu

**Starfssvið:**
- Áætlanagerð og skipulagsvinna
- Markaðssetning
- Sala og birgjatengsl
- Vöruþróun
- Gerð markaðs- og söluáætlana
- Viðskiptasambönd

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- A.m.k. 2ja ára reynsla af markaðs- og/eða sölumálum
- Háskólamenntun
- Góð tölvukunnátta og tölugleggni
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð samningatækni, samskiptahæfni og sannfæringargeta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Bakgrunnur úr bakara- eða matreiðslunámi er æskilegur.

Í boði er starf hjá öflugu og traustu fyrirtæki þar sem pláss er fyrir einstaklinga sem vilja ná afburðaárangri.

**Upplýsingar veita:**
Brynhildur Halldórsdóttir
brynhildur@hagvangur.is

Vaka Ágústsdóttir
vaka@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK
SÍMI 520 4700 **www.hagvangur.is**

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Sölumaður – Hársnyrtivörur o.fl. hlutastarf

Sjálfstæður og metnaðarfullur sölumaður óskast hjá innflutningsfyrirtæki í hlutastarf.

Starfið felst í kynningu og sölu á hárvörum o.fl. Menntun í hársnyrtiiðn æskileg.

Þarf að búa yfir jákvæðni, skipulagshæfni og góðri þjónustulund.

Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta nauðsynleg, þarf að hafa bílpróf.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist fyrir 28. júlí 2012 á netfangið: box@frett.is merkt: „hlutastarf“

## Íþróttafulltrúi óskast

GRÓTTA

Íþróttafélagið Grótta óskar eftir íþróttafulltrúa í fullt starf. Hjá Íþróttafélaginu Gróttu eru um 900 iðkendur í fjórum deildum, fimleikum, handknattleik, knattspyrnu og kraftlyftingum. Grótta er fyrirmyndarfélag ÍSÍ og hefur verið slíkt frá árinu 2005.

**Ábyrgðarsvið:**
- Umsjón og skipulagning fagsstarfs félagsins í samstarfi við framkvæmdastjóra og aðalstjórn
- Samskipti og samstarf við þjónustuþega og stofnanir bæjarfélagsins
- Þjálfun yngri flokka Gróttu

**Menntunar-/og eða hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði íþróttafræða eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum og unglingum
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri Gróttu, Kristín Finnbogadóttir, kristin@grottasport.is og í síma 561-1133. Heimasíða Gróttu er www.grottasport.is.

**Umsóknarfrestur er til 27. júlí 2012.**

Umsókn, ásamt ferilskrá og meðmælum er hægt skila á skrifstofu Gróttu, Suðurströnd 8, 170 Seltjarnarnesi eða í tölvupósti kristin@grottasport.is merkt "Íþróttafulltrúi Gróttu".

Grindavíkurbær

## Ráðgjafarþroskaþjálfi á félagsþjónustu- og fræðslusviði Grindavíkurbæjar

**Laus er til umsóknar 70% staða ráðgjafarþroskaþjálfa á félagsþjónustu- og fræðslusviði.**

**Helstu verkefni:**
- Annast faglega ráðgjöf og stuðning við forráðamenn og starfsfólk leik- og grunnskóla vegna nemenda með sérþarfir
- Ráðgjöf vegna gerð einstaklingsnámsskráa og eftirfylgd
- Vinna í þverfaglegum teymum nemenda með sérþarfir
- Skráning mála á félagsþjónustu- og fræðslusviði
- Eftirlit og ráðgjöf vegna daggæslu barna í heimahúsum
- Almenn ráðgjöf í málefnum fatlaðs fólks
- Aðstoð við seinfæra foreldra
- Umsjón með liðveislu fatlaðs fólks
- Umsjón með stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna

**Hæfniskröfur:**
- Réttindi sem þroskaþjálfi samkvæmt lögum nr. 18/1978 um þroskaþjálfa
- Reynsla af þjónustu við fatlaða einstaklinga og fjölskyldur þeirra
- Reynsla af þverfaglegu samstarfi
- Reynsla eða þekking á starfi í leikskólum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Þekking á OneSystems er æskileg

Laun samkvæmt kjarasamningi ÞÍ og Samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Staðan er veitt tímabundin til eins árs frá og með 1. ágúst 2012 til og með 31. júlí 2013 með möguleika á ótímabundinni ráðningu.

Upplýsingar um starfið veitir Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs í síma 420 1100. Umsóknir skulu sendar á netfangið nmj@grindavik.is eða á félagsþjónustu- og fræðslusvið Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 240 Grindavík. **Umsóknarfrestur er til 31. júlí 2012.**

Grindavíkurbær

## Forstöðurmaður á heimili fatlaðs fólks

Grindavíkurbær óskar eftir að ráða forstöðumann á heimili fatlaðs fólks í Grindavík. Um er að ræða 100% starf. Forstöðumaður heyrir undir sviðsstjóra félagsþjónustu- og fræðslusviðs.

**Ábyrgðarsvið:**
- Faglegt starf og þjónusta
- Rekstur
- Áætlanagerð
- Starfsmannahald
- Samskipti við þjónustunotendur, aðstandendur og samstarfsaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Þroskaþjálfun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðs fólks
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góðir skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi sveitarfélag. Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar eru veittar af Guðnýju Sigfúsdóttur í síma 660-7303 og Nökkva Má Jónssyni í síma 420-1100. Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsferil skal skilað rafrænt á netfangið nmj@grindavik.is. **Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2012.** Æskilegt er að nýr forstöðumaður geti hafið störf eigi síðar en 1. september nk.



## Akureyri skólastjóri Oddeyrarskóla

Staða skólastjóra við Oddeyrarskóla á Akureyri er laus til umsóknar.
Oddeyrarskóli er heildstæður grunnskóli og eru nemendur um 200. Starfsmenn eru 46 og hlutfall fagmenntaðra kennara 100%.

**Menntunarkröfur:**
- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun í stjórnun menntastofnanna æskileg.
- Menntun á sviði reksturs æskileg.

**Hæfniskröfur:**
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
- Sveigjanleiki og víðsýni.
- Áhugi á starfsþróun.
- Reynsla af starfi í skólum.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér starfsemi Oddeyrarskóla þróast undir sinni stjórn.

Ráðið verður í stöðuna frá og með hausti 2012.

Vísað er til ítarlegri auglýsingar á www.akureyri.is.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí 2012**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## Au pair í Englandi

Íslensk/bresk þriggja barna fjölskylda í Norwich óskar eftir duglegri, skemmtilegri og barngóðri au pair frá ágúst til 15. desember. Gert er ráð fyrir 30 tíma vinnuviku.

Viðkomandi verður að vera 18 ára eða eldri og sýna frumkvæði í starfi.

Nánari upplýsigar gefur Lísa Richter (lisalalli@tiscali.co.uk). Umsóknir sendist á sama netfang.

## HJÚKRUNARFRÆÐINGAR/ SNYRTIFRÆÐINGAR

70% framtíðarstaða laus hjá lækningafyrirtæki. Starfið hefst í síðasta lagi 1. sept. og æskilegt er að viðkomandi sé ekki bundinn öðru starfi til að geta nýtt sér flexmöguleika. Mjög sjálfstætt reyklaust starf m.a. með börn. Ferill sem greinir í tímaröð menntun, starfsreynslu og fjarvistir ásamt upplýsingum um tölvureynslu (nauðsynleg), persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna starfshlutfallið henti og meðmælendur auk valupplýsinga svo sem veikindaupplýs. óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.

pwc

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fyrirtækjaráðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar. Sjá nánar á **www.pwc.is**.

# Löggiltur endurskoðandi

PwC óskar eftir að ráða löggiltan endurskoðanda til starfa á skrifstofu félagsins á Akureyri.

Verkefni hans eru á sviði endurskoðunar, reikningsskila og skattamála og starfinu fylgja mikil samskipti við viðskiptavini.

Náin samvinna er á milli skrifstofu PwC á Akureyri og Húsavík og saman þjóna þær fjölbreyttum viðskiptavinahópi félagsins á Norður- og Austurlandi. Leitað er að framsæknum og dugmiklum einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í öflugu þekkingarsamfélagi PwC víðs vegar um heiminn.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Allar fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Upplýsingar veita:**
Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 7. ágúst nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 60447 07/12

Icelandair óskar eftir öflugum liðsmanni í krefjandi starf í tækniþjónustu félagsins á Keflavíkurflugvelli.

**SÉRFRÆÐINGUR Í VERKFRÆÐIDEILD**
Um er að ræða stöðu sérfræðings til eftirlits með rekstri og viðhaldi hreyfla (Powerplant) og annarra vélrænna kerfa í flugvélum (Mechanical Systems), svo sem vökvakerfa, loftræstikerfa og eldsneytiskerfa.

**STARFSSVIÐ**
- Eftirlit og ráðgjöf varðandi viðgerðir og endurbætur
- Afgreiðsla lofthæfifyrirmæla og breytinga frá framleiðendum
- Verkfræðiaðstoð við daglegan rekstur flugvéla/hreyfla og viðvarandi lofthæfi
- Umsjón með tæknigögnum er varða viðvarandi lofthæfi flugvéla
- Samskipti við framleiðendur
- Verkefnastjórnun, áætlanagerð og kostnaðareftirlit

**HÆFNISKRÖFUR**
- Próf í vélaverkfræði, véltæknifræði, flugvélaverkfræði eða flugvirkjar með sérþekkingu á þessum sviðum
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur
- Mjög góð enskukunnátta í bæði töluðu og rituðu máli
- Góðir samskiptahæfileikar
- Öguð og vönduð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Unnar Sumarliðason | unnar@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

**+ Umsóknir óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 22. júlí.**

ICELANDAIR

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration



## Flugmálastjórn Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing á þróunar- og greiningarstofu

**Starfssvið**
Starfið felst einkum í að hafa umsjón með rekstri gagnagrunns um flugatvik, þ.m.t. skráningu og greiningu gagna og miðlun upplýsinga um flugöryggi. Viðkomandi annast samskipti við innlendar og alþjóðlegar stofnanir og fyrirtæki í flugtengdum rekstri varðandi málaflokkinn.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
Gerð er krafa um háskólapróf og innsýn í flug, eða stúdentspróf í raungreinum og bóklegt atvinnuflugmannspróf eða annað sambærilegt próf og reynslu tengda flugstarfsemi. Viðkomandi þarf að hafa mjög góða íslensku- og enskukunnáttu. Mjög góð tölvukunnátta er nauðsynleg, góð kunnátta í tölfræði sem og mjög gott vald á tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu upplýsinga sem nýtist við greiningarvinnu. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af gæðakerfum.
Við leitum að starfsmanni með góða samstarfshæfileika og þægilega framkomu. Áhugi og þekking á flugstarfsemi er nauðsynleg. Hann þarf að sýna af sér frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir álagi. Launakjör taka mið af viðeigandi kjarasamningum opinberra starfsmanna.
Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf hjá Flugmálastjórn þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í allt að sex mánuði. Flugmálastjórn áskilur sér rétt til þess að hafna öllum umsóknum.

**Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá til Flugmálastjórnar Íslands, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík fyrir 9. ágúst n.k. merkt „Flugmálastjórn – umsókn um starf sérfræðings á þróunar- og greiningarstofu". Nánari upplýsingar veitir Valdís Á. Aðalsteinsdóttir staðgengill framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs í síma 569 4124 / t-póstur: valdis@caa.is.**

*Flugmálastjórn Íslands er ríkisstofnun með rúmlega 40 starfsmenn. Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með stjórnsýslu á sviði flugmála innanlands og á alþjóðavettvangi, hafa eftirlit með hvers konar flugstarfsemi á vegum íslenskra aðila til að tryggja öryggi í flugi innanlands og utan. Flugmálastjórn leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.*

ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis auglýsir laus störf (íslenskufr., lögfr., og fl.) við útgáfu umræðna og við vinnslu og útgáfu þingskjala.
Sjá nánar á starfatorg.is

## RITARI / MÓTTAKA Á FASTEIGNASÖLU

**Okkur vantar skipulagða og hressa manneskju í 50% starf frá 13 til 17**

Fjölbreytt og líflegt starf. Gott starfsumhverfi.

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á magnus@landmark.is ásamt helstu upplýsingum og ferilskrá.

**Umsóknarfrestur til og með 19. júlí 2012**

LANDMARK
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS

www.kronan.is

# Vaktstjóri og lagerstjóri

## Krónan auglýsir eftir duglegum og metnaðarfullum einstaklingum í stöður vaktstjóra og lagerstjóra í verslunum Krónunnar.

Við leitum að reynsluboltum eða einstaklingum til að þjálfa upp og kenna rétt vinnubrögð.

Athugið að aldurstakmark fyrir stöðu lagerstjóra er 30 ár.

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Kristinn Skúlason rekstrarstjóra í tölvupósti: **kristinn@kronan.is**

EXPO • www.expo.is

KRÓNAN – óskar eftir þér!

Eignatorg

## Eignatorg fasteignasala óskar eftir öflugum og sjálfstæðum sölufulltrúa.

Viðkomandi þarf að vera vanur sölu fasteigna, hafa ríka þjónustulund og getu til að ná árangri.
Það er kostur ef viðkomandi hefur löggildingu sem fasteignasali en ekki skilyrði.
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.
Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 eða bjorgvin@eignatorg.is

*Eignatorg leggur mikið upp úr heiðarleika, vönduðum vinnubrögðum og góðum árangri fyrir viðskiptavini sína.*

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

HAMARSHÚSIÐ • TRYGGVAGATA 4-6 • 101 REYKJAVÍK • WWW.STEIK.IS
STEIKHÚSIÐ
SÍMI: 561 1111

Þjónustufólk í veitingasal.

Steikhús vort leitar af kostgæfni að hæfu og glaðlyndu fólki með ríka þjónustulund.

Áhugasamir sendi rafpóst með helstu upplýsingum á steik@steik.is

STEIKHÚSIÐ
HAMARSHÚSIÐ • TRYGGVAGATA 4-6 • 101 REYKJAVÍK
SÍMI 561 11 11 • WWW.STEIK.IS

ÓBYGGÐANEFND

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

Óbyggðanefnd óskar eftir að ráða til starfa framkvæmdastjóra. Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi hefji störf 1. október. Óbyggðanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd, skipuð af forsætisráðherra, sem hefur það hlutverk að skera úr um eignarréttarlega stöðu lands á grundvelli laga nr. 58/1998.

**Starfssvið**
- Undirbúningur að úrskurðum óbyggðanefndar
- Stjórnun og umsjón á skrifstofu óbyggðanefndar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af dómsstörfum æskileg
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipuleg vinnubrögð
- Samstarfshæfni og mjög góð færni í töluðu og rituðu máli
- Hæfileikar til að vinna að fjölbreyttum verkefnum í krefjandi starfsumhverfi

***Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.***

Nánari upplýsingar veitir:
Sif Guðjónsdóttir, kl. 9.00-12.00, í síma 563 7000.
Vinsamlegast sendið umsóknir og greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til „Óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4A, 101 Reykjavík" eða á netfangið postur@obyggdanefnd.is, fyrir 15. ágúst næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Óbyggðanefnd*


BYLGJAN 989



Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12


BioPol — Háskólinn á Akureyri

## Meistaranemi á sviði líftækni

BioPol ehf., Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd og Háskólinn á Akureyri auglýsa stöðu meistaranema í líftækni lausa til umsóknar. Staðan er styrkt af AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi til eins árs.

**Markmið verkefnisins**

Umsækjanda er ætlað að stunda rannsóknir og á sviði sjávarlíftækni. Sérstaklega er horft til rannsókna á örverum, dýra- og plöntusvifi með hagnýtingu í huga. Starfsstöð umsækjanda verður á Skagaströnd.

**Hæfniskröfur**

Umsækjendur skulu hafa B.S. gráðu í líffræði, líftækni, lífefnafræði, matvælafræði eða skildum greinum náttúruvísinda. Meistaraneminn þarf að geta starfað sjáflstætt sem og í teymi auk þess að hafa tileinkað sér skipuleg vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí nk. Umsóknir með ýtarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist BioPol ehf., Einbúastíg 2, 545 Skagaströnd. Um inntöku og námið gilda reglur Háskólans á Akureyri um meistaranám í auðlindafræðum (sjá heimasíðu skólans).

Nánari upplýsingar veita:

Magnús Örn Stefánsson, Háskólanum á Akureyri og BioPol ehf. (magnusostef@unak.is eða magnus@biopol.is), símar 452-2977 eða 823-6056.

Halldór G. Ólafsson, BioPol ehf. ( halldor@biopol.is), símar 452-2977 eða 896-7977.

HOTEL ÓÐINSVÉ ★★★★

## Herbergisþerna

**Óskum eftir að ráða herbergisþernu í fullt starf.**

Æskilegt er að umsækjendur:
- Hafi ríka þjónustulund og góða framkomu
- Séu stundvísir, vandvirkir og hafi metnað
- Tali íslensku og/eða ensku
- Starfsreynsla er kostur

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá og mynd á lilja@odinsve.is **fyrir 20. júlí nk. merkt starfsumsókn.**

## Afgreiðsla í apóteki

Lyfjaver ehf óskar eftir starfsmönnum til afgreiðslustarfa í apóteki. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og hreint sakavottorð.
Lágmarksaldur er 20 ár.
Reynsla af sambærilegum störfum mikill kostur.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið alli@lyfjaver.is fyrir 22. júlí n.k.**

LYFJAVER
LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN
Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Aðferðafræðingur | Menntavísindastofnun HÍ | Reykjavík | 201207/029 |
| Lektor í tómstunda- og félagsm.fr. | Menntavísindasvið HÍ | Reykjavík | 201207/028 |
| Sjúkraliðar | Heilsugæslan Garðabæ | Garðabær | 201207/027 |
| Lögfræðingur | Persónuvernd | Reykjavík | 201207/026 |
| Starfsfólk til ræstinga | Menntaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201207/025 |
| Útgáfustörf hjá Alþingi | Skrifstofa Alþingis | Reykjavík | 201207/024 |
| Sérfræðingur | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201207/023 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjóraembættið á Vestfj. | Vestfirðir | 201207/022 |
| Varðstjóri | Lögreglustjórinn á Blönduósi | Blönduós | 201207/021 |
| Kennari á sjúkraliðabraut | Fjölbrautaskóli Suðurlands | Selfossi | 201207/020 |
| Eftirlitsmaður með flugkennslu | Flugmálastjórn Íslands | Reykjavík | 201207/019 |
| Sérfr. á þróunar- og greiningarst. | Flugmálastjórn Íslands | Reykjavík | 201207/018 |
| Embætti skólameistara | Framhaldsskólinn á Húsavík | Húsavík | 201207/017 |
| Sjúkraliði | LSP krabbameinslækningad. 11E | Reykjavík | 201207/016 |
| Þjónustufulltrúi | Rekstrarsvið Fjársýslunnar | Reykjavík | 201207/015 |
| Framhaldsskólakennarar | Fjölbrautaskóli Snæfellinga | Grundarfjörður | 201207/014 |
| Framkvæmdastjóri | Óbyggðanefnd | Reykjavík | 201207/013 |
| Sérfræðingur | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201207/012 |

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration



## Flugmálastjórn Íslands óskar eftir að ráða eftirlitsmann með flugkennslu

**Starfssvið**
Starfið felst einkum í að skipuleggja og annast eftirlit með starfsemi flugskóla sem og umsjón með gerð og framkvæmd bóklegra prófa. Viðkomandi annast samskipti við flugskóla og einstaklinga og leiðbeinir umsækjendum um heimildir í flugtengdri starfsemi.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Gerð er krafa um bóklegt atvinnuflugmannspróf og kostur ef viðkomandi er eða hefur verið handhafi atvinnuflugmannsskírteinis
- Viðeigandi kennslureynsla er kostur sem og háskólanám sem nýtist í starfi
- Hæfileiki til að túlka, útskýra og setja reglugerðarkröfur fram með skýrum hætti
- Skilyrði er að viðkomandi hafi mjög góð tök á íslensku og ensku
- Kostur er að umsækjendur hafi lokið viðurkenndu úttektarnámskeiði og hafi þekkingu á gæðakerfum
- Góð tölvuþekking og skipulagshæfileikar

Við leitum að starfsmanni með góða samstarfshæfileika, þægilega framkomu og mikinn áhuga á flugstarfsemi. Hann þarf að sýna af sér frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir álagi. Launakjör taka mið af viðeigandi kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf hjá Flugmálastjórn þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í allt að sex mánuði. Flugmálastjórn áskilur sér rétt til þess að hafna öllum umsóknum.

**Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá til Flugmálastjórnar Íslands, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík fyrir 9. ágúst n.k. merkt „Flugmálastjórn – umsókn um starf eftirlitsmanns með flugkennslu".**
**Nánari upplýsingar veitir Valdís Á. Aðalsteinsdóttir staðgengill framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs í síma 569 4124 / t-póstur: valdis@caa.is.**

*Flugmálastjórn Íslands er ríkisstofnun með rúmlega 40 starfsmenn. Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með stjórnsýslu á sviði flugmála innanlands og á alþjóðavettvangi, hafa eftirlit með hvers konar flugstarfsemi á vegum íslenskra aðila til að tryggja öryggi í flugi innanlands og utan. Flugmálastjórn leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.*

## Rangárþing ytra

## Skipulags- og byggingarfulltrúi

**Vegna skipulagsbreytinga hjá Rangárþingi ytra er auglýst eftir skipulags- og byggingarfulltrúa sem jafnframt mun gegna stöðu sviðsstjóra umhverfis-, eigna- og tæknisviðs.**

Undir sviðið falla m.a. verkefni tengd skipulags- og byggingarmálum. Einnig verkefni samgöngu-, umhverfis- og hreinlætismála og eignasjóðs ásamt framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins. Þá heldur sviðið utanum rekstur veitna, s.s. vatns- og fráveitu.

**Starfssvið m.a.:**

- Forysta í mótun og uppbyggingu nýs sviðs
- Dagleg yfirstjórn og ábyrgð á stefnu sveitarstjórnar í málaflokknum
- Framkvæmd skipulags- og byggingarmála
- Samræming starfa innan sviðsins og við önnur svið sveitarfélagsins eftir því sem við á
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar

**Menntunar- og hæfniskröfur m.a.:**

- Byggingarverkfræði eða háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á þeim málaflokkum sem falla undir sviðið
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

Sjá allar nánari upplýsingar á heimasíðu Rangárþings ytra, **www.ry.is**, þar sem umsækjendur eru einnig beðnir að sækja um starfið. Umsókn á að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst n.k.

## Afgreiðslustarf.

Starfsmaður óskast í verslun á Laugaveginum. Vinnutími 9-18.

Þarf að vera sjálfstæður, skipulagður, tilbúinn að vinna um helgar og geta byrjað strax.

Atvinnuumsókn með mynd skilist á 101vinna@gmail.com fyrir 19. júlí n.k.

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Embætti skólameistara við Framhaldsskólann á Húsavík

Staða skólameistara við Framhaldsskólann á Húsavík er nú laus til umsóknar.

Auglýsing fyrir stöðuna með lýsingum á menntunar- og hæfnikröfum hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu, á Starfatorgi og á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Umsóknarfrestur er til 17. ágúst 2012.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 10. júlí 2012.*
*menntamálaráðuneyti.is*

FISH MARKET
FISKMARKAÐURINN

## þjónar, þjónanemar og aðstoðarfólk

Við leitum að þjónustulunduðum einstaklingum í sal sem búa yfir reynslu af þjónustustörfum og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Góð laun, fríðindi og skemmtilegur vinnustaður í boði. Umsóknir sendist í tölvupósti til info@fiskmarkadurinn.is Öllum umsóknum verður svarað.

Fiskmarkaðurinn | Aðalstræti 12 | sími 578 8877

## Bakari óskast

Harðarbakarí á Akranesi óskar eftir duglegum og fjölhæfum bakara til starfa sem fyrst.

Hér er á ferðinni gott tækifæri fyrir duglegan einstakling, við bjóðum góð laun fyrir góðan starfsmann.

Harðarbakarí er rótgróið bakarí sem er vel tækjum búið. Bakaríið opnaði núna nýverið nýtt kaffihús fyrir 25 gesti.

Upplýsingar veita Páll eða Gunnvör Braga í símum 431-2399 / 862-1799 eða sendu okkur póst á netfangið hardarbakari@gmail.com

KEAHOTELS



## FJÁRMÁLASTJÓRI

Keahótel ehf leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf fjármálastjóra fyrirtækisins á aðalskrifstofu þess á Akureyri. Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu af rekstri og fjármálastjórn, vera reyklaus og geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið:
- Ábyrgð á fjármálalegri stjórnun fyrirtækisins
- Dagleg umsjón og skipulag greiðslumála
- Skýrslu- og áætlanagerð
- Kostnaðareftirlit og samningagerð
- Yfirumsjón með bókhaldi
- Samskipti við banka og helstu birgja
- Gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana
- Innheimta og reikningagerð
- Umsjón með fjárstýringu og greiðsluflæði
- Yfirumsjón launamála

Hæfniskröfur:
- Mjög góð þekking og kunnátta á Navision
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt
- Reynsla af fjármálastjórn
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
- Góð samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Keahótel ehf er með höfuðstöðvar sínar á Akureyri, þar sem fyrirtækið var stofnað árið 1999. Keahótel starfrækir 5 hótel sem eru: Hótel Borg og Hótel Björk í Reykjavík, Hótel Kea og Hótel Norðurland á Akureyri og Hótel Gígur við Mývatn. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði 80 manns og er lögð mikil áhersla á góðan starfsanda.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sendist á pls@keahotels.is fyrir 20. júlí 2012.

Keahotels // Hafnarstræti 87-89, 600 Akureyri, Iceland
Tel: +354 460 2000 // Fax: +354 460 2060
keahotels@keahotels.is // www.keahotels.is

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

KÓPAVOGSBÆR

**UMHVERFISSVIÐ**
- Innkaupafulltrúi

**FÉLAGSÞJÓNUSTAN**
- Þroskaþjálfar á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmaður á hæfingarstöð fyrir fatlað fólk

**LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS**

**Leikskólinn Baugur**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Urðarhóll**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Efstihjalli**
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Smárahvammur/Kjarr**
- Leikskólakennari

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS**

**Kópavogsskóli**
- Kennari á miðstigi
- Kennari með umsjón bókasafns
- Námsráðgjafi
- Stuðningsfulltrúi
- Skólaliði í dægradvöl

**Smáraskóli**
- Stundakennari í forföll
- Stuðningsfulltrúi
- Starfsfólk í dægradvöl

**Kársnesskóli**
- Kennari á unglingastigi

**Hörðuvallaskóli**
- Tónmenntakennari
- Skólaliði í dægradvöl

Nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar
**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar *www.kopavogur.is***
Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst á ***www.kopavogur.is***

***www.kopavogur.is***

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

vísir

## Veitingastaður í miðbænum

Tælenskur matsölustaður í Lækjargötu til sölu. Vel tækjum búin. Frábær tækifæri. Gott verð. Upplýsingar í síma: 776-9570.

## Söluturn

Til sölu söluturn í austurbæ Reykjavíkur, þjónustar stóru og góðu hverfi.

Söluturn, grill, Ís, spilakassar góð inniaðstaða og vel tækjum búin.

**Nánari upplýsingar eru veittar:**
soluturninn@gmail.com og í síma 663-6000

# ÚTBOÐ

## Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- *Kaup á 240 L bláum sorptunnum, EES útboð nr. 12888.*

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is


# Tillaga um sameiningu Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness.

Samstarfsnefnd um sameiningu Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness hefur tekið saman greinargerð um sameiningu sveitarfélaganna. Á grundvelli hennar er það álit nefndarinnar að fram eigi að fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna.

Álit nefndarinnar og greinargerð hafa verið rædd við tvær umræður í bæjarstjórnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram 20. október 2012 í báðum sveitarfélögunum. Við ákvörðun á kjördegi hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum sveitarfélaganna með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara eins og áskilið er í 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

6. júlí 2012

| F.h. Garðabæjar | F.h. Sveitarfélagsins Álftaness |
|---|---|
| Gunnar Einarsson, | Pálmi Másson, |
| bæjarstjóri. | bæjarstjóri. |

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Sveitarfélagið ÁLFTANES
bjarnastadir@alftanes.is

Kópavogsbær
Umhverfissvið
Skipulags- og byggingardeild

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Kópavogi

### Digranes. Ástún 6. Breytt deiliskipulag.
### Mál nr. 0905148

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst f.h. lóðarhafa tillaga SH Hönnunar dags. 14. mars 2012. Tillagan sem er breyting á deiliskipulagi Ástúns 6, samþykkt í bæjarstjórn 22. janúar 2008 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 2. júní 2008 nær til lóðarinnar við Ástún 6. Svæðið afmarkast af Nýbýlavegi til suðurs, húsagötunnar Ástúns til norðurs, Ástúns 4 til vesturs og Ástúns 8 til austurs. Í tillögunni er gert ráð fyrir að fjölga íbúðum úr 12 í 14. Lögun byggingarreits breytist og tekur hann frekar mið af lögun fjölbýlishúsanna við Ástún 4 til 10. Fallið er frá byggingu bílageymslu. Heildarbyggingarmagn og nýtingarhlutfall helst óbreytt. Bílastæði á lóð verða 21 stæði. Aðkoma að lóð og fyrirkomulag bílastæða breytist. Hámarkshæð húss fer úr 12,7 í 13,5 metra. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 15. mars 2012. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vatnsendi – Þing. Engjaþing 1-23. Breytt deiliskipulag.
### Mál nr. 1204242

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst f.h. lóðarhafa tillaga ASK arkitekta, dags. 20. apríl 2012. Tillagan sem er breyting á deiliskipulagi Þinga samþykkt í bæjarstjórn 24. maí 2005 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 14. júlí 2005 nær til lóðanna við Engjaþing 1 og 3 og 5-23
Svæðið afmarkast af Þingmannaleið til vesturs, Dalaþingi til suðurs, Engjaþingi til austurs og Ásaþingi til norðurs. Áður samþykkt hús nr. 5-7 (fjórbýlishús) er fellt út og verður lóðin leiksvæði sem þjónar íbúum Engjaþings 1-23.
Á lóð nr. 1 sem verður lóð nr. 1-3 er gert ráð fyrir fjölbýlishúsi á tveimur hæðum og kjallara. Hæð byggingarreits lækkar um 1 meter og íbúðum fækkar úr 14 í 12 íbúðir. Bílastæðakjallari er felldur út. Hámarks byggingarmagn er áætlað um 2500 m2. Bílastæði á lóð verða 24.
Á lóð nr. 3 sem verður lóð nr. 5-7 er gert ráð fyrir fjölbýlishúsi á tveimur hæðum og kjallara. Hæð byggingarreits lækkar um 0.8 meter og íbúðum fækkar úr 14 í 12 íbúðir. Hámarks byggingarmagn er áætlað 2500 m2. Bílastæði á lóð verða 24. Lóðamörk breytast og ein samnýtanleg aðkoma verður að lóðunum nr. 1-3 og 5-7. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 og 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 19. apríl 2012. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vatnsendi – Þing. Vatnsendablettur 4, (Fagrabrekka). Breytt deiliskipulag.
### Mál nr. 1205200

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga lóðarhafa Vbl. 4 dags. 8. maí 2012. Tillagan sem er breyting á deiliskipulagi Þinga samþykkt í bæjarstjórn 24. maí 2005 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 14. júlí 2005 nær til lóðarinnar Vbl. 4 (Fögrubrekku). Svæðið afmarkast af Elliðahvammsvegi til austurs, húsagötunni Fagraþingi til norðurs og Fróðaþingi til suðurs og vesturs. Í breytingunni felst að gerð er ný íbúðarlóð austan við núverandi byggingu fyrir einbýlishús á einni til tveimur hæðum með innbyggðri eða stakri bílageymslu á stað þar sem ráðgerð er bílageymsla samkvæmt gildandi skipulagi. Stærð byggingarreitar er 15 x 20 metrar. Grunnflötur húss er áætlaður 170 m2 og heildarstærð húss 275 m2. Hámarkshæð húss er 7.5 metrar og hámarks vegghæð 6.9 metrar. Þakform er frjálst. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 19. júní 2012. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá 17. júlí 2012 til 4. september 2012. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Umhverfissviði, Skipulags- og byggingardeild eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 4. september 2012. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

Sveitarfélagið ÁLFTANES

### Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Álftaness 2005-2024

Lýsing skipulagsverkefnis og verkáætlun

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness hefur ákveðið að breyta aðalskipulagsáætlun sveitarfélagsins. Breytingarnar eru fjórar talsins. (1) Kirkjubrú, stækkun íbúðarsvæðis, (2) Sveinskot, lagfæring á mörkum íbúðarsvæðis, (3) fráveita, (4) Hvoll, athafnasvæði.

Nú stendur yfir kynning á drögum að lýsingu, sem greinir frá forsendum breytinga og hvernig staðið verður að skipulagsvinnunni í samræmi við 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Drögin eru aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.alftanes.is.

Þess er óskað að fá ábendingar eða athugasemdir við drög að lýsingunni eigi síðar en 1. ágúst n.k. Skal senda þær á tölvupósti til kiddia@vso.is eða til Bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi**


vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?
Barnaheill
Save the Children á Íslandi




## Á FALLEGUM ÚTSÝNISSTAÐ Í ÚTHLÍÐ - SUMARBÚSTAÐUR TIL SÖLU!

Húsið er 51 fm að grunnfleti og ca. 20 fm svefnloft að auki. Stór verönd með skjólveggum og heitum potti. Geymsluskúr. Gróin lóð með leiktækjum. Stutt í alla þjónustu og náttúruperlur.

**Hægt að skoða um helgina laugardag og sunnudag 14. og 15. júlí.**

Heimilisfang: Guðjónsgata 8, Úthlíð. **Verð: 14.900.000**

**Allar upplýsingar veita:**
**Leó í síma 894 1601 eða Sveinn í síma 690 0820**

## Hjálmakur
210 Garðabær
Stórglæsilegt hús í Akralandinu

Stærð: 342,8 fm
Fjöldi herbergja: 6-7
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 66.850.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter



**Bókið skoðun hjá Þóru** | **Verð: Tilboð**




RE/MAX Senter kynnir stórglæsilegt og afar vandað hús í Akralandinu.
Forstofa er með skápum og innréttingum, gestasnyrting flísalögð í hólf og gólf. Eldhús er vel innréttað, gott vinnupláss, stór eyja. Úr eldhúsi er gengið út á verönd í suður. Borðstofan er rúmgóð og í beinu framhaldi af eldhúsi, opnast inní stofuna. Stofan er stór, mikil lofthæð og arinn, þaðan er gengið út á afgirta verönd (vestur) með aðstöðu fyrir garðhúsgögn, gert er ráð fyrir heitum potti. Sjónvarpsherbergi er vel innréttað með rennihurð. Svefnherbergisgangur með 2 stór herbergi með skápum, baðherbergi með baðkari og sturtu er flísalagt í hólf og gólf. Hjónaherbergi er stórt með miklum skápum,sér baðherbergi með sturtu, svalir í suður. Neðri hæð; stórt herbergi með skápum, baðherbergi með sturtu, 8 fm geymsla. Bílskúrinn er 50 fm með góðri aðkomu. Sér inngangur á neðri hæð. Glæsilegt og vandað hús með Instabus stýrikerfi fyrir gólfhita, lýsingu og gardínur.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Hvassaleiti 56
103 Reykjavik
Falleg íbúð í VR húsinu + 60 ára

Stærð: 107,8 fm
Fjöldi herbergja: 3-4
Byggingarár: 1985
Fasteignamat: 25.000.000

RE/MAX Senter




**Mánudaginn 16. júlí kl. 18.00-18.30** | **Verð: 32.900.000**




RE/MAX Senter kynnir bjarta íbúð í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri í VR-húsinu í Hvassaleiti. Öryggishnappur eru í íbúðinni, baðherbergi er án kanta eða fyrirstöðu því er íbúðin hæf fyrir hjólastóla.
Forstofa/hol er með fataskáp, á vinstri hönd er opið rými sem nýtt er sem vinnuherbergi en auðvelt væri að loka og fá auka herbergi eða nýta sem sjónvarpshol. Svefnherbergi er stórt með rúmgóðum fataskápum á tveim veggjum gluggi til norðurs. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, hvít innrétting með viðarkanti, opinn sturtuklefi (engir kantar) og tengt fyrir þvottavél og þurrkara. Stofur eru tvær, rúmgóð dagstofa með gluggum til suðurs og borðstofa en hún er jafnframt tengd eldhúsi. Úr borðstofu er gengið út á svalir sem snúa í suður. Eldhús er með hvítri innréttingu, borðkrók og búri með góðum hillum. Þvottahús er sameiginlegt með 4 öðrum íbúðum á hæpinni,auk þess sem er fyrir þvottavél og þurrkara í baðherbergi íbúðarinnar. Húsvörður er í húsinu og innangengt í þjónustusel fyrir eldri borgara, matsalur og ýmis þjónusta í boði.
Allar frekari uppl. um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Funafold 31
112 Reykjavík
Einbýli á einni hæð

Stærð: 191,6 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1984
Fasteignamat: 39.600.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Alpha




**Mánudaginn 16.07.2012 milli kl. 17:30 og 18:00** | **Verð: 44.900.000**




Einbýlishús á einni hæð á fallegum og grónum stað í Grafarvogi. Húsið stendur í lokuðum botnlanga. Stutt í alla þjónustu, skóla, leikskóla og umferðaræðar.

Húsið skiptist í mjög rúmgóða stofu, rúmgott eldhús með þvottahúsi og geymslu innaf, rúmgott sjónvarpshol, fjögur svefnherbergi, baðherbergi með bæði sturtuklefa og baðkari og gestasalerni. Einnig er bílskúr og góð bílastæði.

Allar nánari upplýsingar veita Sylvía í síma 820-8081 eða á sylvia@remax.is og Reynir Logi.


Sylvía Walthers
Sölufulltrúi
**820-8081**
sylvia@remax.is


Reynir Logi
Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

## Álfkonuhvarf 65
203 Kópavogur
Glæsileg íbúð með útsýni

Stærð: 120,9 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2004
Fasteignamat: 24.800.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter




**Mánudaginn 16. júlí kl. 19.00-19.30** | **Verð: 32.900.000**




RE/MAX Senter kynnir gullfallega og vel skipulagða íbúð með miklu útsýni á 3. hæð, sérinngangur af svölum og stæði í bílageymslu.
Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum. Geymsla innan íbúðar er rúmgóð, flísalögð með skápum. Næst forstofu eru tvö rúmgóð barnaherbergi, bæði með skápum. Eldhús er opið og fallega innréttað með birki innréttingu og flísalögðu gólfi. Eldhúsið liggur samhliða opinni stofu með útgengi á svalir sem snúa í suð-austur með miklu útsýni yfir Elliarárvatnið. Borðstofa er hægra megin við eldhús, það mætti nýta sem sjónvarpsrými, enda rúmt um eldhús og stofu og þar mætti koma fyrir borðstofu. Hjónaherbergi er rúmgott með skápum. Baðherbergi er glæsilega innréttað, flísalagt í hólf og gólf með baðkari, upphengdri sturtu, upphengdu wc og handklæðaofni. Úr baðherbergi er hurð inn í geymslu sem tengja mætti sem fataherbergi. Þvottahús sem er innréttað og með viftu er innan íbúðarinnar. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Nýr og **byltingarkenndur** fasteignavefur



- **Byltingarkennd leitarvél. Notaðu google map.**
- **Gríðarlega öflug leitarvél fyrir kaupendur og leigjendur.**
- **Fjölbreyttari, einfaldari hraðari, nákvæmari og skemmtilegri fasteignaleit.**

**www.REMAX.is**

# HVAÐA SÓLARVÖRN SKAL VELJA?

## AÐ VERA Í SÓL ER GOTT FYRIR ALLA, EN NAUÐSYNLEGT ER AÐ GERA ÞAÐ Á ÖRUGGAN HÁTT

**HAWAIIAN TROPIC SÓLARVARNARLÍNAN er rík af vítamínum sem gefa húðinni ferskt útlit og ilmar yndislega. Með hjálp frá ávöxtum náttúrunnar verður húðin nærð, varin og dekruð.**

**Það er þó mikilvægt að bera reglulega á sig sólarvörn og taka mið af því þegar farið er í vatn, hvort sem það er í sjó eða sundlaug. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að allur vökvi eins og vatn, sviti, drykkir o.s.frv. getur brotið niður og haft áhrif á varnarsíur hvaða sólarvarnar sem er og því alltaf mikilvægt að bera vel og reglulega á líkamann góða vörn.**

**Notaðu töfluna hér að neðan til þess að komast að því hvaða vörn hentar þinni húðgerð best og kemur í veg fyrir að húðin brenni.**

### LJÓS HÚÐ

**HÁRLITUR:** RAUÐUR

**Brennur oftast í sól: Börn með viðkvæma húð, mjög ljósa húð og freknótta húð.**

**1-2 klst.** Varnarstuðull 15-30. Mælt er með að nota sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli en aðeins í skamma stund.

**2-3 klst.** Varnarstuðull 30-50+. Notið sérstaka vörn fyrir andlitið, ekki olíur.

**4-6 klst.** Varnarstuðull 50+.

### MEÐAL/LJÓS HÚÐ

**HÁRLITUR:** LJÓS

**Brennur auðveldlega: Fyrir frekar ljósa húð, ljósrautt og skolleitt hár.**

**1-2 klst.** Varnarstuðull 15. Mælt er með að nota sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli en aðeins í skamma stund.

**2-3 klst.** Varnarstuðull 15-20. Notið sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli í skamma stund. Einnig er gott að verja varirnar sérstaklega með varaglossi sem inniheldur varnarstuðul.

**4-5 klst.** Varnarstuðull 30. Notið sérstaka vörn fyrir andlitið, ekki olíur.

**6 klst.** Varnarstuðull 50+.

### DÖKK HÚÐ

**HÁRLITUR:** BRÚNN

**Brennur sjaldan. Miðlungshúðlitur, frekar dökkur húðlitur og dökkt hár.**

**1-2 klst.** Varnarstuðull 6-8. Notið sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli í skamma stund.

**2-3 klst.** Varnarstuðull 15. Mælt er með að nota sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli, aðeins þó í skamma stund.

**4-5 klst.** Varnarstuðull 20. Gott að verja varirnar sérstaklega með varaglossi sem inniheldur varnarstuðul.

**6 klst.** Varnarstuðull 30. Notið sérstaka vörn fyrir andlitið, ekki olíur.

### MJÖG DÖKK HÚÐ

**HÁRLITUR:** DÖKKBRÚNN/SVARTUR

**Brennur nánast aldrei. Frekar dökkur og mjög dökkur húðog hárlitur.**

**1-2 klst.** Varnarstuðull 6-8. Mælt er með að nota sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli en aðeins í skamma stund.

**2-3 klst.** Varnarstuðull 10. Mælt með að nota sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli í skamma stund.

**4-5 klst.** Varnarstuðull 15. Notið sólarvörn í kremformi eða olíu með háum varnarstuðli í skamma stund.

**6 klst.** Varnarstuðull 20. Mælt er með að nota sérstaka vörn fyrir andlitið þó ekki olíur. Gott er að verja varirnar sérstaklega með varaglossi sem inniheldur varnarstuðul.



## SILK HYDRATION FRÁ HAWAIIAN TROPIC

- Fyrsta og eina sólarvörnin sem inniheldur nærandi efni og gefur því mun meiri raka en hefðbundin sólarvörn.
- Blandað með náttúrulegum silkipróteinum og glýseróli til þess að næra húðina í allt að 12 klst.
- UVA/UVB varnarsíur, létt áferð, nærandi andoxunarefni & yndislegur kókosilmur gera Silk Hydration að uppáhalds sólarvörninni þinni!
- Fáanlegt í 180 ml brúsum með varnarstuðla 15, 30 og 50.

NÝTT







**„Safaríkir og ilmandi varaglossar sem innihalda vörn gegn sólinni og gefa vörunum fallegan gljáa.“**

**SJÁ NÁNAR Á WWW.SOLARVORN.IS**

HAWAIIAN Tropic™ EST. 1969

## SÓLARKREM




**„Sérstök blanda sem nærir og mýkir húðina og hentar flestum. UVA/UVB vörn. Inniheldur A-, C- og E-vítamín sem næra húðina og ilmar af suðrænum kókosilmi.“**

## SÓLAROLÍUR




**„Sérstaklega nærandi olíur sem ganga fljótt inn í húðina og gefa henni fallegan gljáa ásamt góðri vörn. Inniheldur beta karótín sem talið er viðhalda jafnvægi húðarinnar.“**

# Hvað ef kviknar í mér?

Eldur á það til að læsast í fatnað fólks. Ef fötin eru eldfim getur eldurinn breiðst út á skömmum tíma og þá er mikilvægt að kunna að bregðast rétt við. Herdís L. Storgaard, verkefnastjóri slysavarna barna, ræðir hér um algengar villur í viðbrögðum og hvaða föt eru eldfimust.

Brunaslys þar sem kviknar í fötum fólks eru algengust um jól og áramót. Engu að síður verða einnig slys á sumrin og tengjast þá helst grillum. Herdís L. Storgaard, verkefnastjóri slysavarna barna, segir auk þess færast í aukana að slys verði út frá etanól-örnum sem hafa verið vinsælir hér á landi. „Það hefur orðið talsvert af slysum því fólk er að hella á eldstæðið þegar það er heitt en þá verður hálfgerð sprenging og kviknað getur í fatnaði," segir Herdís.



Að sögn Herdísar á í öllum tilfellum að henda sér í jörðina og rúlla sér eftir henni ef kviknar í fötum.

## Gerviefni ekki eldfimust

Langeldfimasta fatnaðinn segir Herdís vera silkifatnað. „Næst á eftir silki kemur ofin bómull, eins og er í skyrtum eða blússum. Föt úr slíkum efnum fuðra upp á hálfri mínútu ef eldur kemst í efnið." Herdís segir þó flesta halda að gerviefni séu hættulegust. „Þetta er úrelt þekking. Gerviefni voru vissulega mjög hættuleg í gamla daga en síðan hafa fataframleiðendum verið sett ströng öryggisskilyrði. Það kemur gat á flíspeysu ef maður rekur sig í opinn eld, en flíkin fuðrar ekki upp eins og gerðist í gamla daga."

## Flestir bregðast ranglega við

Slysin gerast þó allt of oft og þá er mikilvægt að kunna að bregðast við. Herdís segir algengt að fólk bregðist ranglega við þegar kviknar í fötum fólks. „Það á til dæmis aldrei að slá til eldsins eins og maður sér í bíómyndunum, þá er maður bara að pústa súrefni í eldinn," segir Herdís. „Það sem gildir, hvort sem menn eru inni eða úti, er að leggjast á jörðina og rúlla sér eftir henni."

Mikilvægast er að kæfa eldinn. „Það má alls ekki hella vatni á hann því það verður eins konar sprenging eða suða þegar vatnið lendir á logandi fleti," útskýrir Herdís og bætir við: „Þá geta logarnir náð að teygja sig í hárið og þá aukast líkur á að fólk brennist illa í framan." Hún segir þetta þó fyrstu viðbrögð margra og í sumarbústöðum hlaupi fólk gjarnan af stað út í pott eða vatn og kasti sér út í. Þetta segir hún alröng viðbrögð því með hlaupunum fái eldurinn aukið súrefni og breiði úr sér.

## Ekki klæða úr fötum

Eins segir Herdís fyrstu viðbrögð margra vera að afklæða sig en það eigi alls ekki að gera. „Þá fær eldurinn meira súrefni og breiðir úr sér. Það er um að gera að kasta sér niður á jörðina og ekki hugsa um hvort maður sé í moldarflagi eða sandi eða hverju öðru. Það skiptir engu máli, þetta snýst um að slökkva eldinn." Einstakling sem lent hefur í bruna skal ekki heldur klæða úr fötunum eftir að eldurinn hefur slokknað. „Ef þetta eru efni sem innihalda gerviefni er alltaf bráðnun á efninu og þá er svo mikil hætta að það sé fast ofan í holdinu. Best er að kæla svæðið með því að leggja á það blaut og hrein stykki. Ef bruninn þekur meira en 10% af líkamanum þá skal hringja á sjúkrabíl. Ekki er ólíklegt að manneskja sem kviknað hefur í geti verið með snert af reykeitrun," segir Herdís og bætir við að þá þurfi að fara til læknis því reykeitrun geti verið lúmsk og mjög hættuleg.

## Eldvarnarteppi geta bjargað

Herdís leggur einnig áherslu á að fólk verði sér úti um eldvarnarteppi og læri að nota þau. „Það er ekki gott að grípa í eitthvað nálægt teppi því þú veist ekki hvaða efni eru í teppinu. Það er misjafnt hvernig efni bregðast við eldi og menn geta gert illt verra. Nærstaddir eiga auðvitað að koma viðkomandi til aðstoðar og hafi þeir greiðan aðgang að teppi geta þeir breitt yfir til að reyna að slökkva eldinn," segir Herdís en ítrekar að mikilvægast sé að leggjast á jörðina og kæfa eldinn.

*halla@365.is*



Ólíkt því sem margir halda þá eru gerviefni ekki eldfimust. Silkifatnaður er eldfimastur allra. Næst á eftir kemur ofin bómull.

# Raunverulegur sparnaður

**Farestveit & company býður upp á öryggiskerfi sem hringja og senda SMS í allt að sex númer. Engin þörf er á tengingu við stjórnstöðvar öryggisfyrirtækjanna.**

Farestveit & company sérhæfir sig í öryggisvörum og þjónustu þeim tengdum. Fyrirtækið var stofnað á grunni öryggisdeildar Einars Farestveit & Co. hf. og byggir á rúmlega 20 ára reynslu í þjónustu, sölu og ráðgjöf öryggisbúnaðar.

Að sögn Hákonar Farestveit, framkvæmdastjóra Farestveit & company, býður fyrirtækið hentugar lausnir sem henta heimilum og smærri fyrirtækjum. Kerfin eru ein þau fullkomnustu sem í boði eru á markaðnum og eru meðal annars með neyðarrafhlöðu og íslensku viðmóti og tala meira að segja íslensku. Fyrirtækið býður bæði kerfi sem tengjast landlínu, sem henta fyrirtækjum og heimilum, og GSM-kerfi sem eru heppileg í sumarbústaði og staði þar sem landlína er ekki til staðar. Sérstakur neyðarhnappur er einnig fáanlegur fyrir sjúklinga og aldrað fólk.

Kerfin senda boð í farsíma, landlínusíma og til vaktstöðvar ef þörf krefur. Þetta þýðir að allir í fjölskyldunni auk nágranna eða ættingja geta verið á vaktinni og fengið boð ef eitthvað kemur upp á. Þessi aðferð sparar mánaðargjöld og má segja að kerfin greiði sig upp á um það bil tveimur árum.

Farestveit & company er með umboð á Íslandi fyrir öryggisbúnað frá vönduðum framleiðendum og býður upp á heildstæðar lausnir. Öryggis- og myndavélakerfi fyrir heimili, fyrirtæki, samtök og stofnanir.

*Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu fyrirtækisins, www.farestveit.is.*



Hákon Farestveit, framkvæmdastjóri Farestveit & company, með öryggiskerfi sem eru ein af þeim fullkomnustu á markaðnum. MYND/STEFAN



Til hliðar má sjá myndavél sem hentar hvers konar fyrirtækjum úti sem inni og að neðan er myndavél með innbyggðum IR-ljósum sem lýsa í myrkri. Hún hentar vel á sumarhús og íbúðarhús.



Eldhemja Plús er lítill úðabrúsi með slökkvifroðu sem einfalt er að nota á elda á byrjunarstigi. Hún er frostþolin og slekkur elda í A, B og F-flokki.





## SINUELDAR FÆRAST Í AUKANA

**Búast má** við að sinueldar verði viðvarandi og aukið vandamál á höfuðborgarsvæðinu næstu áratugi vegna aukins gróðurs í landi. Hlýnandi veðurfar, útbreiðsla lúpínu, aukin skógrækt og friðun lands fyrir búfjárbeit veldur þessu. Sinueldum hefur einnig fjölgað úti á landi síðustu sumur vegna þurrka. Sinueldar verða oftast af mannavöldum.
Fólk þarf að passa upp á varðeld, sígarettustubba og fleira úti í náttúrunni þar sem það þarf ekki mikið til þess að eldur kvikni. Í sumarbústöðum og útilegum þarf að vera með búnað til að fást við eld, eins og til dæmis eldvarnarteppi eða slökkvitæki. Ef sinueldar ná að breiðast út þá er gríðarlega erfitt að ná stjórn á þeim. Upp á síðkastið hafa verið miklir þurrkar og er fólk beðið um að gæta sín og vera á varðbergi þegar eldur er meðhöndlaður úti í náttúrunni.



## ELDUR Í ALDANNA RÁS

**Það er** nokkurn veginn hægt að fullyrða það að engin tækninýjung hafi verið jafn afdrifarík fyrir mannkynið og að læra að fara með eld og nýta hann til ótal hluta. Áður en maðurinn lærði það þá þekkti hann samt eldinn. Eldgos höfðu brotist út, skógareldar geisað og eldingar kveikt í trjám og jafnvel orðið fólki að bana.
Eldur var upphaflega notaður sem vörn gegn villtum dýrum og til þess að herða við sem notaður var í vopn. Síðar var eldur notaður sem hitagjafi. Maðurinn náði tökum á eldinum fyrir meira en milljón árum. Það var Homo Erectus sem lærði á eldinn en sú tegund var uppi fyrir um 1,8 milljónum ára.



# *Stórbrunar í Íslandssögunni*

Fyrsti stórbruninn á Íslandi, svo vitað sé, átti sér stað árið 1148 í Hítardal. Þar brunnu inni 73 gestir og heimamenn, sem voru þar við veislu, þar á meðal Skálholtsbiskup. Talið er að eldingu hafi slegið niður í skálann með fyrrgreindum afleiðingum. Mannskæðasti bruni samtímans varð hins vegar í Keflavík í lok árs 1935. Jólaskemmtun fyrir börnin var haldin í Skildi, samkomuhúsi bæjarins. Um 180 börn voru í húsinu og 4-5 fullorðnir. Eldur kviknaði út frá jólatré með þeim afleiðingum að tíu manns létust. Margir fleiri hlutu auk þess alvarleg brunasár. Atburðurinn markaði djúp sár í sál þorpsbúa en rúmlega eitt þúsund manns bjuggu í Keflavík á þessum tíma. Annar alvarlegur atburður í Íslandssögunni tengdur bruna gerðist í Kaupmannahöfn árið 1728. Þá brann stór hluti miðbæjar Kaupmannahafnar með þeim afleiðingum að fjöldi íslenskra handrita frá miðöldum brann. Handritin voru geymd í handritasafni Árna Magnússonar sem þótti eitt það merkilegasta á Norðurlöndum á þeim tíma. Árna tókst ásamt öðrum að bjarga hluta safnsins en aldrei varð ljóst hversu mikil verðmæti glötuðust.






BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
LAUGARDAGUR Í BÓNUS OPIÐ 10:00 - 18:00
FROSIÐ KS LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI
1495 KR. KG
LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
FROSIÐ KS LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI
798 KR. KG
LAMBABÓGUR / FRAMPARTUR
FROSIÐ KS LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI
1298 KR. KG
HEILT LAMBALÆRI
FROSIÐ KS LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI
3598 KR. KG
LAMBAFILLET/ HRYGGVÖÐVI
ÍSLANDSNAUT VINSÆLUSTU HAMBORGARARNIR Í BÓNUS
HREINT ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT
4 X 80 GR. HAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI
100% UNGNAUTA-KJÖT
4 stk. hamborgarar
4 X 80 GR
798 KR. PK
298 KR. 8 STK.
LIBBYS 8 STK. FROSNIR MAISSTÖNGLAR
VINSÆLASTA HAKKIÐ Í BÓNUS
HREINT ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT
1498 KR. KG
ÍSLANDSNAUT; FERSKT ÍSLENSKT UNGNAUTAHAKK
495 KR. PK
AVOCADO 750 GR
BÓNUS Kjúklingur
FERSKAR KJÚKLINGA-BRINGUR
2098 KR. KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200 GR
398 KR. 200 G
FERSKT BÓNUS SPÍNAT 200 G
BESTA KAFFI Í HEIMI ? - NEI VARLA EN FRÁBÆRT VERÐ
FILTER COFFEE GROUND
298 KR. 500 G
EUROSHOPPER 500 G MALAÐ GROUND KAFFI
Coca-Cola
98 KR. 500 ML
395 KR. KG
FERSK PAPRIKA FRÁ HOLLANDI
FLATKÖKUR BÓNUS 5 stk.
98 KR. 5 STK.
BÓNUS FIMM FLATKÖKUR
MELÓNUR FRÁ SPÁNI
RAUÐAR: 139 KR.KG
GULAR 195 KR.KG
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GERALD R. FORD** Bandaríkjaforseti (1913-2006) átti afmæli þennan mánaðardag.

*„Segðu sannleikann, sýndu dugnað í vinnu og mættu stundvíslega í mat.“*

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**HEIÐUR JÚLÍUSDÓTTIR**
**Víðilundi 24, Akureyri,**

var kvödd í kyrrþey frá Akureyrarkapellu föstudaginn 6. júlí. Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem liðsinntu henni í veikindum hennar og einnig sendum við kærar kveðjur öllum þeim sem minnast hennar með hlýhug.

**Alda Sigurveig Sigurðardóttir** **Kristján Gunnarsson**
**Ægir Sigurðsson** **Alma Vestmann**
**Ásvaldur Sigurðsson** **Kolfinna Þorfinnsdóttir**
**Herdís Júlía Sigurðardóttir** **Viggo Reinert**
**Karl Heiðar Sigurðsson** **Hólmfríður Jóhannsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



✝

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug, samúð og vináttu við andlát ástkærs sonar okkar, bróður, mágs og barnabarns,

**EIRÍKS MUSSIMA QUAN BIRGISSONAR**

sem lést eftir stutt veikindi 16. júní og var jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 26. júní.

**Birgir Guðbergsson** **Sike Quan**
**Jóna Kristín Birgisdóttir** **Jóhannes Stefánsson**
**Hjálmtýr Birgisson** **Tinna Rósantsdóttir**
**Gunnar Birgisson**

**Guðbergur Ólafsson** **Esther Jósefsdóttir**

---



✝

Innilegar þakkir færum við þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, sonar, föður, tengdaföður, tengdasonar og afa,

**SVEINS M. ÁRNASONAR**
**menntaskólakennara,**
**Lindasmára 46, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir færum við starfsmönnum líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**María Gréta Guðjónsdóttir**
**Guðrún Sveinsdóttir**
**Guðrún Halla Sveinsdóttir** **Sturla Halldórsson**
**Guðjón Már Sveinsson** **Hulda Hrafnkelsdóttir**
**Arna Gréta Sveinsdóttir**
**Steinunn Gunnlaugsdóttir**
**Ásgerður og Gunnhildur Sturludætur**

---



✝

Ástkær unnusti minn, sonur, bróðir og tengdasonur,

**BALDUR ÞÓR RÍKHARÐSSON**

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut sunnudaginn 8. júlí, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Baldurs er bent á hjartadeild Landspítalans.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ásta Sigurðardóttir**
**Sigríður Tómasdóttir** **Guðjón Sverrisson**
**Ríkharður Hólm Sigurðsson**
**Harpa Eggertsdóttir**
**Tómas Waagfjörð**
**Anna Guðný Guðmundsdóttir** **Sigurður Ingvi Snorrason**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**MARINÓ SIGURBJÖRNSSON**
**Heiðarvegi 12, Reyðarfirði,**

lést þann 11. júlí sl. á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Jarðarförin fer fram frá Reyðarfjarðarkirkju laugardaginn 21. júlí kl. 11.00.

**Margrét Einarsdóttir**
**Steinunn Marinósdóttir** **Sigurður V. Benjamínsson**
**Einar Marinósson** **Ólafía K. Kristjánsdóttir**
**Sigurbjörn Marinósson** **Sigríður St Ólafsdóttir**
**Marinó Már Marinósson** **Lísa Geirsdóttir**
**Guðný Soffía Marinósdóttir** **Haraldur Kr. Haraldsson**
**Gauti Arnar Marinósson** **Hulda Sverrisdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



**LEIKKONAN** „Þegar vídeótæknin kom til skjalanna fékk ég að leigja eina spólu og tók alltaf Mary Poppins,“ rifjar Edda Björg upp um æskuafmælin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**EDDA BJÖRG EYJÓLFSDÓTTIR LEIKKONA:** FAGNAR FERTUGSAFMÆLI Í DAG

## Ábyggilega Frakki í fyrra lífi

Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona segir allt gott í fréttum þegar hringt er í hana í tilefni fertugsafmælisins. Spurð hvort það hafi verið þannig síðustu fjörutíu árin svarar hún hress: „Já, meira og minna. Ég get ekki kvartað.“

Edda kveðst hafa fengið leiklistarbakteríuna í Menntaskólanum í Hamrahlíð þegar söngleikurinn Rocky Horror var settur á svið. „Magenta í Rocky Horror var fyrsta alvöru hlutverkið mitt, eftir það vissi ég hvað mig langaði að gera en hélt því fyrir mig í fyrstu. Markmiðið var samt komið og í hugaanum stefndi ég að því að fara í leiklistarskólann.“

Edda Björg hefur átt farsælan feril í leiklistinni, þó erfið tímabil hafi líka sýnt sig. „Þegar allt hrundi á Íslandi fékk ég alveg skellinn líka,“ segir hún. „Ég útskrifaðist 1998 og fór strax að leika fyrir Borgarleikhúsið, fyrst í Grease. Það var sumarsöngleikur, ótrúlega mikið stuð. Svo lék ég í Pétri Pan, Mávahlátri og svona rúllaði þetta næstu sjö árin. Var líka með Leikfélagi Íslands í þeirri frábæru sýningu Stjörnum á morgunhimni sem Magnús Geir leikstýrði í Iðnó. Árið 2005 færði ég mig í Þjóðleikhúsið og lék þar í hinu og þessu til 2010. Bíddu aðeins, ég ætla að biðja Stebba að lækka aðeins í gítarnum. Ég get ekki hugsað undir þessu lagi, Bridge over Troubled Water – þó það sé ofboðslega viðeigandi yfir 40 ára viðtalinu!“ Við eftirgrennslan kemur í ljós að Stebbi er eiginmaðurinn, Stefán Már Magnússon gítarleikari. Með honum á hún Kolbein Daða níu ára og nú er annað barn á leiðinni.

Árið 2010 kveðst Edda Björg hafa staðið á krossgötum er hún hætti hjá Þjóðleikhúsinu. „Það er erfitt þegar maður veit ekkert hvað við tekur en þá er þroskandi að skapa sér sjálfur tækifæri. Ég og vinkona mín, Marta Nordal, stofnuðum leikfélag sem heitir Aldrei óstelandi og settum upp Fjalla-Eyvind, síðan höfum við sett upp Sjöundá og höfum hug á að halda áfram að vinna saman. Við erum dálítlir gullgrafarar og höfum gaman af að finna verk sem ekki hafa ratað á fjalirnar í langan tíma. Við eigum svo flottan menningararf og þar leynist margt.“

En snúum okkur að afmælishaldi. „Þar sem afmælisdaginn ber upp á miðju sumri voru mín barnaafmæli oft frekar fámenn. Ég ólst upp hjá ömmu og afa og amma hélt klassískt kökuboð með brauðtertu, perutertu og súkkulaðitertu og allir krakkar voru með rör í flösku. Þegar vídeótæknin kom til skjalanna fékk ég að leigja eina spólu og tók alltaf Mary Poppins. En þegar ég eltist fór ég að kunna að meta þennan dag því þetta er Bastilludagurinn og ég elska Frakkland svo mikið, vil meina að ég hafi verið þar í fyrra lífi, jafnvel fleiri en einu.“

Það verður því frönsk sveitastemning í afmælinu að þessu sinni hjá Eddu Björgu sem býður bara nánustu vinum og ættingjum. „Partídýrið í mér liggur í dvala um stundarsakir en það er spurning hvort ég haldi ekki vel upp á þessi tímamót á næstu Jónsmessu? Þá getur fólk velt sér allsbert upp úr dögginni og óskað sér.“ gun@frettabladid.is

---

**ÞETTA GERÐIST:** 14. JÚLÍ 1999

## Örn skriðsundmeistari á EM



Örn Arnarson, sundkappi úr Sundfélagi Hafnarfjarðar, varð Evrópumeistari unglinga í 200 metra skriðsundi þennan dag árið 1999 á EM í Moskvu og með því fyrstur íslenskra sundmanna til að hljóta Evrópumeistaratitil unglinga.

Örn synti á tímanum 1.51,56 mínútum í úrslitunum og var 14/100 úr sekúndu á undan næsta keppanda. Hann hafði forystu í sundinu frá upphafi til enda og sigur hans var aldrei í hættu enda var hann með besta skráðan tíma keppenda fyrir mótið. Íslandsmet hans í greininni var 1.50,63 mínútur, það setti hann á EM-unglinga árið 1998, en þá hafnaði hann í öðru sæti.

---



✝

Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**ÁRNI HREIÐAR ÁRNASON**
**húsgagnasmíðameistari,**
**Furugerði 1, Reykjavík,**

sem lést á heimili sínu þriðjudaginn 3. júlí, verður jarðsunginn frá Seljakirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.00.

**Jytte Inge Árnason**
**Guðrún Árnadóttir** **Gísli Grétar Sólonsson**
**Rannveig Árnadóttir** **Eiríkur Jón Ingólfsson**
**Inga Magdalena Árnadóttir**
**Anna Arndís Árnadóttir** **Leifur Jónsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**HARALDAR SIGURÐSSONAR**
**Miðvangi 159, Hafnarfirði.**

**Alexía Margrét Gísladóttir**
**Haukur Þór Haraldsson** **Bylgja Birgisdóttir**
**Katrín Haraldsdóttir**
**Bjarki Þór Hauksson**
**Birgir Hauksson**
**Haraldur Orri Hauksson**
**Alexía Margrét Jakobsdóttir**
**Finnbogi Jakobsson**



**KRÓKUR** Bærinn er staðsettur skáhallt á móti samkomuhúsinu á Garðaholti og stutt frá Garðakirkju.

# Krókur er krútt

Torfbærinn Krókur á Garðaholti í Garðabæ er opinn á sunnudögum í sumar frá klukkan 13 til 17. Hann var byggður árið 1923 og þar eru varðveitt gömul húsgögn og munir sem voru í eigu hjónanna Þorbjargar Stefaníu Guðjónsdóttur og Vilmundar Gíslasonar. Þorbjörg flutti í Krók vorið 1934 og bjó þar til ársins 1985.

Afkomendur hjónanna gáfu Garðabæ Krók með því skilyrði að bærinn yrði endurbyggður. Undanfarin ár hefur hann verið opinn á sumrin fyrir almenning og fyrir hópa yfir vetrartímann. Þar er einnig herbergi sem hefur verið nýtt sem vinnuaðstaða fyrir listamenn á veturna.

Allir eru velkomnir í Krók og aðgangur er ókeypis.

## Merkisatburðir



**1789** Franska byltingin nær hámarki þegar Parísarbúar ráðast á hervirkið Bastilluna er var fangelsi á þessum tíma og tákn um konungsvaldið. Síðan er dagurinn þjóðhátíðardagur Frakka.

**1929** Varðskipið Ægir er keypt fyrir Landhelgisgæsluna.

**1948** Palmiro Togliatti, leiðtogi ítalska kommúnistaflokksins, er skotinn rétt fyrir utan þinghúsið.

**1958** Þjóðernissinnar steypa konungi Íraks af stóli í írösku byltingunni.

**1971** Viðreisnarstjórnin lætur af völdum eftir tólf ára stjórnarsetu. Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tekur við.

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGIMAR HÓLM GUÐMUNDSSON**
**úrsmíðameistari,**
**Skaftahlíð 40, Reykjavík,**

sem lést á Hrafnistu í Boðaþingi þriðjudaginn 10. júlí verður jarðsunginn föstudaginn 20. júlí frá Fossvogskapellu kl. 15.00.

**Valdimar Ingimarsson** **Lára Axelsdóttir**
**Þormar Ingimarsson** **Þórunn Stefánsdóttir**
**Elsa Ingimarsdóttir** **Halldór Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, mágs okkar og frænda,

**ROBERT M. HAUSLER.**

Innilegt þakklæti til allra þeirra sem veittu okkur ómetanlega hjálp og styrk.
Guð blessi ykkur öll.

**Sólveig Ásgeirsdóttir Hausler og fjölskylda.**

---



Ástkær eiginkona, mamma, tengdamamma, amma og langamma,

**ELSA HARALDSDÓTTIR**
**Hjallabrekku 24, Kópavogi,**

lést þann 6. júlí sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. júlí kl. 13.00.

**Eggert Konráðsson**
**Erna Eggertsdóttir** **Einar Þór Gíslason**
**Haraldur Eggertsson**
**Elsa Þóra Eggertsdóttir** **Trausti Þór Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**KRISTJANA MILLA THORSTEINSSON**
**Haukanesi 28, Garðabæ,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði fimmtudaginn 12. júlí.

**Áslaug S. Alfreðsdóttir** **Ólafur Örn Ólafsson**
**Haukur Alfreðsson** **Anna Lísa Björnsdóttir**
**Ragnheiður Alfreðsdóttir**
**Katrín Guðný Alfreðsdóttir** **Árni S. Snæbjörnsson**
**Geirþrúður Alfreðsdóttir**
**Elías Alfreðsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**GUNNARS ÞÓRIS ÞJÓÐÓLFSSONAR**
**fv. sviðsstjóra hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kristnibraut 99.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut.

**Ágústína Dagbjört Eggertsdóttir**
**Anna Bjargey Gunnarsdóttir** **Ari Brimar Gústavsson**
**Þjóðólfur Gunnarsson**
**Ragnar Guðm. Gunnarsson** **Heiðrún Rósa Sverrisdóttir**
**Eggert Gunnarsson** **Snæfríður Þórhallsdóttir**
**Lovísa María Gunnarsdóttir** **Magnús Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐLAUG PÁLSDÓTTIR**
**frá Refstað í Vopnafirði,**
**til heimilis að Stigahlíð 36,**

lést miðvikudaginn 11. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Margrét Steinarsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Steingerður Steinarsdóttir** **Guðmundur Bárðarson**
**Helen Sjöfn Steinarsdóttir**
**Svanhildur Steinarsdóttir** **Ragnar Ólafsson**
**Svava Svanborg Steinarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**HJÖRDÍS EINARSDÓTTIR**
**Klapparhlíð 5, Mosfellsbæ,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 21. júní, verður jarðsungin frá Háteigskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarkort líknarstofnana.

**Brynjólfur Guðmundsson**
**Guðmundur Brynjólfsson** **Kristín H. Halldórsdóttir**
**Guðfinna Brynjólfsdóttir** **Logi Halldórsson**
**Einar Finnur Brynjólfsson** **Guðrún B. Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og dóttur,

**ERLU GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Greniteig 45, Keflavík.**

Sérstakar þakkir til allra lækna og starfsfólks á deild B7 Landspítala Fossvogi fyrir einstaka umönnun og hlýhug, þið eruð ómetanleg.

**Sigurður Vilhjálmsson**
**Brynjar Hólm Sigurðsson** **Anna María Sveinsdóttir**
**Guðrún Lilja Sigurðardóttir**
**Hafliði Már Brynjarsson** **Sigurður Hólm Brynjarsson**
**Guðrún Stefanía Jóhannsdóttir**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**VALUR SIGURÐSSON**
**frá Norðfirði,**

lést í Varberg, Svíþjóð, miðvikudaginn 11. júlí. Útför hans fer fram frá St. Jörgens kapell í Varberg fimmtudaginn 26. júlí.

**Hulda Heiðar Hannesdóttir**
**Hannes Valsson** **Marnhild Hilma Kambsenni**
**Sigurður Valsson** **Marcela Beccera**
**Olga Louise Valsdóttir Begley** **Justin Begley**
**Guðrún Valsdóttir**
**Hermann Valsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Bróðir okkar, mágur og frændi,

**KARL KONRÁÐ KARLSSON**
**Blómvallagötu 13,**
**Reykjavík,**

er látinn. Útför verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Norbert Gossmann**

---



Okkar elskulega,

**SVANLAUG JÓHANNSDÓTTIR**
**Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík,**

lést mánudaginn 9. júlí síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust hana á Borgarspítalanum.

**Þórey Eyþórsdóttir** **Gunnar Jónsson**
**Elfa Eyþórsdóttir** **Jóhann Loftsson**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁRNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Dúfnahólum 2, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 10. júlí. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 18. júlí kl. 13.00.

**Árni Geirsson** **Halldóra Hreggviðsdóttir**
**Sigurður Geirsson** **Guðlaug Einarsdóttir**
**Hjörtur Hansson** **Kristín Þórisdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Minn ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**HRAFNKELL ÁSGEIRSSON**
**hrl.,**

lést á Landakoti 10. júlí. Jarðarförin fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 18. júlí kl. 13.00.

**Oddný M. Ragnarsdóttir og fjölskylda**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**SIGURÐAR JÓHANNS JÓHANNSSONAR**
**Lindasíðu 2, Akureyri.**

**Svava Valdimarsdóttir**
**Lovísa Sigurðardóttir** **Þorsteinn Guðnason**
**Jóhanna Hartmannsdóttir**
**Bjarki Sigurðsson** **Hólmfríður Jónasdóttir**
**Valdimar Sigurðsson**
**afa- og langafabörn.**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

**GUÐRÍÐAR JÓNSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans og Karitas fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Jón Þór Eyþórsson** **Olga J. Stefánsdóttir**
**Daníel Eyþórsson** **Sigurlaug Kr. Gunnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabarn og systkini.**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát ástkæru móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**RAGNHEIÐAR SIGRÚNAR SÖRLADÓTTUR**
**Stararima 23, Reykjavík.**

**Álfheiður Einarsdóttir** **Odd Stefán Þórisson**
**Kristín Einarsdóttir** **Sigurður Kristjánsson**
**Ólafur Friðbert Einarsson** **Henný Ása Ásmundsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# FRÁBÆRT á grillið

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja og eplamarinerað!



Trönuberja- og eplamarinerað

**1398 kr. kg**

Trönberja- og eplamarinerað lambalæri



**598 kr. kg**

Grillkartöflur með hvítlauk og rósmarín eða með timjan



35% afsláttur

**1098 kr. kg**

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki á spjóti í New York eða hvítlauks- og rósmarínmarineringu



**1999 kr. kg**

SS grískar grísahnakkasneiðar



30% afsláttur

**999 kr. kg**

Verð áður ~~1469~~ kr. kg
Grísakótilettur, magnpakkning





**1899 kr. pk.**

Tempo salernisrúllur, 24 í pk.





**2699 kr. pk.**

Libero bleiur, 4 stærðir





**299 kr. stk.**

Colgate tannkrem, 7 teg., 75 ml


EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl




## Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar



– komdu og gerðu frábær kaup!
Coca-Cola
Grillþrenna bragðast betur með
KRÓNAN
Grillbomba
1 flaska af Coca-Cola 2L
+
1 bakki af Grillþrennu
Grillað 'etta
SNÖGGI GRILLARINN
+
2L COKE FYLGIR MEÐ
1598 kr./kg
STEIKAR-GRILLARINN
+
2L COKE FYLGIR MEÐ
1998 kr./kg
FLOTTI GRILLARINN
+
2L COKE FYLGIR MEÐ
2198 kr./kg
25% afsláttur
1099 kr. kg
Verð áður 1469 kr. kg
Grísakótilettur, New York marineraðar
35% afsláttur
2989 kr. kg
Verð áður 4598 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent
898 kr. kg
Lamba grillsagaður frampartur
ÍSLENSKT
STJÖRNUSNAKK
BEIKON BITAR
299 kr. pk.
Stjörnusnakk, beikonbitar, 150 g
79 kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir
Maryland
139 kr. pk.
Maryland, 4 tegundir
KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**SPILASTOKKINN MEÐ** Spilastokkur á heima í ferðalagi jafnt sumar sem vetur. Taktu spil með í ferðalagið og taktu slaginn við pabba og mömmu, í tjaldinu, sumarbústaðnum eða á ströndinni.

## Lísaloppa og Kata í ratleik

24

Bragi Halldórsson

„Síðasta þrautin í ratleiknum er völundarhús," sagði Lísaloppa. „Og við erum fyrstar," bætti hún við og spennan leyndi sér ekki. „Þá er eins gott að drífa sig" sagði Kata ákveðin. „Ekki viljum við tapa á lokametrunum."

Getur þú hjálpað Kötu og Lísuloppu að rata í gegnum völundarhúsið?







## BRANDARAKISTAN

**Kennarinn: „Hvaða dýr kallast rándýr?"**
**Nonni: „Það eru dýr sem kosta mikið."**

**Óli: „Það eru til hundar sem eru vitrari en eigendur þeirra."**
**Kári: „Já, ég veit það, ég á einn."**

**Kennarinn: „Hvernig stendur á því, Nonni, að jörðin er flatari við pólana en annars staðar eins og sést á hnattlíkaninu."**
**Nonni: „Það veit ég ekki, ég hef ekki komið nálægt hnettinum og hann var líka svona í fyrra."**

**Amma: „Bjarni minn, góður drengur er aldrei óþægur við foreldra sína."**
**Bjarni: „Við hverja þá?"**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir




**Á ÚTKIKKI EFTIR FUGLUM** Berglind býr í Kópavogi og segir ótrúlega fjölbreytt fuglalíf þar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# SÍÐAN HEFUR BARA ALLT SNÚIST UM FUGLA

**Fuglar himinsins eru fjölbreytilegir og spennandi. Það uppgötvaði Berglind Pétursdóttir þegar hún dvaldi hjá ömmu sinni og afa á Hornafirði fyrir tveimur árum.**

***Hvað ertu gömul?*** „Ég verð þrettán ára í ágúst."

***Eftirlætisnámsgreinar?*** „Íslenska, náttúrufræði og saga."

***Hvernig kom áhugi þinn á fuglum til?*** „Ég var heima hjá ömmu minni og afa á Höfn í Hornafirði fyrir tveimur árum þegar eitthvað small í hausnum á mér og síðan hefur bara allt snúist um fugla."

***Hvaða fuglar vöktu fyrst athygli þína?*** „Allir sem ekki var auðvelt að finna og það er þannig enn. Það er svo rosalega skemmtilegt að rekast á fugl sem maður hefur aldrei séð áður."

***Hvað er skemmtilegast að við fuglana?*** „Bara lífshættir þeirra og fjölbreytileiki."

***Hverjir eru flottastir?*** „Margir, til dæmis flórgoði, straumönd og himbrimi."

***Er einhver sérstakur flokkur í uppáhaldi?*** „Pottþétt mófuglar – þeir gefa frá sér svo yndisleg hljóð."

***En tegund?*** „Já, óðinshanarnir, þeir eru ótrúlega merkilegir og skemmtilegir. Hjá þeim verpa kvenfuglarnir til dæmis eggjunum en yfirgefa hreiðrið stuttu seinna og karlfuglarnir sjá um útungun og að koma ungunum á legg. Það er sjaldgæft meðal fugla."

***Þekkir þú fuglahljóðin?*** „Já, nokkurn veginn en samt er ég miklu betri í að þekkja fuglana sjálfa."

***Hefur þú fundið mörg hreiður?*** „Já, hrossagauks, maríuerlu, óðinshana, starra, þrastar, stuttnefju, langvíu, ritu og mörg fleiri."

***Hafa kríur, kjóar eða skúmar ásótt þig?*** „Nei, sem betur fer hef ég verið laus við það."

***Hefur þekking þín á fuglum nýst í skólanum?*** „Já, í fimmta bekk vorum við að læra um fuglana og það var bara mjög gaman."

***Áttu þér fleiri áhugamál?*** „Já, til dæmis hesta og Harry Potter. Ég er einmitt að lesa Harry Potter-bækurnar í fimmta skipti núna."

***Ertu farin að spá í hvað þig langar að gera í framtíðinni?*** „Jábbs, ég ætla að fara á náttúrufræðibraut og verða fuglafræðingur."

gun@frettabladid.is

## Bókaormur vikunnar

**Hvað heitir þú fullu nafni?** Ingunn Ragnarsdóttir.

**Hvað ertu gömul?** Ég er 8 ára.

**Ertu mikill lestrarhestur?** Já.

**Hvenær lærðir þú að lesa?** Þegar ég var 6 ára.

**Hvað er skemmtilegt við að lesa bækur?** Þær eru svo spennandi.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Það var Búddi bangsabarn – óttalegt kjánaprik.

**Hvers lags bækur þykja þér skemmtilegastar?** Disney-bækur.

**Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún?** Risinn eigingjarni. Hún var skemmtileg. Hún er um risa sem vill ekki að börnin leiki í garðinum, en þá kemur ekki vorið í garðinn. Þegar börnin koma í garðinn þá kemur vorið í garðinn hjá honum og þá vill risinn að þau leiki sér í garðinum.

**Í hvaða hverfi býrð þú?** Langholtshverfi.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Langholtsskóla.

**Hvaða námsgrein er skemmtilegust?** Textíll, heimilisfræði og smíðar.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Fimleikar, sund, hjólreiðar, línuskautar og að leika með vinunum mínum.



# ÍSLAND ER MEÐ'ETTA

## Ánægjuleg upplifun á islandermedetta.is

Ylstrandir, sögustaðir, ævintýraferðir, mjúkt gras, hátíðir, íshellar, matarmenning, heilsuböð, selir, bláberjasulta. Ísland er með þetta og svo miklu, miklu meira!

Komdu á islandermedetta.is og sjáðu hvað landið þitt hefur upp á að bjóða. Hér heima er hægt að upplifa svo fjölmargt – ef þú bara vissir!


DJÚPSLÖKUN


SÍÐDEGISTRAFFÍK


45 MÍN. Á BRETTI


STRANDLAUGAR


GLUGGASÆTI


BJÖRGUNARHRINGIR


OPIN SÖFN


ÆTTARSVIPUR


HJÓLAÐ Í FRÍIÐ


FANGAÐU AUGNABLIKIÐ


ÚTIVERA


ILSTRANDIR


SÆLL!


REIÐVEGUR 1


VEIÐI DAGSINS


4 AKREINAR

H:N Markaðssamskipti / SÍA

islandermedetta.is

# krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fangi, **6.** fyrirtæki, **8.** gerast, **9.** þangað til, **11.** í röð, **12.** búðarhilla, **14.** lögunar, **16.** ekki, **17.** svif, **18.** angan, **20.** tvíhljóði, **21.** útungun eggja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tunnur, **3.** klaki, **4.** hjara, **5.** lærir, **7.** ögn, **10.** sjáðu, **13.** knæpa, **15.** drulla, **16.** trjátegund, **19.** skóli.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gísl, **6.** ms, **8.** ske, **9.** uns, **11.** rs, **12.** rekki, **14.** forms, **16.** ei, **17.** áta, **18.** ilm, **20.** au, **21.** klak.
**LÓÐRÉTT: 1.** ámur, **3.** ís, **4.** skrimta, **5.** les, **7.** snefill, **10.** sko, **13.** krá, **15.** saur, **16.** eik, **19.** ma.


**Menntaskólinn við Hamrahlíð**
www.mh.is

## STÖÐUPRÓF HAUSTIÐ 2012

Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Danska (6 einingar/10 fein*), | mán. | 20. ágúst | kl. 16:00. |
| Enska (9 einingar/15 fein*), | mán. | 20. ágúst | kl. 16:00 |
| Franska (12 einingar/20 fein*) | fim. | 16. ágúst | kl. 16:00. |
| Ítalska (12 einingar/20 fein*), | fim. | 16. ágúst | kl. 16:00. |
| Norska (6 einingar/10 fein*), | mán. | 20. ágúst | kl. 16:00. |
| Spænska (12 einingar/20 fein*), | fim. | 16. ágúst | kl. 16:00. |
| Stærðfræði (stæ103/5 fein, stæ203/5 fein , stæ263/5 fein) | fös. | 17. ágúst | kl. 16:00. |
| Sænska (6 einingar/10 fein*), | mán. | 20. ágúst | kl. 16:00. |
| Þýska (12 einingar/20 fein*), | fim. | 16. ágúst | kl. 16:00. |

**hámarks einingafjöldi sem hægt er að ná, frá og með fyrsta áfanga á framhaldsskólastigi.*

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans http://www.mh.is. Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200 eftir 12. ágúst. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 8000 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis á prófdegi, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka. Réttur til próftöku byggist á að prófgjald hafi verið greitt.

Skráning í stöðupróf sem haldin verða 13.september 2012 hefst í lok ágúst. Prófað verður í albönsku, bosnísku, eistnesku, filipísku, finnsku, grísku, hollensku, japönsku, kínversku, króatísku, litháísku, portúgölsku, pólsku, rússnesku, serbnesku, slóvensku, taílensku, tékknesku, tyrknesku, ungversku, úkraínsku og víetnömsku verða haldin. Skráning í þau próf hefst í lok ágúst.

**Rektor.**







# Vonandi skemmtið' ykkur vel

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Á Bestu útihátíðinni, sem fór fram á Gaddstaðaflötum á dögunum, var tilkynnt um eina nauðgun. Í tilkynningu frá lögreglunni kom fram að hátíðin hefði gengið vel fyrir sig að mestu, þrátt fyrir nauðgunina, líkamsárás, dóp og slys. Slíkar tilkynningar eru umdeildar og baráttukonan Hildur Lilliendahl skrifaði opið bréf til lögreglunnar á Hvolsvelli þar sem hún gagnrýndi meðal annars þetta orðalag og bætti við að hátíðin hafi verið „fullkomlega misheppnuð og skammarleg“.

**LÖGREGLAN** er ekki að ýkja þegar hún tilkynnir að hátíð hafi *að mestu* farið vel fram, þegar 95 prósent gesta haga sér eins og fólk. Það er hins vegar þessi áhersla á 95 prósentin sem er óþolandi; þegar ógeðslegir ofbeldisglæpir eins og nauðganir eru nefndar í sömu andrá og veðrið. Auðvitað er það stórfrétt að 6.000 manns geti ekki komið saman á tjaldstæði úti í sveit án þess að stelpu sé nauðgað. Að það hafi verið heiðskírt sömu helgi á ekki heima í sömu tilkynningu.

**EN AF** hverju er spjótunum beint að hátíðinni? Ef aðstandendur útihátíðar manna gæslu, eiga samstarf við yfirvöld og leysa hlutverk sitt fagmannlega (eins og lögreglan segir að hafi verið gert – ég var ekki þarna), er allt það starf til einskis þegar einhver drullusokkur tekur upp á því að nauðga? Eiga þá aðstandendur hátíðarinnar að skammast sín? Er ábyrgðin þá ekki komin af herðum gerandans? Og er það ekki það sem við viljum alls ekki?

**MIKLU** púðri er eytt í að básúna sannleikanum um að ábyrgðin sé undantekningalaust gerandans. Þess vegna skýtur skökku við að sjá aðstandendur útihátíða gerða meðábyrga fyrir skítlegu eðli nauðgara. Það má vel vera að skíthælar séu á meðal þeirra sem halda slíkar hátíðir en það skiptir ekki máli í stóra samhenginu. Það myndi ekki einu sinni skipta máli þótt Hannibal Lecter myndi halda Bestu mannátshátíðina – það yrði ekki honum að kenna ef einhver drullusokkur nauðgaði.

**EF ALLT** er gert svo að hátíðir fari vel fram er það undir gestunum komið að hegða sér samkvæmt lögum og vera ekki siðblindir aumingjar. Til að forðast nauðgun má beita ýmsum aðferðum. Hér er ein: Ef þú sérð stelpu sem þig langar að sofa hjá, ekki nauðga henni.

# myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Fáðu 3 fyrir 2 í dag




# Ora aspassúpur á afmælistilboði

Nýttu þér 60 ára afmælistilboð Ora og fáðu þrjár Ora vörur á verði tveggja. Haltu upp á afmælið með okkur. Kræktu þér í afmælistilboðið í næstu verslun. Vörurnar frá Ora endurspegla sanna íslenska ástríðu í matargerð - ómissandi meðlæti á íslenskum heimilum sem heilu kynslóðirnar hafa alist upp með. Ora hefur frá upphafi boðið Íslendingum hágæðavörur úr úrvals hráefni.

*Mundu eftir 60 ára afmælinu - nýttu þér þrennutilboðið frá Ora í næstu verslun.*




Fáðu 3 fyrir 2 í dag

Afmælistilboð
Fáðu 3 fyrir 2 í dag

Ástríða í matargerð
60
Ora í sextíu ár
1952-2012

Fáðu 3 fyrir 2 — *Skoðaðu tilboðin, uppskriftirnar og fróðleikinn á afmælisárinu á ora.is. Taktu þátt í afmælisleiknum á Facebook.*

Skoðaðu ora.is — Fylgstu með á Facebook

ora

**Mundu eftir 60 ára afmæli Ora**
**Nýttu þér 3 fyrir 2 þrennutilboðin frá Ora**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 14. júlí 2012

**Tónleikar**



**12.00** KEX Hostel og bandaríska tónlistarstöðin KEXP standa fyrir tónleikum í portinu við KEX Hostel. Fram koma 12 hljómsveitir, þar á meðal Hjálmar, Sudden Weather Change, Sóley, Agent Fresco, Tilbury og **Ghostigital**. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Þór Breiðfjörð spilar á jazzsumartónleikaröð veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu. Hann flytur dagskrá sem hann nefnir Innileika en tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Bachsveitin í Skálholti, undir leiðsögn Peters Spissky, leikur tónlist eftir Henry Purcell og Georg Friederich Händel í Skálholtskirkju. Einsöngvarar eru Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Eyjólfur Eyjólfsson tenór.

**17.00** Kvartettinn Kvika flytur þjóðlög, sönglög og sálma í sal Kaldalóns í Hörpu.

**17.00** Bachsveitin í Skálholti, undir leiðsögn Peters Spissky, leikur tónlist eftir Henry Purcell og Georg Friederich Händel í Skálholtskirkju. Einleikari er Elfa Rún Kristinsdóttir.

**Sýningar**

**15.00** Sýning Ingu Bjarkar Harðardóttur, Draumeindir, opnar í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri.

**15.00** Sýning Þorgerðar Ólafsdóttur, Happy Endings, opnar í sal Myndlistarfélagsins í Listagilinu á Akureyri.

**16.00** Unnur Óttarsdóttir opnar sýningu á skörinni hjá Handverki og hönnun, Aðalstræti 10. Þar sýnir hún nýja myndlista- og skartgripalínu sem kallast Moved by Iceland.

**Hátíðir**

**10.30** Fjölskyldu- og skeljahátíð verður haldin í Hrísey. Dagskrá má finna á heimasíðunni hrisey.net.

**Uppákomur**

**16.00** Gallerí Ágúst býður í sumarboð í tilefni af sýningarlokum sýningarinnar Kosmískir fletir andanna og fimm ára afmælis safnsins.

**20.00** Vinnslan #2 verður haldin á Norðurpólnum. Leiklist, dans, tónlist, gjörningar, myndlist, videóverk, innsetningar, uppistand og fleira í boði. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



**23.00** Hin árlega sumarstúlkukeppni Hvítahússins og Suðurland FM verður haldin í Hvítahúsinu, í samstarfi við Gallerý Ozone. Hið Alíslenska Stuðlaband fylgir svo gestum inn í sumarnóttina með sannkölluðum stórdansleik. Aldurstakmark er 18 ára og miðaverð er kr. 1.000.

**Tónlist**

**12.00** **Kári Þormar**, organisti Dómkirkjunnar í Reykjavík, spilar á tónleikum Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju. Fjölbreytt efnisskrá og miðaverð kr. 1.500. Frítt er fyrir Listavini.

**21.00** Snorri Helgason spilar á Bar 11. Að tónleikunum loknum tekur DJ við og spilar fram á rauða nótt. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** KK og Magnús Eiríksson spila á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**23.00** Beatur skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**Markaðir**

**11.00** Arnar Eggert Thoroddsen, tónlistarmógúll, selur vínylplötur og geisladiska í garðinum að Auðarstræti 13. Um 10.000 gripir af öllum toga og verð frá 100 krónum upp í 500 krónur. Opið til 17.

**Útivist**

**14.00** Fuglavernd mun leiða fuglaskoðun um friðlandið í Vatnsmýrinni alla laugardaga í sumar. Gangan hefst við Norræna húsið og er þátttaka ókeypis.

### Sunnudagur 15. júlí 2012

**Tónleikar**

**15.00** Bachsveitin í Skálholti, undir leiðsögn Peters Spissky, leikur tónlist eftir Henry Purcell og Georg Friederich Händel í Skálholtskirkju. Einsöngvarar eru Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Eyjólfur Eyjólfsson tenór.



**16.00** **Trio Scandia** heldur tónleika í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Tríóið er skipað tveimur Íslendingum, Hafdísi Vigfúsdóttur og Kristjáni Karli Bragasyni, og einum Norðmanni, Linn Annett Ernø. Miðaverð er kr. 2.000 en ókeypis fyrir 16 ára og yngri.

**17.00** Kvartettinn Kvika flytur þjóðlög, sönglög og sálma í sal Kaldalóns í Hörpu.

**20.00** Kammerhópurinn Stilla heldur tónleika á Bergi á Dalvík. Hópurinn er skipaður strengjakvartett og söngvurum. Yfirskrift tónleikanna er Tónlist frá ýmsum löndum - Rússland, Frakkland, Ítalía, Svíþjóð, Ísland, Rúmenía og Írland. Miðaverð er kr. 2.500/1.500.

**Hátíðir**

**10.30** Fjölskyldu- og skeljahátíð verður haldin í Hrísey. Dagskrá má finna á heimasíðunni hrisey.net.



**13.00** Harmonikuhátíð Reykjavíkur verður haldin í Árbæjarsafni. Margir okkar bestu og þekktustu harmonikuleikara spila. Allir velkomnir.




# Byggja á popp-kúltúr í sápuóperustíl

Nanna Gunnarsdóttir útskrifaðist nýlega úr Rose Bruford College of Theatre and Performance í London. Þar nam hún evrópsk leikhúsfræði. „Það er aðallega leiklist en við lærum einnig dálítið um leikstjórn, leikmyndagerð, leikhönnun og fleira sem tengist leikhúsi.“ Aðaláherslan er á nýsköpun og hópavinnu.

Á sunnudagskvöld býður Nanna Íslendingum að sjá útskriftarverk sitt úr skólanum. Það ber heitið „Þetta er Brad heimur“ eða á ensku „It's a Brad World“. Nanna segist byggja sýninguna á list popplistamannsins Roy Lichtensteins: „Ég skoða hvernig ég get fært listrænt ferli Lichtensteins yfir á leiksviðið og gert sýningu úr því. Ég notast meðal annars við skuggamyndir. Lichtenstein vann mikið upp úr því sem taldist til lélegrar listar í samfélaginu og það er það sem ég er búin að vera að gera; skoða lélega list,“ segir hún og hlær. „Sýningin er byggð á popp-kúltúr í sápuóperustíl.“

Titillinn er dálítið sérstakur en hann er einnig vísun í Lichtenstein og teiknimyndamálverk hans. „Næstum því alltaf þegar hann sýnir kvenpersónur í málverkum sínum sem eru voðalega kvenlegar og ósjálfbjarga, þá er alltaf talað um Brad. Hann er svona staðalímynd karlmannsins sem kemur og bjargar málunum,“ segir Nanna og hlær.

Leikararnir sem taka þátt í sýningunni á sunnudaginn eru hinir sömu og léku í verkinu úti í London. Auk þeirra verður einn heiðursgestur. „Já, hann kemur frá Kostaríka,“ segir Nanna og brosir. „Hann er mættur til landsins. Hann fer með stórt hlutverk í sýningunni en segir ekki mikið.“

Nanna hugsaði sýninguna fyrir vini og vandamenn sem höfðu ekki tækifæri til að sjá sýninguna úti í London og einnig fyrir hverja þá sem hafa áhuga á leiklist og nýsköpun í þeim geira. Aðeins ein sýning er á dagskrá á Íslandi en ef það verður mjög góð aðsókn segist hún geta bætt við aukasýningu sama kvöld. Leikararnir verða aftur á móti aðeins á landinu í fimm daga og því er tíminn naumur. Leiksýningin er um það bil hálftími í flutningi og Nanna vonast til að sjá sem flesta í Gaflaraleikhúsinu á sunnudaginn klukkan átta.

halla@365.is



**NÝÚTSKRIFUÐ** Sýning Nönnu og félaga er byggð á popp-kúltúr og er í sápuóperustíl. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## → Opið hús

**13.00** Bærinn **Krókur á Garðaholti** í Garðabæ er opinn á sunnudögum í sumar. Krókur er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923. Hann er staðsettur ská á móti samkomuhúsinu á Garðaholti og stutt frá Garðakirkju. Aðgangur er ókeypis.

## → Leikrit

**20.00** Verkið Brad World eða Brad Heimur verður sýnt í Gaflaraleikhúsinu. Verkið er útskriftarverk Nönnu Gunnars úr Rose Bruford College of Theatre and Performance í London. Fögnuður verður haldin á Faktorý á Smiðjustíg að sýningu lokinni.

## → Tónlist

**14.00** Magnús Einarsson, Karl Pétur Smith og Tómas Tómasson leika tónlist úr ýmsum áttum á veitingastaðnum Víkinni, Sjóminjasafninu Grandagarði 8. Leikið verður úti á sólpallinum ef veður leyfir og aðgangseyrir er enginn.

**16.00** Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari spila Bach, Tchaikovsky og Chausson á Gljúfrasteini. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**16.00** Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Kári Þormar, organisti Dómkirkjunnar í Reykjavík, spilar á tónleikum Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju. Fjölbreytt efnisskrá og miðaverð kr. 2.500. Frítt er fyrir Listavini.

## → Leiðsögn

**13.00** Sigurjón Pétursson sér um leiðsögn á ensku um ljósmyndasýningu sína, Aðventa á Fjöllum, í Þjóðminjasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis.

**14.00** Farið verður með leiðsögn um uppgraftarsvæðið á Alþingisreit í miðbæ Reykjavíkur. Lagt verður af stað frá Aðalstræti framan við Landnámssýninguna.

**14.00** Sigurjón Pétursson leiðir gesti um ljósmyndasýningu sína, Aðventa á Fjöllum, í Þjóðminjasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis.

## → Markaðir

**17.00** Arnar Eggert Thoroddsen, tónlistarmógúll, selur vínylplötur og geisladiska í garðinum að Auðarstræti 13. Um 10.000 gripir af öllum toga og verð frá 100 krónum upp í 500 krónur. Opið til 17.



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


SENSAI

BRONZING GEL

Sensai Bronzing gelið frá Kanebo er framleitt úr 70% vatni og hinu einstaka Koishimaru silki. Það sveipar húðina frískandi raka og gegnsæjum lit sem heldur húðinni rakri og geislandi fallegri.

„Þetta gel er bara snilld! Ég hef notað það í mörg ár, bæði eitt og líka blandað við Make Up. Húðin fær aukinn ljóma. Elska þetta gel og nota það daglega. Mæli algjölega með því!“

***Ásdís Oddgeirsdóttir***

„Þetta er vara sem er alveg ómissandi. Hef alltaf verið í vandræðum með að nota meik því ég er með svo þurra húð. Eftir að ég kynntist Sensai Bronzing gelinu var öllu mínu meiki hent og nota ég gelið eingöngu og á hverjum degi. Þetta er sko mitt uppáhalds.“

***Guðrún Viðarsdóttir***

„Bronzing gelið frá Kanebo er án efa ein mesta snilldar uppfinning í húðvörum sem framleidd hefur verið fyrir konur og karla. Það er göldrum líkast því þetta hefur svo margslungna eiginleika s.s. þetta „Natural Glow“, raka, fallegan lit og hæfilega þekju. Yfir sumartímann er þetta nóg eitt og sér og yfir veturinn er þetta „lifesaver“ fyrir okkur þegar húðin er orðin föl og litlaus. Einn af mörgum kostum er að gelið smitast ekki í föt og þess vegna er óhætt að setja það á háls og bringu. Segi það og skrifa, get ekki verið án þess. Love it! “

***Sif Davíðsdóttir***

„Bronzing gelið er ómissandi eins og maskarinn! Gefur fullkominn lit og er svo léttur farði á húðina. Mér líður allavega ekki eins og ég sé með grímu eins og oft þegar ég reyni að setja á mig meik! Mér finnst húðin alltaf í góðu jafnvægi því gelið gefur svo mikinn raka. Það er nauðsynlegt þegar maður til dæmis flýgur mikið eins og ég, þar sem ég vinn sem flugfreyja á sumrin og bý í Noregi og flakka mikið á milli til Íslands.“

***Birna Ósk Sigurbjartsdóttir***




Kanebo
INTERNATIONAL

# Þjappaði fjölskyldunni saman



**SAMHELDIN SYSTKIN** Indíana og Gísli Matthías Auðunsbörn reka veitingastaðinn Slippinn í Vestmannaeyjum ásamt foreldrum sínum.

Veitingastaðurinn Slippurinn opnaði við höfnina í Vestmannaeyjum á föstudaginn síðasta. Staðurinn er fjölskyldurekinn og að sögn Indíönu Auðunsdóttur, framkvæmdastjóra Slippsins, hefur reksturinn gert fjölskylduna samheldnari en áður.

Að sögn Indíönu ákvað fjölskyldan að láta gamlan draum rætast þegar svonefnt Magnahús í Eyjum bauðst þeim til afnota. Húsið hýsti eitt sinn vélsmiðju en hefur verið nýtt sem geymsla fyrir veiðarfæri síðustu þrjá áratugi.

„Við reyndum að endurnýta sem mest af þeim efnivið sem hér var og smíðuðum þannig borðin úr gömlum bátsfjölum og gólfin okkar voru áður fjalir úr gamalli netagerð hér í Eyjum," útskýrir Indíana, sem rekur staðinn ásamt bróður sínum, Gísla Matthíasi kokki, móður sinni, Katrínu Gísladóttur, og föður sínum, Auðuni Stefnissyni sjómanni.

Veitingastaðurinn hefur verið fullbókaður frá því hann opnaði og viðurkennir Indíana að viðtökurnar hafi komið fjölskyldunni skemmtilega á óvart. Þegar hún er innt eftir því hvort það sé erfitt að vinna svo náið með fjölskyldu sinni er Indíana fljót til svars: „Nei, alls ekki. Þetta hefur bara þjappað okkur betur saman og samstarf okkar er gott. Við skiptum verkum á milli okkar þannig að hver og einn er með sitt sérsvið og það hefur gengið vel. Það þýðir ekkert annað en að vera samheldin og samstiga í þessu."

Veitingahúsið verður rekið í allt sumar og fram á haust en þá munu fjölskyldumeðlimirnir snúa sér að öðrum verkum. Indíana er menntaður myndlistarmaður og starfar hjá Nýló en Gísli Matthías hyggst leggja land undir fót og víða að sér meiri þekkingu í kokkafaginu. Foreldrar þeirra systkina munu þó dvelja áfram í Vestmannaeyjum og reka Slippinn sem veislusal fram að næsta sumri. „Veitingastaðurinn verður opnaður aftur næsta sumar og þá komum við Gísli til baka. Þetta verður svolítið eins og að fara á vertíð í Eyjum," segir Indíana að lokum og hlær. **- sm**

# Ekki hrifin af Rihönnu



**PASSAR BÖRNIN** Angelina Jolie passar vel upp á að börn sín hlusti ekki á dónalega lagatexta.

Angelina Jolie vill ekki að börn sín hlusti á tónlist Rihönnu. Leikkonunni mun þykja textar Rihönnu óviðeigandi og vill ekki að börn sín læri slík orð.

„Pax söng lagið Birthday Cake og hló mikið að blótsyrðunum og Angelina var alls ekki sátt. Hún vill að börnin haldi sakleysi sínu sem lengst og gerði geisladiskinn upptækan," sagði innanbúðarmaður og bætti við að Jolie fylgist einnig vel með netnotkun barnanna.

Jolie og Brad Pitt eiga saman sjö börn og er Maddox Jolie-Pitt, ellefu ára, elstur þeirra.





SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL. 1(TILB) - 3.20 - 5.40 | L |
| ÍSÖLD 4 3D ENSK. ÓTEXT | KL. 8 | L |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 1(TILB) - 3.20 | L |
| TED | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| TED LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 1(TILB) - 5 -8 -10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D LÚXUS | KL. 2 - 5 | 10 |
| SPIDER-MAN 2D | KL. 1(TILB) - 5 - 10.10 | 10 |
| WHAT TO EXPECT | KL. 8 | L |
| PROMETHEUS 3D | KL. 10.25 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL. 3(TILB) - 5.50 | L |
| TED | KL. 8 – 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL 3(TILB) - 6 - 9 | 10 |
| STARBUCK | KL. 8 | L |
| WHAT TO EXP. | KL 10.25 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 3(TILB) -5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| MIB | KL. 3(TILB) - 5.30 | 10 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 4 3D | KL. 2 - 4 - 6 | L |
| ÍSÖLD 4 2D | KL. 2 - 4 | L |
| SPIDERMAN 3D | KL. 8 - 10.30 | 10 |
| TED | KL. 8 - 10 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 6 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| TED | 5.50, 8, 10.15 |
| ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 3D | 2, 4, 6 |
| ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 2D | 2 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 3D | 10.20 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 2, 4 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE VIP | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
